


# Valsblaðið



58. árgangur 2006



Leggðu góðu málefni lið  
Það er auðvelt að skipta máli. Nú getur þú styrkt 70 góð málefni í Einkabankanum og Fyrirtækjabankanum. Það er auðvelt að byrja og auðvelt að hætta.



Landsbankinn

Banki allra landsmanna í 120 ár

Á bak við hvern  
meistarakokk  
eru gæði  
og traust

**SIEMENS**



Veldu úr miklu úrvali  
**stórra og smárra eld-  
hússtækja frá Siemens**  
sem gera þér lífið létt í  
dagsins önn.

**Veldu rétt, veldu gæði,  
endingu og traust.**

**SMITH &  
NORLAND**

Nóatúni 4 • 105 Reykjavík  
Sími 520 3000 • [www.sminor.is](http://www.sminor.is)



# Fuglarnir og sólin — og jólin



Sr. María Ágústsdóttir

Eins og allir sannir Valsarar vita eru í ár liðin 95 ár frá stofnun fótboltafélags KFUM, en það hét félagið fyrst. Síðar sama ár var nafninu breytt í Valur og segir sagan að þegar drengirnir, sem stofnuðu félagið ásamt sr. Friðriki Friðrikssyni, unnu að endurbótum á knattspyrnuvellið á Melunum hafi fálki sveimað yfir höfðum þeirra og af því hafi nafnið verið valið. Merki félagsins á líka stórt afmæli því liðin eru 80 ár frá gerð þess. Það er – eins og sjá má hér neðar á síðunni - skjöldur með mynd af fálka eða val með knött í klónum og sólin sveipar hann geislum sínum líkt og vængjum í litum Vals, rauðum og bláum.



*En yfir yður, sem óttist nafn mitt, mun réttlætissólin upp renna með græðslu undir vængjum sínum, og þér munuð út koma og leika yður eins og kálfar, sem út er hleypt úr stúu... (Ml. 4.2)*

Fálkinn er afar merkilegur fugl, eins og sést af því að hann var áður í skjaldarmerki Íslands og að helsta heidursmerki Íslendinga, fálkaorðan, er kennd við hann. Finnast tvær tegundir af ættinni

hér á landi og raunar þrjár, því minnsti íslenski ránfuglinn, smyrillinn, er líka af fálkaætt. Fálkinn er alfríðaður og helst stærð stofnsins mjög í hendur við fjölda rjúpna, sem eru eftirlætismatur hans. Gaman er að lesa um fálkann og aðra fugla á [www.natkop.is](http://www.natkop.is).

Í Biblíunni er líka talað um fugla. Þannig segir t.d. hjá Jesaja spámanni: „Ungir menn þreytast og lýjast, og æskumenn hníga, en þeir, sem vona á Drottin, fá nýjan kraft, þeir fljúga upp á vængjum sem ernir. Þeir hlaupa og lýjast ekki, þeir ganga og þreytast ekki“ (Jes. 40.30-31). Ekki amalegur boðskapur handa hreyfinglöðu fólki! Og Jesús Kristur, hann sem fæddist í allsleysi og úrræðaleysi foreldra sinna, segir við okkur: „Lítið til fugla himinsins. Hvorki sá þeir né uppskera né safna í hlöður og faðir yðar himneskur fæðir þá“ (Mt. 6.26).

En hvað er það sem tengir knattspyrnufélagið Val við íslenska fálkann með sínar oddhvössu klær og arnarsjón? Það er tígulleiki fuglsins sem hrifur hugann, hvernig hann lifur um loftið og breiðir úr sínum miklu vængjum. Valurinn minnir okkur á hæstu hæðir og hvernig allt sem lifir er öðru háð. Jafnvel í rándýrseðlinu, sem maðurinn og fálkinn virðast eiga sameiginlegt, má sjá lífið að verki og aðdáun vekja hin skörpu augu sem greina rjúpuna hvítu í snjóbreiðunni langt að úr loftinu.

Það er hins vegar sólin sjálf, sem á lokaorðið í merki Vals. Hún er rauð eins og ástin, kjarkurinn, krafturinn, rauð eins og borðarnir á jólaböggglunum. Sólin minnir á orð eins minni spámanna Biblíunnar, Malakí, sem oft hafa verið lesin í kirkjum landsins á öðrum sunnudegi í adventu: „En yfir yður, sem óttist nafn mitt, mun réttlætissólin upp renna með græðslu undir vængjum sínum, og þér munuð út koma og leika yður eins og kálfar, sem út er hleypt úr stúu“ (Ml. 4.2).

Eins og sólin bræðir snjóinn og þokar landinu okkar kalda í átt til sumars græðir Guð börnin sín, þ.e. gerir þau heil, og leysir þar með leikgleðina úr læðingi.

Það eru ekki alltaf jólin og suma daga sést ekki til sólar, en látum það ekki ræna okkur gleðinni og eftirvæntingunni sem felst í því að vita að hvort tveggja muni aftur renna upp. Eins er því varið með Jesú Krist: Við finnum ekki alltaf fyrir veru hans en megum treysta því að við, eins og fuglar himinsins, getum sótt til hans kraft og skjól, bæði hversdags og um jól.

Þið munið eftir einkunnarorðum sr. Friðriks, sem rituð eru á styttuna af honum fyrir utan Friðrikskapellu: *Látið aldrei kappið bera fegurðina ofurlíði*. Fálkinn í Valsmerkinu gæti verið kappið, tákn þess að hverjum leikmanni ber að nýta krafta sína, útsjónarsemi og hæfni til að stuðla að sigri liðsins í samvinnu við féлага sína. Þá er sólin tákn fegurðarinnar, leikgleðinnar og þeirrar græðslu sem Guð gefur. Þannig ætti lífsgleðin að vera sigurgleðinni fremri. Njótum þess að spila og lifa – ekki bara til að vinna!

Til hamingju með 95 farsæl ár í þágu íslenskrar æsku, Valsarar, og gleðileg jól til ykkar allra.

*Sr. María Ágústsdóttir er héraðsprestur með aðsetur í Hallgrímskirkju*



# www.valur.is



## Valsmenn, léttir í lund

Valsmenn, léttir í lund  
leikum á sérhverri stund.  
Kætin kringum oss er  
hvergi er fjörugra en hér.  
Lífið er okkur svo kunnugt og kært,  
kringum oss gleði nú hlær.  
Látum nú hljóma í söngvanna sal  
sveinar og meyjar í Val.  
Já, Valmenn, við sýnum og sönnum  
söguna gömlu þá,  
að við séum menn með mönnum  
sem markinu skulu ná.

Valmenn, léttir í lund....  
(lagið sungið aftur)

## Vængjum þöndum

**Lag:** Stefán Hilmarsson &  
Friðrik Sturluson  
**Texti:** Stefán Hilmarsson

Í gegnum tíðina traustir menn  
á tímamótum við stöndum enn  
með viljann að vopni lið  
viðhalda fornum sið

Sem Gunnar forðum við höfum hér  
að Hlíðarenda vort höfuðver  
við eflumst við hverja þraut  
við sérhvern keppinaut

Valur nú vængjum þöndum  
við gefum engin grið  
Valur nú styrkir stöndum  
og stefnum uppá við

Sýnum nú megin og okkar mátt  
og markið setjum að venju hátt  
já tryggjum nú sigurinn  
til móts titilinn

Valur nú vængjum þöndum  
við gefum engin grið  
Valur nú styrkir stöndum  
og stefnum áfram

Valur nú vængjum þöndum  
við gefum engin grið  
Valur nú styrkir stöndum  
og stefnum uppá við



## Meðal efnis:

- 4 Jóláhugveikja**
- 14 Tilhlökkum að byrja að vinna fyrir Val**  
*Dagur Sigurðsson nýráðinn framkvæmdastjóri Vals.*
- 18 Kveðja frá Stuðurum**
- 20 Dreymir um að komast á stórmót**  
*Margrét Lára Viðarsdóttir besti leikmaður Landsbankadeildar kvenna og markadrottning í viðtali.*
- 34 Valstjölsskyldan**  
*Feðgarnir Edvard Edvardsson, Börkur, Óthar og Skúli segja stöðu Vals sterka um þessar mundir.*
- 38 Hver er Valsmaðurinn?**  
*Hinn stungi og eini sanni Hemmi Gunn í ítarlegu viðtali.*
- 46 95 ára afmæli Vals 11. maí 2006**  
*Ýmsar viðurkenningar voru veittar á 95 ára afmælinu.*
- 50 Valur Íslands- og bikarmeistarar 2006**  
*Myndasýrpa af meistaraflokki kvenna í knattspyrnu.*
- 56 Björt framtíð í körfuboltanum hjá Val**  
*Viðtal við Svala Björgvínsson körfuknattleiksmann.*
- 86 Hugsum vel um yngri flokkana**  
*Ágúst Jóhannsson þjálfari í útarlegu viðtali.*
- 92 Viðtal við Frey Alexandersson**

*Forsíðumynd. Íslands- og bikarmeistarar Vals í kvennaknattspyrnu 2006 með Íslandsmeistarabikarinn. Efri röð frá vinstri: Theodór Sveinþjónsson aðstoðarþjálfari, Elísabet Gunnarsdóttir þjálfari, Thelma Ýr Gylfadóttir, Laufey Jóhannsdóttir, Margrét Magnúsdóttir, Rut Bjarnadóttir, Sara Sigurlásdóttir, Hlíf Hauksdóttir, Guðný Björk Óðinsdóttir, Guðrún María Þorbjörnsdóttir, Pála Marie Einarsdóttir, Málfríður Erna Sigurðardóttir, Ásthildur Margrét Hjaltadóttir, María Rós Arngrímsdóttir, Ragnheiður Ágústa Jónsdóttir liðsstjóri, Ólafur Pétursson markmannsþjálfari, Jóhannes Már Marteinsson sjúkrahjálfi. Nedri röð frá vinstri: Andrea Ýr Gústavsdóttir, Margrét Lára Viðarsdóttir, Rákel Logadóttir, Katrín Jónsdóttir, Guðbjörg Gunnarsdóttir, Hallbera Guðný Gísladóttir, Ásta Árnadóttir, Lilja Gunnarsdóttir, Ása Dögg Adalsteinsdóttir.*

### Valsblaðið • 58. árgangur 2006

**Útgefandi:** Knattspyrnufélagið Valur, Hlíðarenda við Laufásveg

**Ritstjóri:** Guðni Olgeirsson

**Ritnefnd:** Gestur Svansson, Gunnar Zoëga, Margrét Ívarsdóttir, Stefán Karlsson, Sævaldur Bjarnason og Þorgrímur Þráinsson

**Auglýsingar:** Kjartan Orri Sigurðsson, Sveinn Stefánsson og Guðni Olgeirsson

**Ljósmyndir:** Finnur Kári Guðnason, Guðni Olgeirsson, Guðni Karl Harðarson, Sævaldur Bjarnason, Jón Gunnar Bergs, Ásbjörn Þór o.fl.

**Prófarkalestur:** Sigurður Konráðsson

**Prentun og bókbönd:** Ísafoldarprentsmiðja ehf.

**Umbrot:** Davíð Gunnarsson

Valsblaðið 2006

# Glæsilegri mannvirkjauppbyggingu lýkur senn og gróska í félagsstarfinu

## Skýrsla aðalstjórnar árið 2006



Aðalstjórn Knattspyrnufélagsins Vals 2006-2007 í Valsheimilínu í desember 2006. Efri röð frá vinstri: Hans Herbertsson, Hörður Gunnarsson, Gunnar Zoëga, Karl Axelsson, Árni Magnússon og Elín Konráðsdóttir. Neðri röð frá vinstri: Stefán Karlsson, Grímur Sæmundsen formaður og Ótthar Edvardsson aðstoðarframkvæmdastjóri. Á myndina vantar Börk Edvardsson.

### Stjórnun félagsins

Aðalfundur ársins 2005 var haldinn 27. júní sl. Ný stjórn var kosin á fundinum og er hún þannig skipuð:

Grímur Sæmundsen, *formaður*  
Hörður Gunnarsson, *varaformaður*  
Elín Konráðsdóttir, *ritari*  
Hans Herbertsson, *gjaldkeri*  
Árni Magnússon, *meðstjórnandi*  
Karl Axelsson, *meðstjórnandi*  
Börkur Edvardsson, *formaður knattspyrnudeildar*  
Stefán Karlsson, *formaður handknattleiksdeildar*

Gunnar Zoëga, *formaður körfuknattleiksdeildar*

### Mannabreytingar

Talsverðar mannbreytingar urðu á starfslíði að Hlíðarenda á liðnu ári.

Hinn 1. desember 2005 tók Pétur Stefánsson rekstrarhagfræðingur við starfi framkvæmdastjóra hjá Val. Hann hætti störfum 1. júlí sl. Ótthar Edvardsson sinnti störfum framkvæmdastjóra sem verktaki það sem eftir

lifði sumars, en í september sl. var Dagur Sigurðsson, fyrrum landsliðsfyrirlíði í handknattleik og núverandi þjálfari Bregenz í Austurríki ráðinn framkvæmdastjóri Vals. Dagur er annálaður Valsmaður og hefur alls staðar þar sem hann hefur dregið niður fæti verið í leiðtogahlutverki. Væntir stjórn Vals mikils af störfum Dags sem leiðtoga alls daglegs starfs að Hlíðarenda í framtíðinni. Ótthar var síðan ráðinn í fast starf aðstoðarframkvæmdastjóra í september sl. og verður hann Degi innan handar og staðgengill hans þar til Dagur kemur til fullra starfa næsta vor. Pétur Veigar Pétursson, íþróttakennari sinnti áfram starfi íþróttfulltrúa. Kjartan Orri Sigurðsson leysti Pétur af í feðraorlofi hans og hefur síðan haldið áfram störfum á skrifstofunni og sinnt ýmsum tilfallandi verkefnum. Þá sinnti Magdalena Gestsdóttir bókaraustörfum og Sigríður Þórarinsdóttir almennum skrifstofustörfum sem fyrr, báðar í hlutastarfi. Gestur Svansson kom til starfa sem húsvörður á árinu og ekki



Hörður Gunnarsson varaformaður Vals afhendir Sverri Traustasyni húsverði gullmerki Vals í viðurkenningarskygni fyrir vel unnin störf í þágu félagsins, á afmælishátíðinni 11. maí 2006.



má gleyma Sverri Traustasyni sem enn sinnir húsvarðarstörfum og yngist með hverju árinu sem líður. Öllu þessu fólki eru þökkuð vel unnin störf fyrir Val.

## Uppbygging að Hlíðarenda

Framkvæmdir við ný íþróttamannvirki að Hlíðarenda hófust snemmsumars á síðasta ári og hafa Valsmenn séð mannvirkni taka á sig mynd á þeim tíma sem síðan er liðinn. Eru þau stórglæsileg. Ákveðið hefur verið að vígja nýja íþróttahúsið og tengibyggingu á 96 ára afmæli Vals 11. maí nk. og gert er ráð fyrir að afreksmenn og afrekskonur Vals spili fyrir fullri stúku Valsmanna á nýjum aðalkeppnisvelli að Hlíðarenda um mitt næsta sumar. Keppnisvöllurinn verður vandaðasta mannvirkni sinnar tegundar á Íslandi. Hann verður upphitaður með vökvunarkerfi og yfirbreiðslu. Þetta kerfi á að auka nýtingarhæfni auk þess að gera kleift að nýta völlinn fyrir á vorin og síðar á haustin en hingað til hefur verið unnt. Nýjar grasflatir til knattspyrnuæfinga voru teknar í notkun um mitt síðastliðið sumar en flatirnar samsvara tveimur knattspyrnuvöllum í fullri stærð til æfinga og keppni. Þá bætist við einn knattspyrnuvöllur til viðbótar vestar í mýrinni sem tekinn verður í notkun sumarið 2008.

Framkvæmdatími hefur reynt aðeins lengri en menn vonuðust til þannig að iðkendur handknattleiks og körfuknattleiks í félaginu hafa áfram þurft að þreyja þorrann í útlegð í Laugardalshöll og íþróttahúsi KHÍ í vetur, en því meiri er tilhlökkunin að njóta þeirrar frábæru aðstöðu sem verður að veruleika að Hlíðarenda á næstu leiktíð og í allri framtíð.

Hinn 4. apríl sl. var skrifað undir þríliða samkomulag Reykjavíkurborgar,



*Glæsileg mannvirki að rísa. Ný tengibygging og 1500 manna stúka við nýjan væntanlegan aðalkeppnisvöll að Hlíðarenda. Mynd tekin um miðjan desember 2006.*

Vals og Valsmanna hf. um framkvæmdir í Vatnsmýri og jafnframt var skrifað undir samning milli Vals og Reykjavíkurborgar um byggingu knattþúss að Hlíðarenda. Er stefnt að því að taka fyrstu skóflustungu að nýju knattþúsi 11. maí nk. Knattþúsið mun liggja samsíða aðalkeppnisvelli félagsins gegnt íþróttahúsinu og stúku þess og verður önnur stúka fyrir keppnisvöllinn sambyggð knattþúsinu. Verða þá sæti fyrir 3000 manns að Hlíðarenda og völlurinn sannarlega glæsilegasti keppnisvöllur félagsliðs á Íslandi í knattspyrnu. Gert er ráð fyrir að framkvæmdum við knattþúsið ljúki vorið 2008, en það verður með 12 m lofthæð, óhitað og svipaðrar gerðar og knattþús sem nýlega var tekið í notkun á Akranesi.

Þegar þessum framkvæmdum verður öllum lokið verður aðstaða að Hlíðarenda til iðkunar knattspyrnu, handknattleiks og körfuknattleiks með því besta sem gerist á Íslandi.

Undanfarin tvö ár hafa verið erfið fyrir iðkendur, stjórnendur félagsins og aðra félagsmenn vegna þess aðstöðuleysis sem óneitanlega hefur fylgt mikl-

um framkvæmdum á félagssvæðinu að Hlíðarenda. En öll él styttir upp um síðir og munu Valsmenn njóta ávaxta þrautseigju sinnar ríkulega.

## Hefðbundið starf

Frammistaða meistaraflokks kvenna í knattspyrnu stendur upp úr í afreksstarfi Vals á þessu ári og prýða stúlkurnar forsiðu Valsblaðsins að þessu sinni. Þær urðu Íslands- og bikarmeistarar með glæsibrag. Ekki er á neinn hallað þó að nefnd sé frábær frammistaða Margrétar Láru Viðarsdóttur sem varð langmarkahæst í úrvalsdeildinni og kórónaði frammistöðu sína með þremur mörkum í úrslitaleik bikarsins gegn Breiðabliki.

Að venju var íþróttamaður Vals valinn á gamlársdag. Bjarni Ólafur Eiríksson, bakvörður meistaraflokks karla í knattspyrnu, fékk heiðurstílinn „Íþróttamaður Vals árið 2005“ en hann átti frábært keppnistímabil í bikarmeistaraliði Vals. Bjarni Ólafur fór í atvinnumennsku til Silkeborgar í Danmörku fyrir þessa leiktíð og hefur staðið sig vel.

*Íslandsmeistaratitillinn í höfn hjá meistaraflokki kvenna í knattspyrnu. Liðið náði frábærum árangri á tímabilinu og varð auk þess VISA bikarmeistari. Fagnað með videigandi hætti.*







Stoltir félagar í nýju stúkunni að Hlíðarenda með heiðursorðu Vals sem þeir voru sæmdir á afmælishátíðinni 11. maí 2006. Frá vinstri: Reynir Vignir fyrrverandi formaður Vals 1994-2002, Grímur Sæmundsen formaður Vals og Hörður Gunnarsson varaformaður. Reynir Vignir kvaðst ánægður með að fá þessa viðurkenningu og vera þar með kominn í hóp með mörgum mætum Valsmönnum sem fengið hafa orðuna á undanförunum áratugum fyrir störf sín fyrir félagið. Hann segist að sjálfsögðu verða eins og aðrir í þeim hópi reiðubúinn að vinna næsta verk sem fellur til fyrir Val. Hörður Gunnarsson sagði einnig að það væri sér mikil ánægja og mikill heiður að hafa verið sæmdur heiðursorðu Knattspyrnufélagsins Vals og vera þar með kominn í hóp með bestu og virtustu sonum þessa félags. „Mér þykir mjög vænt um þessa viðurkenningu sem og aðrar sem félagið hefur sæmt mig á þeim 18 árum sem ég hef setið í stjórnnum á vegum Vals. Það er uppörvun fyrir alla að fá viðurkenningu fyrir störf sín þó það sé í mínu tilfelli ekki takmark eitt og sér. Miklu meira er um vert að geta litið um öxl og séð að störfín sem innt hafa verið af hendi fyrir Val hafi komið félaginu og æsku borgarinnar að einhverjum notum. Eins og gefur að skilja hef ég yfirleitt haft ánægju af stöfum mínum fyrir Val í gegnum árin þó á því hafi verið undantekningar sérstaklega á því tímabili í sögu félagsins þar sem illa gekk innan vallar og fjárhagsstaða okkar var döpur. Á því tímabili fannst mér ekki sæmandi sönnum Valsmanni að gefast upp og hverfa á braut. Síðustu 5 ár eða svo hafa verið mjög spennandi og gefandi fyrir stjórnendur félagsins enda hefur á þeim tíma verið lagður grunnur að glæstri framtíð og uppbyggingu Vals sem fyrst og síðast byggist á stórhuga framtíðarsýn og breyttri landnýtingu á lóðum félagsins. Valur hefur veitt mér það mikla ánægju í gegnum árin að mér finnst að félagið eigi vinnuframlag mitt inni. Það er að verða mun erfiðara að fá fólk til starfa í félagsstöfum en ég hvet fólk til að koma og taka þátt í starfi Vals með einhverju móti, því það er víða hægt að bera niður þó að menn sitji ekki í stjórnnum. Það eru spennandi tímar framundan og glæsileg aðstaða þannig að allir eiga að geta fengið ánægju út úr stöfum innan Vals og í leiðinni er verið að vinna að forvarnarstarfi fyrir æsku borgarinnar og það er ærið verkefni,“ sagði Hörður.

Vorgleði Vals var ekki haldin að þessu sinni vegna aðstöðuleysis og verður ekki heldur í vor. Það er þess meira til-

hlökkunarefni að halda hana þegar nýja íþróttahúsið verður komið í notkun. Vorgleðin tókst frábærlega vel í þau tvö

skipti sem hún hefur verið haldin og festir sig vonandi í sessi sem ómissandi þáttur í félagsstarfinu.



*Valskórinn tekur lagið á afmælishátíðinni 11. maí 2006.*

95 ára afmæli Vals var haldið hátíðlegt hinn 11. maí síðastliðinn. Dagurinn hófst að venju með samverustund við stytta séra Friðriks að Hlíðarenda en síðdegis var afmælishóf í veitingasal íþrótt- og sýningarhallarinnar í Laugardal. Við það tækifæri var hópur Valsmanna sæmdur silfurmerki og gullmerki félagsins auk þess sem þrír Valsmenn voru sæmdir Valsorðunni, en hún er æðsta viðurkenning félagsins utan heiðursfélaganafnbót- ar. Þetta voru þeir Grímur Sæmundsen, formaður Vals, Hörður Gunnarsson, varaformaður Vals og Reynir Vignir fyrrverandi formaður Vals, en þessir herrar hafa verið í forystu nýrrar uppbyg-

ingar að Hlíðarenda frá byrjun. Var mál manna að afmælisdagskráin hefði heppnast mjög vel en þau Elín Konráðsdóttir og Karl Axelsson höfðu veg og vanda af undirbúningi hennar.

Sumarbúðir í borg gengu mjög vel miðað við erfiðar aðstæður vegna framkvæmda að Hlíðarenda.

Herrakvöld Vals var á sínum stað fyrsta föstudag í nóvember. Jón Pétur Jónsson var veislustjóri og Illugi



*Nokkrir Stuðarar að spá í spilin. Frá vinstri: Gísli Níelsson, Gestur Svansson, Svanur Gestsson, Sævar Gunnleifsson og Guðlaugur Ottesen.*



*Áslaug Birgisdóttir fulltrúi Landsbankans og Jón Höskuldsson formaður unglingaráðs á uppskeruhátíð knattspyrnudeildar en bankinn styður við starfsemi yngri flokka í öllum deildum.*

Gunnarsson, verðandi alþingismaður, var ræðumaður kvöldsins. Um 240 gestir sóttu herrakvöldið sem er frábær þátttaka í ljósi þess að hófið fór nú fram fjarri heimahögum eins og 95 ára afmælið, í veitingasal íþrótt- og sýningarhallarinnar í Laugardal.

Valsblaðið kemur nú í fjórða sinn út undir stjórn ritstjórans Guðna Ólgeirssonar. Metnaður Guðna fyrir hönd blaðsins er mikill og er það nú allt litprentað eins og í fyrri. Guðni hefur

staðið sig með eindæmum vel og vonandi njótum við Valsmenn starfskrafta hans sem lengst. Er honum og Þorgrími Þráinssyni, sem er nú formaður ritnefndar, færðar þakkir fyrir ómetanlega mikilvægt starf. Stjórn Vals hefur ákveðið að láta prenta Valsblaðið í 11000 eintökum að þessu sinni og dreifa því í öll hús í hverfi félagsins, eins og það er samkvæmt samningi við Reykjavíkurborg, frá Lækjargötu í vestri að Kringlumýrarbraut í austri. Er þetta fyrsti liður markaðsátaks til að kynna Reykvikingum í Valshverfinu öflugt starf félagsins og nýja glæsilega aðstöðu að Hlíðarenda með það að markmiði meðal annars að fjölga iðkendum í Val.

## Lokaorð

Við Valsmenn lítum björtum augum til næsta árs og framtíðarinnar. Glæsilegri mannvirkjauppbyggingu lýkur senn og það er gróska í félagsstarfinu.

Eins og fram kemur í þessari skýrslu er ótrúlega mikill fjöldi hæfra einstaklinga sem eiga það sameiginlegt að vera Valsmenn. Þessir einstaklingar leggja flestir mikið og óeigingjarnt starf á sig fyrir félagið og það skal þakkað.

Knattspyrnufélagið Valur á mikla hefð sem eitt mesta afreksfélag Íslands í knattgreinum. Þessa hefð verður að rækta.

Allir Valsmenn eru hvattir til að leggja félaginu áfram allt það lið sem þeir mega.

*Gleðileg jól með þökkum fyrir samstarfið á árinu sem er að líða*

*Grímur Sæmundsen formaður*

*Það er fjör í yngri flokkunum hjá Val.*



*Grímur Sæmundsen formaður með blómvönd sem barst félaginu í til efni 95 ára afmælisins.*





# Bjarni Ólafur Eiríksson

## Íþróttamaður Vals árið 2005



Finnur K.

Bjarni Ólafur í baráttu í bikarúrslitaleik við Fram árið 2005.

Það er árviss viðburður hjá Val að útnefna íþróttamann ársins í hófi að Hlíðarenda á gamlársglag. Íþróttamaður Vals er valinn af formönnum deilda, formanni félagsins og Halldóri Einarssyni (Henson) sem er gefandi verðlaunagripanna. Árið 2005 var valinn í 14. sinn íþróttamaður Vals. Mikill fjöldi félagsmanna lagði leið sína að Hlíðarenda á gamlársglag og þáði veitingar í boði aðalstjórnar og var þetta síðasta samkoma í veislusal félagsins áður en byggingafrankvæmdir og endurbætur hófust.

Bjarni Ólafur Eiríksson var krýndur sæmdarheitinu Íþróttamaður Vals 2005. Bjarni Ólafur er 23ja ára gamall, uppallinn að Hlíðarenda og hefur stundað knattspyrnu með Val frá því hann var sjö ára. Bjarni stundaði einnig handknattleik en sneri sér alfarið að knattspyrnu í 3. flokki. Bjarni lék fyrsta leik sinn í meistaraflokki í knattspyrnu 18 ára sumarið 2000, sem var í fyrsta skipti í sögu félagsins sem Valur lék í næstefstu deild. Það má því segja að Bjarni hafi hlotið sína eldskírn við erfiðar aðstæður í knattspyrnunni í Val.

Þetta þýðir einnig að Bjarni Ólafur hefur frá byrjun tekið þátt í að snúa knattspyrnuhjólinu að Hlíðarenda frá erfiðleikum til velgengni. Bjarni Ólafur Eiríksson er eins og íþróttamaður Vals árið 2004 og unnusta hans, Berglind Íris Hansdóttir, glæsilegur fulltrúi Vals og uppeldisstarfs félagsins á reykvískri íþróttæsku að Hlíðarenda. Bjarni Ólafur gekk í ársbyrjun 2006 til liðs við danska liðið Silkeborg og leikur þar sem atvinnumaður í efstu deild. Valsblaðið óskar Bjarna Ólafi innilega til hamingju með titilinn.

Grímur Sæmundsen formaður Vals hélt ávarp við þetta tækifæri og sagði m.a.:

„Það sást strax þegar Bjarni fór að leika með meistaraflokki að hann var mjög efnilegur leikmaður, en hann ætti samt eftir að taka út knattspyrnuþroska. Við sem höfum fylgst með honum glöddumst því mjög sl. sumar því þá má segja að Bjarni sprungið út sem fullmótaður leikmaður og átti hann frábært keppnistímabil og sinn þátt í glæsilegri frammistöðu meistaraflokks félagsins sem hafnaði í 2.

sæti í úrvalsdeildinni og varð bikarmeistari eins og okkur Valsmönnum er öllum í fersku minni. Frammistaða Bjarna vakti ekki bara athygli okkar Valsmanna því að landsliðsþjálfarnir þeir Ásgeir og Logi völdu hann í A-landslið Íslands og er það í fyrsta skipti sem Valsmaður er valinn í landsliðið síðan 1992, leikandi með Val á sama tíma. Það þarf að horfa allt aftur til Sævars Jónssonar, þegar hann sem Valsmaður lék síðast með landsliðinu. Bjarni Ólafur lék tvo leiki með landsliðinu sl. sumar en hann á einnig tvo leiki að baki með U21 árs landsliðinu. Bjarni Ólafur kórónaði frábæra frammistöðu sína á síðasta keppnistímabili með því að vera kjörinn í lið ársins á lokahófi KSÍ.“

### Íþróttamaður Vals – síðustu árin

2006

???

2005

Bjarni Ólafur Eiríksson, knattspyrna

2004

Berglind Íris Hansdóttir, handknattleikur

2003

Íris Andrésdóttir, knattspyrna

2002

Sigurbjörn Hreiðarsson, knattspyrna

2001

Rósa Júlía Steinþórsdóttir, knattspyrna

2000

Kristinn Lárusson, knattspyrna

1999

Ásgerður Hildur Ingibergsdóttir, knattspyrna

1998

Guðmundur Hrafnkelsson, handknattleikur

1997

Ragnar Þór Jónsson, körfuknattleikur

1996

Jón Kristjánsson, handknattleikur



*Lífsorka með nýtingu  
náttúruaflanna*

# Ráðning nýs framkvæmdastjóra

## Dagur Sigurðsson hefur verið ráðinn framkvæmdastjóri Vals



Dagur Sigurðsson nýráðinn framkvæmdastjóri Vals og Grímur Sæmundsen kampakátir við nýja Valsheimilið.

Dagur mun koma til fullra starfa í júní 2007. Fram að þeim tíma verður hann

Ótthari Edvardssyni, sem ráðinn hefur verið aðstoðarframkvæmdastjóri Vals, innan handar um rekstur félagsins. Dagur mun koma að stefnumótun fyrir Val sem nú er hafin í samvinnu við Valsmenn hf. og ráðgjafafyrirtækið Capacent. Vatnaskil verða í starfsemi Vals þegar framkvæmdum við ný mannvirki að Hlíðarenda lýkur, en stefnt er að því að taka þau formlega í notkun hinn 11. maí árið 2007.

Dagur er með reynslu af rekstri eigin fyrirtækja og á að baki einstakan íþróttuferil sem Valsmaður og landsliðsmaður í handknattleik, eins og lesa má um í viðtali við

Dag hér í Valsblaðinu. Þá hefur hann nú síðast gert garðinn frægan í Austurríki þar sem hann hefur gert Bregenz að austurískum meistara í handknattleik síðustu þrjú ár og stefnir að fjórða titlinum í vor.

Dagur er búinn einstökum leiðtoga-hæfileikum, sem sést best á því að hann hefur verið fyrirlíði í sínum hópi frá því hann var ungur drengur í Val, í íslenska landsliðinu og í verkefnum sínum erlendis. Valsmenn vænta mikils af því að njóta þessara hæfileika Dags við uppbyggingu starfsemi Vals í þeim nýju og glæsilegu mannvirkjum sem tekin verða í notkun á næsta ári. Það eru spennandi tímar framundan að Hlíðarenda.

Dagur er 33ja ára, kvæntur Ingibjörgu Pálmadóttur kennara og eiga þau þrjú börn.

# Hafið þið heyrt það? Valur er Íslandsmeistari

Veturinn 1929-30 æfði ég leikfimi hjá Jóni Þorsteinessyni með það fyrir augum að taka þátt í hópsýningu á Þingvöllum á Alþingishátíðinni. Í maí varð ég fyrir þeirri óheppni að hásin slitnaði illa. Fékk þó ótrúlega fljótt lækningu, en þorði ekki að halda áfram leikfimi, en hallaði mér heldur að knattspyrnu, og lagði áherslu á að geta keppt með Val um sumarið. Hins vegar hafði ég mjög gott af þessum leikfimiæfingum hjá Jóni, og komu þær mér að góðu haldi síðar.

Íslandsmótið á þessu vori verður mér alltaf minnisstæðast allra móta og þá sérstaklega úrslitaleikurinn. Æfingarnar allan veturinn, sú félagslega samheldni og sú spenna, sem var í þessum samstillta hóp, verður mér alltaf minnisstætt tímabil. Ég minnst líka þegar við fórum til síra Friðriks upp í KFUM fyrir leikina og þá sérstaklega fyrir úrslitaleikinn við KR. Hann talaði vinsamlega og hvetjandi til okkar og það hafði mjög góð áhrif

á okkur. Síðan gengum við í fylkingu suður á völl og séra Friðrik með okkur. Hann hafði aldrei séð Val vinna leik, og nú var spurningin hvort það heppnaðist í þetta sinn.

Leikurinn var mjög spennandi, jafn og tvísýnn. Okkur var öllum ljóst að við lékum á móti sterku liði og því urðum við til að standast þá. Má nefna úr liði KR menn eins og „tríóíð“ Hans, Steina og Gísla, allt bráðsnjalla leikmenn. Þessara manna varð að gæta sem mögulegt var, og kom það í minn hut að gæta Hans Kragh. Ólafur Sigurðsson fékk aftur að hugsa um Gísla, og var það ekki auðvelt verk. En Ólafur truflaði hann oft undarlega vel, og einkenndist það oft af því hve laginn hann var að krækja knettinum af Gísla, án þess að hrófla með hrindinum við honum. Á þessu kunni ég ekki lag, varð að ganga inn í mennina sem ég átti við. Mér er alltaf minnisstætt úrslit-

amarkið sem Jóhannes Bergsteinsson gerði. Í fyrsta lagi að Valur hafði nú tekið forystu, og í annan stað hve markið var skemmtilega skorað, með hreinu skoti í bláhornið og óverjandi fyrir markmanninn.

Eftir leikinn var ys og þys á vellinum og fagnaðarlæti Valsunnenda mikil og nú hafði séra Friðrik séð Val sigra. Þegar leik var lokið og úrslit ljós, reis maður úr sæti sínu ekki langt frá síra Friðrik og kallar kröftugri röddu út yfir mannfjöldann: „Hafið þið heyrt það, Valur er Íslandsmeistari!“ og lætur síðan fólkið hrópa ferfalt húrra fyrir Val. Maður þessi var Sigurður Pétursson frá Álafossi. Síðan var okkur afhentur bikarinn, og að því loknu fórum við til síra Friðriks og tókum í höndina á honum. Gleðisvipurinn á andliti hans leyndi sér ekki.

Úr gömlu Valsblaði, Hrólfur Benediktsson skrásetti




Jóhannes Felixson

Ásgeir Sandholt

Hafliði Ragnarsson

# Alvöru eftirréttir

*búnað til af færustu bókunum landsins  
... að okkar mati*



Gott  
verð  
**1.499** kr

Gildir á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**  
Skemmtilegast að versla





*Í faðmi fjölskyldunnar. Hjónin Ingibjörg Pálmadóttir og Dagur Sigurðsson með börnum sínum, Birtu 7 ára, Sunnu 9 ára og Sigurði fjögurra ára.*

# Ég hlakka til að taka þátt í uppbyggingarstarfinu á Hlíðarenda

**Dagur Sigurðsson er á heimleið eftir langa dvöl erlendis sem atvinnumaður í handbolta og þjálfari og er einn leikjahæsti handknattleiksmaður landsins**

Dagur Sigurðsson handboltakappi og gegnrauður Valsari er á heimleið næsta vor eftir 11 ára dvöl erlendis í atvinnumennsku og við þjálfun. Hann er nýráðinn framkvæmdastjóri Vals og fær það spennandi verkefni að móta starf að Hlíðarenda við algjörlega nýjar aðstæður samhliða uppbyggingu glæsilegra íþróttamannvirkja á svæðinu. Dagur segist ekki geta beðið eftir því að byrja að vinna á Hlíðarenda, en mikilvægasta verkefnið verði að glæða Hlíðarenda lífi á nýjan leik.

„Það kemur enginn í bíó þótt kvikmyndahúsið sé glæsilegt, til þess þarf góða mynd og góða þjónustu. Mér finnst líka mikilvægt að skrifstofan sé nógu öflug til þess að sjá um daglegan rekstur. Sjálfboðaliðar eiga að fá að njóta starfsins en ekki drukna í áhyggjum og þrasi. Valur verður aldrei rekið án öflugs sjálfboðaliðastarfs, en það á að vera ánægjunnar vegna sem fólk tekur það að sér. Ég er sannfærður um að við komum þessu í réttan farveg og sjálfboðaliðum innan Vals eigi eftir að fjölga

þegar fram líða stundir. Fjölgun iðkenda í yngri flokkum félagsins og áframhaldandi metnaðarfull afreksstefna meistara-flokka félagsins er líka eitt af því sem huga verður að,“ segir Dagur ákveðinn og hlakkar greinilega til að koma heim. „Ég, Óli Stefáns, Fúsi og fleiri höfum talað um það að spila afmælisárið 2011 heima fyrir Val. Eigum við ekki að sjá hvað verður úr því,“ segir hann.

## **Ætt, uppruni og fjölskylda**

Foreldrar Dags eru Sigurður Dagsson, kunnur knattspyrnukappi úr Val, og Ragnheiður Lárusdóttir, en þau kynntust í Val. Hann er einn þriggja bræðra, sá elsti Lárus, gamall knattspyrnumarkvörður hjá Val, og sá yngsti er Bjarki sem þurfti



að hætta í handboltanum vegna meiðsla og er það mikil synd að mati Dags. „Ég er fæddur og uppalinn í Sundunum í Reykjavík, gekk í Langholtsskóla með mörgum góðum Þrótturum. Þar kynntist ég líka eiginkonu minni Ingibjörgu Pálmadóttur, en við byrjuðum að vera saman í upphafi menntaskólaáranna. Við eigum þrjú börn, Sunnu níu ára, Birtu sjö ára og Sigurð fjögurra ára.“ Fjölskyldan hefur nú búið erlendis í 11 ár og börnin hafa farið í þýska og japanska leikskóla og austurríska grunnskóla. „Okkur hefur liðið vel á erlendri grundu, höfum líka verið á áhugaverðum stöðum, notuðum til dæmis tækifærið þegar við vorum í Japan og heimsóttum Malasíu, Taíland og Indónesíu. Síðan höfum við alltaf notað tækifærið í sumarfríum að fara heim til Íslands og heimsótt vini og ættingja. Í Bregenz í Austurríki er síðan hægt að njóta náttúrunnar, á sumrin við Bodensee og á veturna á skíðasvæðunum.“

### Hvaða íþróttir stundaðir þú á æskuárum?

„Ég æfði fótbolta og handbolta með Val og í skólanum var mikil áhersla lögð á körfubolta þar sem Einar Ólafsson körfuknattleiksþjálfari hjá ÍR starfaði. Einnig vorum við mikið í blaki. Þetta kom nú líka til vegna þess að engin mörk voru í salnum. Mamma og pabbi eru náttúrulega rauð í gegn þannig að það var farið með okkur bræður niður að Hlíðarenda. Á veturna var það bara litli salurinn en á vorin byrjuðu fótboltaæfingar á möl-inni.“

### Eftirminnilegir þjálfarar?

„Halldór Halldórsson (Alibaba), galdrakarlinn, tók mig með Lalla bróður til Danmerkur í fyrstu keppnisferðina. Hann smitaði mig af ástríðu fyrir fótbolta. Sævar Tryggvason var gríðarlega vand- aður maður sem hélt vel utan um okkur strákana. Róbert Jónsson kenndi mér fótbolta og gerir enn þegar ég hitti hann á vellinum. Sigurbergur Sigsteinsson „strákar, það er hægt að berjast endalaust í þessu veðri“. Í handboltanum var Magnús Blöndal fyrsti þjálfari minn og hann hafði gríðarleg áhrif á okkur. „Strákar, ekki sparka í sætin,“ sagði

hann þegar hann var að hita Volvoinn með 10-12 gutta í bílnum. Guðfaðirinn Theódór Guðfinnsson, sem bjó til þetta '73 lið og kenndi okkur að umgangast hver annan og leyfði okkur líka að prófa alls konar tækni, trix og sirkus/týpur. Mætti líka eld- snemma á laugardags- morgnum í fleiri ár. Boris Bjarni var aldrei þjálfari minn í yngri flokkunum, en hann var alltaf að djöflast í okkur. Laga hitt og þetta sem var alveg ómetanlegt, mikill skóli.“

### Íslandsmeistari í fótbolta og í unglíngalandsliðinu

„Mín helstu afrek í fótbolta voru þau að leika unglíngalandsleiki, meðal annars við England. Ég hef oft velt því fyrir mér hvort Beckham, Scholes og Neville bræðurnir hafi verið með en ég bara man það ekki. Í liði okkar voru meðal annarra Arnar og Bjarki Gunnlaugssynir, Lárus Orri, Pétur Marteinsson og fleiri góðir.“

Síðan varð ég Íslandsmeistari með 5. flokki Vals. Einhverjir haust- og Reykjavíkurmestaratilrar dattu inn hér og þar.“

### Handbolti varð fyrir valinu sem aðalíþróttgrein

„Það sem réð sennilega mestu um að handbolti varð fyrir valinu var Þorbjörn Jensson. Ég hafði verið slæmur í baki eitt sumarið í fótboltanum og missti því aðeins dampinn þar. Um haustið tók Tobbi mig inn í meistara- flokkshópinum í handboltanum, sem var þá troðfullur af hetjum. Mér gekk vel að aðlagast og fann mig vel. Einnig skipti máli að hópurinn (fæddur 1973) sem ég ólst upp með í hand-  
b o l t -





anum var mjög samheldinn og er enn þá. Við spilum til að mynda enn þá árlegan úrslitaleik við erkifjendur okkar Fram. Þar er ansi gaman að bera saman menn eins og Óla Stefáns og Stefán tenor 20 árum síðar. Þessi hópur skilaði sér líka sterkt upp í meistaraflökk, menn eins og Sveinn Sigfinns, Theodór Vals, Valgarð Thoroddsen, Valur Arnarsson og Óskar Bjarni Óskarsson.“

## Í einu af gullaldarliðum Vals í handbolta

„Það voru miklir snillingar með mér í handboltanum og kannski ekki sanngjarn að fara telja upp ákveðin nöfn því liðsheildin var sterk þar sem frábærir leikmenn unnu oft í skugganum af landsliðshetjum okkar, menn eins og Ingi Rafn Jónsson, Júlíus Gunnarsson, Valur Arnarsson, Axel Stefánsson, Finnur Jóhannsson og Sveinn Sigfinnsson, alveg ótrúlega ósérhlífir leikmenn sem fengu kannski minni athygli. Ég held að ástæðan fyrir velgengni hafi verið mikil vinna. Tobbi var með stóran hóp leikmanna sem allir vildu ná langt. Það var mikil samkeppni á æfingum og oft erfiðari leikir þar en í deildinni. Síðan var góð umgjörð í kringum liðið, Jói Birgis, Boris og fleiri góðir.“

## Stærstu stundirnar með Val í handbolta

Dagur segir að Íslandsmeistarititlarnir fimm hafi allir verið sérstakir á sinn hátt. „Árið 1996 var ég fyrirlíði og valinn besti leikmaður ársins. Úrslitaleikurinn í troðfullri höll var líka síðasti leikur minn með Val. Síðan voru Evrópuleikir á móti Essen og Barcelona eftirminnilegir og einnig þegar við skelltum meisturum Svía, Drott, eftir að hafa selt heimaleikinn út. Og svo náttúrulega 4,3 sek. gegn KA 1995... segi ekki meir,“ segir Dagur sposkur á svip.

## Út í atvinnumennsku 1996

„Ég fór út eftir titilinn 1996 ásamt Óla Stefáns og Viggó Sig. til Wuppertal sem þá var í 2. deild í Þýskalandi. Tvö lið voru að sameinast í borginni og ætluðu sér stóra hluti. Við unnum deildina eftir mikla keppni og spiluðum árið eftir í 1. deild. Liðið var styrkt enn frekar og var Geir Sveinsson einn af þeim sem komu. Wuppertal kom mjög á óvart og endaði í

8. sæti í deildinni sem var frábær árangur af liði sem kom upp úr 2. deild. Eftir þetta ár fór Óli til Magdeburg en Valdi Gríms kom til Wuppertal. Mér bauðst á þessum tíma meðal annars að fara til Essen, en lét það vera á síðustu stundu og ákvað að vera áfram í tvö ár í Wuppertal. Þessi tvö ár voru erfið, ég lenti í meiðslum, Viggó var látinn fara og nýir leikmenn og þjálfarar stóðu ekki undir væntingum. Við börðumst fram til síðasta leiks og héldum liðinu þó í 1. deild. Á þessum tímamarki var ég örmagna. Hafði lent í fjórum liðþófaaðgerðum, brotið bátsbein og fingur. Læknar liðsins höfðu verulega áhyggjur af hnjánum



Á fullri ferð með Bregenz í Austurríki.

og ég hugaði að segja þetta gott. Mér bauðst þrátt fyrir allt að vera áfram hjá Wuppertal þar sem ég var nú orðinn fyrirlíði, fara til Wallau Massenheim eða skella mér til Japans, sem ég og gerði.“

## Mögnuð ár í Japan

„Japansárin voru mögnuð, hreint ótrúleg. Ég æfði vel en við spiluðum ekki nema um 20 leiki á ári. Í deildinni voru ekki nema þrjú góð lið en þau voru bara ansi spræk, þarna spiluðu menn eins og Frakkarnir Fredrick Volle og Stefan Stocklin, Rússarnir Kudinow og Kulischenko ásamt nokkrum öðrum útlendingum. Þarna var ég í þrjú ár og alltaf lentum við í öðru sæti, unnum reyndar bikarkeppnina. Þegar ég átti eitt ár eftir í Japan hafði ég uppsagnarákvæði í samningnum sem ég ákvað að nýta þegar Bregenz bað mig um að þjálfra og spila með liðinu.“

## Til Austurríkis

„Bregenz er með frábærlega vel skipulagt starf, frá handboltaakademíu upp í meistaralið sem hefur náð góðum árangri í Evrópukeppni. Ég hef fengið framlengingu á feril minn með því að minnka álagið, hef samt æft og spilað mikið síðustu þrjú ár. Í ár hefur hásinin verið að angra mig og ég hef ekkert getað spilað. Vonandi næ ég að hætta hjá Bregenz eins og ég hætti með Val, fjórir titlar í röð.“



Finnur K.

Dagur í síðasta leiknum í gamla Valsheimilinu.

## Rúmlega 200 landsleikir

Dagur hefur leikið rúmlega 200 landsleiki fyrir Íslands hönd. „Ég kom inn í liðið hjá Þorbergi Aðalsteinssyni árið 1994, spilaði smá rullu á HM 1995 á Íslandi, eftir það tók Tobbi Jens. við liðinu og bjó til frábært lið sem toppaði á HM 1997 í Kumamoto í Japan. Þar náðum við 5. sæti, besta árangri sem Ísland hefur náð á heimsmeistaramóti. Þarna voru meðal annarra Geiri, Júlí, Valdi, Duranuna, Gummi Hrafnkels og svo Ripp, Rapp og Rupp eins og ég, Patti og Óli vorum oft kallaðir. Síðan komu nokkur mögur ár, fram að EM 2002 í Svíþjóð, þá var ég orðinn fyrirlíði liðsins og við náðum 4. sæti, sem er besti árangur sem Ísland hefur náð á Evrópumóti. Gott lið þar sem Fúsi, Guðjón Valur, Rúnar Sigtryggsson, Aron Kristjánsson og fleiri voru komnir inn. Síðan voru Ólympíuleikarnir 2004 í Aþenu líka eftirminnilegir þrátt fyrir að liðið hafi ekki spilað vel. Maður er búinn að ferðast nokkra kílómetrana og sofa nokkuð margar nætur á hótélum. Mér reiknast til að ég sé búinn að búa með herbergisfélagamínnum Patta í eitt ár samtals á hóteli.“

## Fæddur fyrirlíði

Dagur segir að góður fyrirlíði þurfi að ná til leikmanna og geta hvatt þá áfram, sérstaklega þegar illa gangi. Einnig þurfi hann að vera fyrirmynd í leik, gefa tóninn og hafa innsei í það sem þjálfarinn er að reyna að ná fram. „Eitt eftirminnilegasta atvikið utan leikvallar var þegar landsliðsmenn voru orðnir langþreyttir á slöku skipulagi HSÍ, tryggingamálum, ferðakostnaði og fleiru, þá lenti ég í því að hóta HSÍ verkfalli fyrir hönd okkar



„Mér hefur gegnið vel í starfi þjálfara“ segir Dagur sem hér stýrir leikmönnum Bregenz eins og herforingi.



Koma svo og berjast.

leikmanna. Þetta bjargaðist samt allt fyrir horn sem betur fer.“

## Gaman að þjálfra

„Mér hefur gengið vel í starfi þjálfara, en þetta er alltaf spurning um að passa við það lið sem maður stjórnar, vinna traust og virðingu leikmanna. Ég tók mér margt til fyrirmyndar frá Jóni Kristjánssyni og Skúla Gunnsteinssyni (þeir voru spilarandi þjálfarar hjá Val 1996), þ.e. að vera sanngjarn við menn, treysta á samstarfsfólkið og skynsemi leikmanna. Síðan hef ég reynt að smita félagið með þeim sigurvilja og krafti sem einkennir okkur Valsmenn. Ég er ekki hættur í þjálfun þó svo að ég ætli að taka mér frí á næstunni. Það eru nokkur verkefni sem mig langar

til að takast á við, það liggur samt ekkert á því. Það að þjálfra meistaraflokk Vals væri sannarlega mikil og skemmtileg áskorun, en ekkert sem þarf að gerast á næstu árum enda erum við með toppmann, Óskar Bjarna, við stjórnvöllinn.“

## Ólafur Stefánsson besti handboltamaður Íslands

„Óli Stef. er bestur allra Íslendinga og einn af bestu leikmönnum heims, hann hefur öll vopn á hendi. Skot utan af velli, gegnumbrot í báðar áttir, gott auga fyrir spili, frábær í hraðauppflaupum, enn þá betri að hlaupa aftur og ágætis varnarmaður ef hann er með Fúsa sér við hlið. Hans stærsti kostur er samt karakterinn, hann er sigurvegari og vill umfram allt vinna.“

## Heim til Íslands á ný

Dagur ákvað í lok síðasta tímabils að flytja heim í júní 2007. „Mér fannst vera kominn tími til að taka þátt í atvinnulífinu á Íslandi og var í sannleika sagt á leiðinni í eitthvað annað en íþróttatengt starf. Við vorum á Íslandi og ég bað

Brynjar Harðarson að kíkja með mér á fasteignarmál, þá barst okkar ágæta félag í tal, eins og alltaf þegar við félagarnir hittumst. Hann fór að segja mér frá stöðu félagsins, möguleikum þess til framtíðar. Hann kveikti í mér og stuttu seinna fékk ég símtal frá Grími Sæmundsen. Það þurfti ekki langan tíma til að ganga frá hlutunum þegar ég heyrði af áhuga stjórnar Vals að fá mig í starfið.“

## Spennandi uppbyggingarstarf fram undan á Hlíðarenda

„Félagið í samvinnu við Valsmenn hf. bað mig fara í gegnum endurskipulagningu með ráðgjafafyrirtækinu Capacent. Sú vinna mun vonandi skila okkur félagi með skýra stefnu og klár markmið til að vinna að. Vonandi ná allir að sameinast um þá stefnu og koma jákvæðir og fullir eldmóðs í þá vinnu fyrir Val. Ég hlakka til að taka þátt í starfinu sem fram undan er, hlakka til að sjá alla íþróttasali Vals fulla af kraftmiklum krökkum sem drekka í sig fróðleik frá bestu þjálfurum landsins. *Afram Valur*,“ segir Dagur að lokum.



# Kveðja frá Stuðurum



*Baldur Orri Rafnsson og Gestur Svansson Stuðarar í stuði.*




*Edvard Edvardsson og Kjartan Sturluson í góðum gir.*

Nú er þessu ári lokið og hefur margt gott gerst á meðal stuðningsmanna Vals en einnig eitthvað örlítið neikvætt. En forsprakkar Stuðara mættu til leiks í handboltanum á síðasta ári með trommur í hönd og það var gaman að stundum myndaðist ótrúleg stemning á leikjunum þótt fáir áhorfendur væru til staðar. Orðsporið af stemningu Stuðara fór víða og svo fór að framkvæmdastjóri HSÍ fékk Stuðara til að sjá um stemn-

inguna í leiknum við Svía 17. júní og þar myndaðist svo mikið stuð að annað eins hefur ekki sést hér á landi. Þar voru það Valsarar sem sáu um halda uppi stuðinu með söng og samba. Einnig gerðum við góða hluti í höllinni í Rúmeníu í Evrópukeppninni hjá stelpunum í meistaraflokki þar sem tveir stuðarar náðu að yfirgnæfa 800 Rúmena eða að minnsta kosti gera þá kjafstopp. Þeir bjuggust örugglega ekki við að tveir Íslendingar myndu gera

kraftaverk á pöllunum en þegar við byrjuðum í upphafi leiks snarþögnuðu allir og þögðu meðan við spiluðum en þegar við hættum var hljótt eitt andartak en svo stóðu allir upp og klöppuðu fyrir okkur, þar sem enginn bjóst við neinu frá okkur. Þess má einnig geta að við vorum með vopnaða lífverði allan tímann sem leikurinn var. En ekki kom til neinna átaka. Þetta er það markverðasta úr handboltanum.



*Sannkallaðir grillmeistarar, Gestur Svansson og Rafn Baldursson.*

## Fótboltasumarið

Sumarið hófst með miklum látum en ekki er hægt að segja að lætin hafi verið í stúkunni heldur frekar inni á vellinum. Eitthvað fór í Valsara að spila í Laugaraldalnum þannig að aðsóknin var með eindæmum slæm og undirtektir Valsara í stúkunni eftir því. Stuðarar mættu þó kátir til leiks eins og alltaf og það var mjög gaman að vera Valsari þegar stemning myndaðist. En það var því miður

*Slegið á létta strengi.*



*Birgir Haraldsson söngvari Gildrunnar tekur lagið með Baldri Orra Rafnssyni.*



of sjaldan sem það gerðist. En batnandi stuðningsmönnum er best að lifa eins og máltækið segir. Verðlaun fyrir besta stuðning í Landsbankadeild kvenna kom í okkar hlut þetta árið og vonandi verður framhald á því.

### Grillveisla

Stuðarar héldu grillveislu fyrir alla meðlimi klúbbsins og leikmenn meistara-flokka Vals í knattspyrnu. Það var vel mætt en allar veitingar voru í boði Stuð-ara með hjálp dyggra stuðningsaðila klúbbsins. Veislan var haldin að Laxnesi, Mosfellsdal og þökkum við Þóra í Laxnesi kærlega fyrir okkur. Einnig kom Mosfellingurinn Birgir Haralds, söngvari Gildrunnar, og spilaði fyrir Valsara nokkur gömul og góð lög. Svo var Margrétí Láru færð súkkulaðiterta í tilefni af 100 marka múmum sem hún rauf stuttu áður. Margrét gaf með sér þannig að desertinn rann ljúflega niður. Veislan kláraðist um miðnætti og fóru allir sáttir til síns heima, ef til vill fyrir utan fáeina sem tóku með sér nesti og héldu gleðskapn-



*Fæðgarnir Edvard Edvardsson og Óthar Edvardsson.*

um áfram annars staðar. En þetta verður árlegur viðburður héðan í frá sem tókst með afbrigðum vel.

Að lokum má nefna rútuferðir Stuðara í sumar, þar sem leigður var tveggja hæða breskur strætó til flutninga á Studurum á KR-völlinn og vakti mikla athygli, þó sérstaklega reiðra íbúa Vesturbæjar þegar við sungum á rúntinum Valslögin góðu. Svo rúntuðum við með stelpurnar eftir

bikarúslitin um miðbæ Reykjavíkur og Hlíðarnar á rauða kagganum.

*Stuðarar þakka fyrir liðið ár og vona að þau verði fleiri. Með Vals- og Studarakvedju,*

*Baldur O. Rafnsson og Gestur Svansson  
Ljósmyndir tók Guðni Karl Harðarson*

*Margrét Lára sýnir listir sínar á hestbaki.*



*Margrét Lára stolt með 100 marka kökuna.*





# Dreymir um að komast á stórmót með kvennalandsliðinu

**Margrét Lára Viðarsdóttir var valin besti leikmaður meistaraflokks kvenna í sumar. Hún er tvítug komin til Þýskalands í atvinnumennsku**

Margrét Lára Viðarsdóttir hefur undanfarin tvö ár leikið með meistaraflokki kvenna í knattspyrnu hjá Val og hefur á þeim tíma þroskast mikið sem leikmaður. Þrátt fyrir ungan aldur hefur hún verið fastamaður í landsliðinu undanfarin ár og leikið í mörg ár í efstu deild hér á landi, fyrst með ÍBV og síðan með Val. Margrét er mikill markaskorari og var nú í sumar langmarkahæsti leikmaður Íslandsmótsins, skoraði 34 mörk í 13 leikjum. Á lokahófi KSÍ var Margrét síðan kjörin besti leikmaður Íslandsmótsins og er hún svo sannarlega vel að þeim titli komin. Um það kjör hafði Margrét þetta að segja: „Mér leið alveg frábærlega vel og er eiginlega ekki hægt að útskýra það með orðum. Fyrir mér voru þetta laun erfiðisins því ég hef lagt mikið á mig

undanfarin ár. Það er auðvelt að vera efnilegur en erfitt að verða bestur. Því var þetta mikill sigur fyrir mig að nú væri ég ekki lengur efnileg heldur góð þótt ég sé aðeins tvítug. Ekki má gleyma því að samherjar mínir og þjálfari eiga stóran hluta í þessum verðlaunum því án þeirra hefði ég aldrei getað unnið þetta,“ segir Margrét af hógværd en ákaflega stolt.

Fyrir skömmu gerði Margrét Lára samning við þýska stórliðið FCR Duisburg og er hún þegar farin að æfa og leika með liðinu. Hún lítur á Duisburg sem stökkpall að einhverju enn þá betra, hvort heldur í Þýskalandi, á Norðurlöndunum eða í Bandaríkjunum. „Ég ætla að taka lítil skref í einu því það tekur tíma að sanna sig hérna og venjast fótoltanum í Þýskalandi. Þetta er allt

annað en á Íslandi og því mun ég gefa mér góðan tíma til að aðlagast. Mig langar að ná enn lengra og ég trúi því að ég geti það,“ segir Margrét mjög ákveðið og fylgir hverju orði eftir af miklum þunga.

## Uppalin í Vestmannaeyjum

Margréti Lára fannst yndislegt að alast upp í Vestmannaeyjum enda þar mikið lagt upp úr íþróttum. Hún segist hafa verið í handbolta, fótbolta, frjálsum íþróttum og dansi alla sína æsku og þess á milli var hún með vinum sínum á malarvellingum í fótbolta eða í hverfaleikjum á kvöldin. Einnig þótti henni mjög gaman að fara á hestbak hjá afa sínum. Hún segist eiga frábæra fjölskyldu sem hafi alltaf stutt vel við bakið á sér og hvatt sig og leiðbeint og að hún eigi mikið fjölskyldunni að þakka. Hún segir einnig að ekki hafi verið erfitt að velja á milli fótbolta og handbolta, en hún var valin í unglíngalandsliðið í báðum íþróttagreinum á sínum tíma. „Hver veit nema ég tiki fram handboltaskóna seinna,“ segir Margrét kímín.

## Fæddist með boltann á tánum

„Ég held að ég hafi fæðst með boltann á tánum því ég man ekki eftir mér án bolta. Báðir bræður mínir og pabbi voru í boltanum svo að áhuginn kom af sjálfu sér. Ég byrjaði að æfa fimm ára með strákum og ári seinna var ég með stelpunum í 5. flokki því á þessum tíma var ekki 6., 7. eða 8. flokkur. Það var hart barist í fótbolta í frímínúttunum og ég man að strákarnir létu mig finna vel fyrir því þegar ég sólaði þá,“ segir Margrét.

## Líf og fjör á Þæjumótum í Eyjum

„Við stelpurnar í ÍBV vorum alltaf mjög sigursælur og unnum öll okkar Þæjumót og fengum mörg einstaklingsverðlaun og

*Margrét Lára Viðarsdóttir ásamt forráðamönnum Duisburg í Þýskalandi í október 2006.*





Í sæluvímu með Íslandsmeistarabikarinn 2006. Margrét Lára, Elísabet Gunnarsdóttir þjálfari og Katrín Jónsdóttir fyrirliði.

ég á milli 10-14 einstaklingsbikara frá þessum mótum. Valur var okkar helsti keppinautur flest mótin ásamt Breiðabliki og voru þessar rimmur allsvakalegar oft á tíðum. Þæjumótið í Eyjum hefur mikla þýðingu fyrir bæinn og allir leggja sitt af mörkum til að gera þau sem flottust og eiga Eyjamenn mikið hrós skilið fyrir dugnað á sviði íþróttamála á Íslandi. Fyrsta árið sem 6. flokkur spilaði á Þæjumóti lék ég með 5. flokki, en var einnig gjaldgeng í 6. flokki og lék líka með þeim. Það er afar eftirminnilegt þegar við í 6. flokki vorum að leika við Aftureldingu en dómariinn stoppaði skyndilega leikinn því foreldrar Aftureldingarstúlkna kröfðust þess að fá að sjá fæðingarvottorð mitt því þeir trúðu ekki að ég væri gjaldgeng í 6. flokki. Þetta var dálítið sérstakt atvik sem ég mun aldrei gleyma," segir Margrét spök.

### Hágrátið eftir leik við Val í 5. flokki

Margrét segir að það hafi alltaf verið gaman að leika við Valsstelpurnar í yngri flokkunum, rimmurnar hafi verið miklar, en hafi alltaf verið erfiðara þegar hún hafi verið á yngra árinu, þar sem eldra árið hjá Val hafi verið gríðarsterkt, t.d. með Dóru Stefánsdóttur og Dóru Maríu Lárusdóttur í liðinu. „Ég man eftir einu eftirminnilegu atviki sem var ekki skemmtilegt á þeim tíma. Við höfðum nær alltaf unnið þær en þetta var keppni um það hvaða lið kæmist í úrslit á Íslandsmótinu. Við vorum með jafn mörg stig, en Valur með betra markahlutfall og því þurftum við að vinna leikinn

sem endaði með jafntefli og man ég að við stelpurnar í Tý grétum í um tvo tíma í brekkunni að Hlíðarenda en þetta var mjög sárt fyrir okkur. Ég veit að margir Valsarar muna eftir þessu atviki því þetta þótti mjög sérstakt af svona ungum stelpun að gráta svona svakalega eftir leik. En svona vorum við stelpurnar í Tý, við vildum vinna og ekkert annað," segir Margrét ákveðin.

### Bikarmeistaratitill 2004 stærsta stundin með ÍBV

„Við stelpurnar í ÍBV vorum mjög sigursælur í yngri flokkunum. Við vorum einnig mjög sprækar í handboltanum og urðum við þar Íslandsmeistarar. Ég held þó að Íslandsmeistaratitilinn í 3. flokki í fótboltanum standi upp úr þar sem við vorum fáar eftir úr meistaraliði yngri flokkanna. Þar unnum við titilinn á viljanum, en ekki sem besta liðið. Mínar bestu stundir með meistaraflokki ÍBV eru án efa þegar við urðum bikarmeistar 2004 en það var fyrsti titill ÍBV í meistaraflokki," segir Margrét, stolt Eyjastúlka.

### Til liðs við Val 2004

Ein af ástæðum þess að Margrét gekk til liðs við Val var að hún ákvað að fara í skóla í Reykjavík. Einnig segist hún hafa kunnað rosalega vel við Betu (Elísabetu

Gunnarsdóttur þjálfara meistaraflokks Vals) en hún þjálfaði ÍBV árið 2002. „Þar gerði hún ótrúlega mikið fyrir mig og mig langaði að halda áfram að vinna með henni. Hjá ÍBV settum við okkur markmið saman sem við náðum aldrei að klára. Því vildi ég fara aftur til hennar og klára það sem við stefndum alltaf að. Síðan þekkti ég Valsstelpurnar úr landsliðinu og kundi rosalega vel við þær, þannig að það var aldrei spurning um annað en að fara í Val," segir Margrét ákveðið.

### Árin tvö hjá Val

„Tímabilin hafa verið mjög ólík. Í fyrra unnum við ekki neitt nema silfur en stóðum okkur þrátt fyrir það frábærlega í Evrópukeppninni sem er án efa eitt það skemmtilegasta sem ég hef gert á ferlinum. Á síðasta tímabili unnum við allt alls staðar. Bæði árin voru mér mjög lærdómsrík og ég hef notið þeirra í botn enda ekki hægt annað með svona frábærum hópi leikmanna, þjálfara og stjórn. Mér hefur alltaf liðið mjög vel í rauða búningnum," segir Margrét án þess að hika.

### Mikill metnaður nauðsynlegur til að ná árangri

„Ég hef alltaf haft mikinn metnað, æft rosalega vel og lagt mig fram. Ég horfi mikið á fótbolta og tel það vera mikilvægt til að ná árangri því þar sér maður



Finnur K.

hvernig þeir bestu framkvæma hlutina. Ég veit hvað ég vil og hvert ég vil stefna. Ég hef alltaf hugsað um það hvað ég borða og reyni að stilla allri óhollustu í hóf. Ég reyni að sofa vel, sérstaklega fyrir leiki. Ég á frábæra fjölskyldu og vini sem hafa hjálpað mér mikið ásamt góðum þjálfurum. Ef maður vill eitthvað nógu mikið þá getur maður það," segir Margrét.



## Uppskrift að góðum árangri liðsheildar

„Ég held að ein helsta ástæðan fyrir frábærum árangri Valsliðsins undanfarin ár sé andinn í hópnum. Hann er frábær. Við erum ótrúlega góðar vinkonur og leysum öll vandamal strax í byrjun. Við erum líka vel spilandi lið með frábæra leikmenn. Síðan má ekki gleyma hausnum á liðinu, en það er Beta, hún hefur gert ótrúlega mikið fyrir þennan hóp bæði á æfingum og utan þeirra. Hún er að mínu mati þjálfari á heimsmælikvarða með frábærar æfingar sem skila sér svo sannarlega. Við vorum ekki með bestu leikmennina í öllum stöðum í sumar, en klárlega besta liðið. Leikmenn lögðu hart að sér allt undirbúningstímabilið og uppskeran var í samræmi við það. Með góðri þjálfun og vilja kláruðum við þetta með stæl,“ segir Margrét ákveðið.

Margrét segir að Elísabet Gunnarsdóttir þjálfari hafi mjög mikinn metnað og gríðarlegan áhuga á starfinu. „Hún leggur mikið upp úr því að hafa félagsleg verkefni til að þjappa hópnum saman eins og óvissuferðir. Það má segja að Beta sé fótboltagúru, hún er dugleg að finna nýjar æfingar sem auka árangur liðsins. Hún leggur mikið upp úr að hver og einn leikmaður bæti sig til þess að liðið í heild bæti sig líka. Þó að Beta sé frábær liðsþjálfari þá er hún einnig frábær einstaklingsþjálfari. Síðan er hún einstakur karakter og skemmtileg og það skiptir miklu máli,“ segir Margrét.

## Efnilegar stelpur í yngri flokkunum

Margrét Lára var aðstoðarþjálfari síðasta ár hjá sigursælum 4. flokki kvenna hjá Val og hún segist hafa mikinn áhuga á þjálfun. „Mér fannst rosalega gaman að þjálfast stelpurnar í 4. flokki á síðasta tímabili. Þetta eru leikmenn framtíðarinnar og ef þær halda rétt á spilunum þá geta þær náð langt. Maður hefur hins vegar séð marga leikmenn í yngri flokkunum detta út á meistaraflökksaldri. Ég veit að það eru margar í þessum hópi sem geta náð langt ef þær hafa metnað og eru tilbúnar að leggja það á sig sem til þarf. Þá geta þær allt,“ segir Margrét sannfærandi.

## Uppbygging kvennaknattspyrnu

Að mati Margrétar er mjög vel staðið að uppbyggingu kvennaknattspyrnu á Íslandi þó að alltaf megi samt gera betur

og að tilkoma allra þessara knattspyrnuhalla breyti miklu og að krakkar geti leikið sér á sparkvöllum allan daginn.

„Að mínu mati er mikið lagt upp úr góðum þjálfurum og það skiptir miklu máli. Ég held að það sé ekki mikið gert upp á milli kynjanna í yngri flokkunum. Þegar stúlkur komast á unglingsárin er svo margt annað í boði en fótbolti. Það eru bara ekki allar sem hafa þann metnað sem til þarf. Fótbolti verður lífstill með aldrinum fyrir

þær sem halda áfram. Þegar ég var yngri voru kannski fjögur yfirburðalið. Í dag er allt miklu jafnara í yngri flokkunum og fleiri góð lið. Kvennaknattspyrna er ung íþrótt og fólk verður að sýna þolinmæði. Með tilkomu allra þessara góðu þjálfara sem til eru núna og aukinnar samkeppni verða einstaklingarnir betri. Kvennadeildin á eftir að jafnast í náninni framtíð þar sem margir efnilegir leikmenn eru að koma upp sem styrkja liðin. Síðan held ég að fleiri leikmenn ættu að setja stefnuna á að spila erlendis í betri deildum,“ segir Margrét þokkalega sátt með þróun mála.

## Allt stærra í sniðum hjá Duisburg en á Íslandi

Margrét er nýflutt til Duisburg og er ánægð með aðstæður þar. „Við byrjuðum í byrjun nóvember að æfa á gervi-grasi því veturinn kemur í Þýskalandi eins og á Íslandi og því er erfitt að æfa á grasi yfir háveturinn. Aðalvöllur okkur er mjög flottur miðað við kvennavelli, góð og stór stúka og völlurinn með fínu grasi. Áhorfendur eru án efa miklu fleiri hérna en heima. Hérna mæta allt að 4000 manns á leik og það er mjög gaman að hafa þennan fjölda enda fótboltinn gríðarlega vel spilaður hérna. Ég held að



Marki fagnað með nýju félögum í Duisburg.



„Ég er ekki í nokkrum vafa um að íslenska kvennalandsliðið á eftir að komast á stórmót fljótlega,“ segir Margrét Lára Viðarsdóttir.

munurinn hérna og heima sé mestur sá að hér eru fleiri afgerandi leikmenn í hverju liði. Hraðinn er auk þess miklu meiri. Þó megum við vera stolt af því sem við erum að gera á Íslandi því þar er hugsað mjög vel um leikmenn. Hérna eru þetta atvinnumenn sem hittast ekki mikið utan æfinga heldur líta meira á æfingar og liðið sitt sem vinnu,“ segir Margrét.

## Íslenska kvennalandsliðið á stórmót fljótlega

Margrét er ekki í nokkrum vafa um að íslenska kvennalandsliðið eigi eftir að komast fljótlega á stórmót þar sem margir góðir leikmenn koma brátt upp sem auki breiddina og samkeppni um stöður. Liðið þurfi að hafa góðan þjálfara sem stilli saman liðið og stuðli að góðum liðsanda. „Ef við lítum á frábæran árangur U21 árs landsliðsins í sumar þá áttum við að komast í úrslitaleik í sterkasta móti í okkar árgangi. Þetta er framtíðin og hún er mjög björt,“ segir Margrét brosandi.

## Markið sett hátt

„Ég setti mér frá upphafi alltaf það markið að komast í meistaraflokk og landsliðin. Síðan þegar ég hafði náð þeim markmiðum fór ég að hugsa um atvinnu-mennsku og stórmót með landsliðinu,“ segir Margrét yfirveguð. Aðspurð hvar hún sjái sig að 5-10 árum liðnum segir hún að erfitt sé um slíkt að spá en vonandi verði hún þá hjá frábæru liði í fótbolta. „Ég verð þá vonandi búin að fara á eitt til tvö stórmót með landsliðinu, búin að mennta mig sem íþróttafraeðingur og íþróttasálfræðingur. Einnig vonast ég til að eiga góða vini og frábæran mann sem styður mig í einu og öllu,“ segir hún dreymin á svip og brosir sínu blíðasta.



TAKTU NÆSTA SKREF  
**ÚT Í BUSKANN**

LÆGRA  
LÁNTÖKUGJALD  
LÆGRI  
VEXTIR

ENGIN  
SKILYRÐI UM  
TRYGGINGAR-  
FÉLAG

#### BÍLALÁN

Við lánum fyrir nýjum og notuðum bílum á hagstæðum kjörum án tillits til þess hvar þú tryggir bílinn eða hefur þín bankaviðskipti. Finndu bara bílinn sem þig dreymir um og við sjáum um fjármögnunina. Reiknaðu lánið þitt á [www.frjalsi.is](http://www.frjalsi.is), hringdu í síma 540 5000 eða sendu okkur línu á [frjalsi@frjalsi.is](mailto:frjalsi@frjalsi.is). Við viljum að þú komist sem lengst!

  
**FRJÁLSI**  
FJÁRFESTINGARBANKINN



# Frábært tímabil hjá kvennaflokkum og mjög gott hjá meistaraflokki karla

## Skýrsla knattspyrnudeildar árið 2006

Stjórn knattspyrnudeildar Vals starfsárið 2006 var þannig skipuð:

E. Börkur Edvardsson, *formaður*  
Jón Grétar Jónsson, *varaformaður*  
Anthony Karl Gregory, *ritari*  
Bragi G. Bragason, *meðstjórnandi*  
Ótthar Edvardsson, *form. meistarafll.ráðs*  
Guðjón Ólafur Jónsson, *meðstjórnandi*  
Kjartan Georg Gunnarsson, *meðstj.*  
Björn Guðbjörnsson, *meðstjórnandi*  
Eva Halldórsdóttir og Erla Sigurbjarts-  
dóttir, *fulltrúar kvennaráðs*  
Jón Höskuldsson, *form. unglingaráðs*

### Ágrip af starfi unglingaráðs knattspyrnudeildar Vals 2005-2006

#### Þjálfarar

Á liðnu starfsári störfuðu sextán þjálfarar við ellefu flokka yngri iðkenda. Óhætt er að segja að mikil breyting hafi orðið í röðum þjálfara félagsins. Við ráðningu þjálfara hefur verið lögð áhersla á að fá vel menntaða og reynda þjálfara til starfa hjá félaginu og má fullyrða að vel hafi til tekist. Í nokkrum tilvikum hafði félagið frumkvæði að breytingu á mönnun



Kampakátar stúlkur í 4. flokki með Íslandsmeistarabikarinn. Frá vinstri: Bryndís, Guðrún Elín, Kristbjörg, Fiona, Sæunn Sif, Thelma Ó, Gerður, Sigurlaug og Heiða Dröfn.



Valsstelpurnar í meistaraflokki hlaupa sigurhring með Íslandsmeistarabikarinn.

flokka en í fleiri tilvikum hættu þjálfarar störfum að eigin ósk. Gerður var skriflegur samningur við alla aðalþjálfara til tveggja ára frá 1. október 2005 að telja.

Helstu breytingar á mönnun flokka í byrjun starfsársins voru eftirfarandi: Garðar Smári Gunnarsson tók við 3. flokki karla af Guðmundi Brynjólfssyni; Þorsteinn Mar Gunnlaugsson tók við 4. flokki karla af Þór Hinrikssyni og Elvari Má Svanssoni. Þá tók Agnar Kristinsson við 5. og 6. flokki karla af Gylfa Sigurðssyni og þeim Hróari Jónssyni og Skúla Sigurðssyni. 7. flokk þjálfuðu Raket Logadóttir og Baldur Þórólfsson, en þau ásamt Dóru Stefánsdóttur tóku við af Benedikt Bóasi Hinrikssyni á miðju ári 2005. Stofnaður var 8. flokkur, blandaður báðum kynjum og þjálfaði Raket Logadóttir þann flokk. 3. og 4. flokk kvenna þjálfuðu þeir Björn Sigurbjörnsson og Freyr Alexandersson. Naut Freyr

aðstoðar Margrétar Láru Viðarsdóttur. 5. flokk þjálfaði Theodór Sveinjónsson með aðstoð Leu Sifjar Valsdóttur, en hún var einnig aðalþjálfari 6. flokks. Aðstoðarþjálfari í 6. flokki kvenna á starfsárinu var Signý Heiða Guðnadóttir. Raket Adolphsdóttir þjálfaði 7. flokk stúlkna með aðstoð Kristínar Jónsdóttur, en Raket lét af störfum á miðju sumri og tók Kristín þá ein við flokknum. Garðar Smári Gunnarsson lætur af starfi þjálfara 3. flokks og það gerir einnig Baldur Þórólfsson, sem þjálfað hefur 7. flokk.

Unglingaráð og knattspyrnudeild Vals þakkar þeim þjálfurum sem létu af störfum á tímabilinu fyrir samstarfið á liðnum árum og óskar öllum núverandi þjálfurum velfarnaðar í krefjandi starfi.

#### Yfirþjálfarar

Á liðnu starfsári störfuðu tveir yfirþjálfarar fyrir 2. flokk og alla yngri flokka félags-





Úr leik 7. flokks við Fylki.



ins. Ekki er nokkur vafi á að störf yfirþjálfara styrkja mjög aðalþjálfara í störfum fyrir félagið og miklu skiptir að þjálfarar yngri flokka hafi aðgang að traustum bakhjarli vegna vinnu sinnar og skiptir þá engu hve mikil reynsla hvers þjálfara er fyrir. Yfirþjálfurum, sem aðstoðuðu unglingaráð og stjórn deildarinnar við ráðningu þjálfara, er m.a. ætlað það hlutverk að binda sama þjálfarateymi yngri flokka og tryggja að þar vinni allir í sömu átt og eftir sömu hugmyndafræði. Starfi yfirþjálfara kvennaflokka á starfsárinu gegndi Elísabet Gunnarsdóttir þjálfari meistaraflokks kvenna og sama starfi karlaflokka gegndi Þór Hinriksson aðstoðarþjálfari meistaraflokks karla. Sú breyting varð hinn 1. okt. síðastliðinn að Þór Hinriksson lét af störfum sem yfirþjálfari og þar með störfum fyrir yngri flokka og eru honum færðar þakkir fyrir samstarfið.

**Knattspyrnskóli**

Knattspyrnskóli Vals var rekinn með svipuðu fyrirkomulagi og á fyrri árum með sérstaka áherslu á einstaklingsþjálfun eldri þátttakenda. Starfstími skólans var í um tíu vikur í sumar og voru námskeið skólans vel sótt af drengjum og stúlkum. Skólastjóri eins og áður var Elísabet Gunnarsdóttir og naut hún einkum aðstoðar liðsmanna meistaraflokks kvenna.

Hressir strákar í 7. flokki á Skagamótinu.



6. fl. kk, sigurvegarar innanhúss á Shellmóti. Frá vinstri: Elvar Freyr aðstoðarþjálfari, Andri, Þorgils, Ýmir Örn, Einar Nói, Agnar Hákon Kristinsson þjálfari, Aron Elí, Dantel, Breki, Viktor Orri og Gunnar.

**Uppskeruhátíð yngri flokka Vals**

Uppskeruhátíð yngri flokka knattspyrnu-deildar 2006 var haldin sunnudaginn 17. september að viðstöddu miklu fjölmenni. Var hátíðin haldin í safnaðarheimili Háteigskirkju vegna aðstöðuleysis að Hlíðarenda. Hefðbundnar viðurkenningar voru veittar á hátíðinni og gerðu þjálfarar þar grein fyrir gengi flokka sinna með stuttri skýrslu. Að lokinni afhendingu viðurkenninga bauð knattspyrnudeild Vals upp á veitingar með aðstoð iðkenda sem mæta með brauðmeti og kökur til hátíðarinnar á sameiginlegt veisluborð samkvæmt áralangri hefð.

Sá háttur hefur verið hafður á verðlaunaafhendingu yngri flokka Vals að veita öllum iðkendum verðlaunapening. Að auki fá iðkendur í 4.-7. flokki drengja og stúlkna viðurkenninguna Liðsmaður flokksins. Sú viðurkenning hefur nú verið veitt í fjögur ár í stað viðurkenningarinnar Leikmaður flokksins. Er þetta gert í anda stefnuýfirlýsingar ÍSÍ um barna- og unglingsþróttir og einnig Knattspyrnu- og uppeldisstefnu Vals. Viðurkenninguna Liðsmaður flokksins hlýtur sá einstak-

Fjórði flokkur karla. Efri röð frá vinstri: Þorsteinn þjálfari, Bergsteinn, Guðmundur Óli, Ingólfur, Ásbjörn, Hjörtur Snær, Snorri Már, Einar Jóhann, Grímur og Valdimar. Neðri röð: Jóhannes, Þorsteinn, Kolbeinn, Erwin, Sverrir, Gunnar Smári, Kristján, Óðinn og Valdimar.


ingur sem að mati þjálfara hefur verið öðrum iðkendum flokksins til fyrirmyndar, haft jákvæð og hvetjandi áhrif á félagi sína og sýnt þróðmennsku gagnvart samherjum sínum og þjálfara, innan vallar og utan. Landsbanki Íslands styrkti uppskeruhátíðina með fjárframlagi sem nýtt var til kaupa á verðlaunagripum. Var Áslaug Birgisdóttir, starfsmaður í markaðsdeild Landsbankans, sérstakur gestur uppskeruhátíðarinnar að þessu sinni. Var þátttaka bankans á grundvelli sérstaks samstarfssamnings félagsins og bankans. Reynslan af samstarfi félagsins við Landsbankann hefur yfirleitt verið góð og getur verið verðmæt fyrir unglingsastarf á vegum félagsins. Hinu er þó ekki

Hressar stelpur í 5. flokki. Berglind, Elín Metta, Hildur, Svava og Ingunn.





4. flokkur kvenna fagnar gullverðlaunum á Rey Cup með tilþrifum eftir 1–0 sigur á KR í spennandi úrslitaleik.



Gestur Svansson afhendir Heiðu Dröfn Antonsdóttur fyrirliða 4. fl. kvenna 100 þús. kr. ávísun frá Studurum til frekara uppbyggingarstarfs flokksins.

Viðurkenninguna Dómari ársins hlaut Magnús Steinþórsson.

#### Þátttaka yngri flokka í mótum

Valur tók þátt að venju þátt í öllum hefðbundnum mótum á vegum KSÍ og KRR auk ýmissa annarra helgarmóta sem haldin voru á starfsárinu vítt og breitt um landið. Árangur í flestum flokkum var góður. Bent er sérstaklega á fréttir af starfi og gengi yngri flokka á valur.is, en unglingaráð leggur mikið upp úr því að fluttar séu fréttir af starfi flokkanna á heimasíðu félagsins.

#### Drengjaflokkar

Árangur 3. flokk karla á Íslandsmótinu varð þó því miður ekki eins og vænst var og féll liðið í B-deild á ný. Nokkur stígandi var í árangri 4. flokks karla á sama móti og góður endasperttur á lokametrunum eftir góðan árangur á Rey Cup í júlí tryggði viðunandi niðurstöðu í Íslandsmótinu. Verður allt kapp lagt á að bæta gengi flokksins á næsta Íslandsmóti.

5. flokkur drengja var mjög fámennur lengst af og skýrir það einna helst slakt gengi flokksins á árinu. Mikilvægt er þar, eins og í 4. flokki karla, að tryggja viðunandi fjölda iðkenda og koma í veg fyrir brottfall í þessum flokki sem hefur

að leyna að erfitt hefur á stundum verið að uppfylla kröfur bankans um virkni reikninga iðkenda og því hafa færri krónur skilað sér til starfsins en á upphafsárunum.

#### Friðriksbikar, Lollabikar og dómara-verðlaun

Á uppskeruhátíð yngri flokkanna 2006 var Friðriksbikarinn veittur í þriðja sinn. Gerð hefur verið grein fyrir tilurð þessarar verðlaunaveitingar í fyrri skýrslum, en um er að ræða viðurkenningu fyrir iðkendar í 3. flokki karla og kvenna. Gefandi Friðriksbikarsins er KB banki við Hlemm og er bikarinn að sjálfsögðu kenndur við Sr. Friðrik Friðriksson. Björg Magnea Ólafsdóttir aðstoðaði á hátíðinni við veitingu verðlaunanna í fjarveru Þorsteins Ólafssonar útibússtjóra KB banka. Um er að ræða veglegan farandbikar og annan til eignar sem veittur er árlega til iðkenda í 3. flokki karla og kvenna sem þykja skara fram úr í félagsþroska innan vallar sem utan. Í ár hlutu viðurkenninguna þau Lilja Gunnarsdóttir

og Tómas Karl Kjartansson. Unglingaráð færir KB banka sérstakar þakkar fyrir aðkomuna að þessum verðlaunum.

Á liðnu starfsári hlaut Heiða Dröfn Antonsdóttir 4. flokki kvenna Lollabikarinn svonefnda sem kenndur er við Ellert heitinn Sölvason eins og öllum er kunnugt um.



Strákar úr 7. flokki leiða leikmenn meistaraflokks Vals inn á völlinn.



hingað til verið nokkuð fjölmennur. Mikil stígandi og áberandi framfarir iðkenda urðu hins vegar í **6. flokki** undir stjórn Agnars Kristinssonar. Þá urðu einnig miklar framfarir iðkenda í **7. flokki** sem var fjölmennur eins og 6. flokkur. Báðir flokkar telja um 50 iðkendur hvor um sig. Takist að koma í veg fyrir óeðlilegt brottfall í 3.-5. flokki drengja er ljóst að framtíðin er björt á Hlíðarenda.

### Stúlknaflokkar

Hvað varðar stúlkna-flokka félagsins má í heildina segja að þar hafi uppskeran verið betri en hjá drengjaflokkunum og stóðu allir flokkar undir væntingum og vel það. Að öllum öðrum flokkum ólöstuðum er árangur **4. flokks kvenna** sá besti sem um getur lengi hjá yngri flokkum félagsins, en flokkurinn sigursæli, undir stjórn Freys Alexanderssonar þjálfara, varð Íslandsmeistari bæði í A- og B-liðum á 11 manna velli og vann að auki gullverðlaun á öllum mótum sem flokkurinn tók þátt í á tímabilinu, t.d. Rey Cup, Síamótinu og Reykjavíkurmótinu.

Árangur **3. flokks kvenna** var einnig mjög góður, t.d. Reykjavíkurmeistaratitill, og flokkurinn stóð sig einnig vel á sterku móti í Danmörku. Aðrir flokkar,



Steinþór Gíslason hefur betur í skalla-einvígi við Skagamann.

Finnur K.



Elísabet Gunnarsdóttir þjálfari meistaraflokks kvenna og Theodór Sveinjónsson aðstoðarþjálfari hampa Íslandsmeistarabikarnum.

þ.e. **5., 6. og 7. flokkur**, náðu mjög góðum árangri í mótum ársins og voru oftast en ekki í verðlaunasætum, sem langan tíma tæki að telja upp í skýrslu sem þessari.

### Starfsfólk að Hlíðarenda

Unglingaráð naut á tímabilinu aðstoðar Péturs Veigars Péturssonar íþróttafulltrúa, Péturs Stefánssonar og Óthars Edvardssonar, framkvæmdastjóra og Sigríðar Þórarinsdóttur og Orra á skrifstofu félagsins og eru þessu fólki færðar bestu þakkir fyrir veitta aðstoð við unglíngaráð, sem og húsvörðum að Hlíðarenda.

### Skipan unglíngaráðs

Á liðnu starfsári störfuðu í unglíngaráði, auk formanns, þau Bára Bjarnadóttir, Guðni Olgeirsson, gjaldkeri, Jón Gunnar Bergs, ritari og Jónína Ingvadóttir. Úr

unglingaráði hverfur að þessu sinni Jón Gunnar Bergs. Eru honum færðar bestu þakkir fyrir samstarfið.

Til stendur að breyta starfsháttum unglíngaráðs og efla ráðið með því að fá til starfa fleiri fulltrúa og tengja unglíngaráðið enn betur foreldrastarfinu að baki hverjum flokki, en ljóst má vera að enn þarf að efla virkni þeirra mörgu áhugasömu stuðningsmanna sem næstir iðkendum standa. Þannig verður félagið öflugra og óþrjótandi verkefnið dreifast á fleiri hendur. Með því verður öllu því góða fólki sem í raun vill hag félagsins sem mestan veittur beinn og óbeinn aðgangur að starfinu. Ljóst er að enn þarf að vinna mikið uppbyggingarstarf í öllum flokkum félagsins með það að markmiði að efla starfið enn frekar og fjölga iðkendum.

Þrátt fyrir að hin mikla breyting sem varð í upphafi starfsársins á skipan þjálfara flokkanna og ráðning yfirþjálfara hafi mjög augljóslega skilað sér í bættu starfi, má enn bæta starfið og efla og styrkja félagið og efla til heilla fyrir alla Valsmenn í framtíðinni.



Garðar Jóhannsson gefur ekkert eftir.

Finnur K.





Meistaraflokkur kvenna í knattspyrnu 2006. Efri röð frá vinstri: Theódór Sveinjónsson aðstoðarþjálfari, Ásta Árnadóttir, Ásthildur M. Hjaltadóttir, Margrét Lára Viðarsdóttir, Málfríður E. Sigurðardóttir, María Rós Arngrímsdóttir, Ragnheiður Jónsdóttir liðsstjóri. Miðröð frá vinstri: Óttar Edvardsson framkvæmdarstjóri, Elísabet Gunnarsdóttir þjálfari, Erla Sigurbjartsdóttir mfl.ráði, Hlíf Hauksdóttir, Guðrún María Þorbjörnsdóttir, Margrét Magnúsdóttir, Lilja Gunnarsdóttir, Pála Marie Einarsdóttir, Sara Sigurlásdóttir, Ólafur Pétursson markmannsþjálfari, Jóhannes Marteinsson sjúkrahjálfi. Nedri röð frá vinstri: Guðný Óðinsdóttir, Dóra María Lárusdóttir, Guðbjörg Gunnarsdóttir, Katrín Jónsdóttir fyrirliði, Ása Dögg Adalsteinsdóttir, Thelma Ýr Gylfadóttir, Andrea Ýr Gústafsdóttir. Á myndina vantar: Rákel Logadóttur, Hallberu Guðnýju Gísladóttur, Rut Bjarnadóttur, Laufeyju Jóhannsdóttur. Ásbjörn Þór

## Skýrsla vegna meistaraflokks kvenna tímabilið 2006

### Leikmannamál

Eftir tímabilið 2005 urðu Valsstúlkur fyrir blóðtöku þegar þrír leikmenn ákváðu að leggja skóna á hilluna, þær Íris Andrésdóttir (fyrirliði), Laufey Ólafsdóttir og Katrín Heiða Jónsdóttir. Landsliðskonan Dóra Stefánsdóttir yfirgaf svo herbúðir liðsins og hélt til Svíþjóðar, þar sem hún spilar nú með Malmö FF. Einnig lagði Vilborg Guðlaugsdóttir skóna á hilluna.

En það er ekki í eðli okkar að gefast upp. Hafist var handa við að styrkja hópinn fyrir komandi átök. Stelpurnar fengu til liðs við sig landsliðskonuna Katrínu Jónsdóttur, sem kom frá Noregi þar sem hún hafði spilað fótbolta í efstu deild. Katrín hafði áður spilað með liðinu, sumarið 2004. Einnig komu þær Hallbera Guðný Gísladóttir og Thelma Ýr Gylfadóttir frá ÍA. Stelpurnar fengu og góðan liðsstyrk úr Kópavoginum en

markvörðurinn Ása Dögg Adalsteinsdóttir gekk til liðsins frá HK.

Nokkrir erlendir leikmenn komu við sögu hjá meistaraflokki kvenna í sumar. Bandaríkjamaðurinn Tatiana Mathelier kom til liðs við liðið í upphafi sumars, en meiddist illa og spilaði ekki nema tvo leiki með liðinu. Einnig Þjóðverjinn Viola Odebrech, en hún var m.a. í landsliðshópi Þjóðverja sem varð heimsmeistari. Af persónulegum ástæðum þurfti hún þó að snúa til síns heima fyrir en búist var við og spilaði ekki nema fimm leiki með liðinu. Það kom þó ekki að sök því um leið og Viola yfirgaf Hlíðarenda kom til liðs við félagið fyrirliði skoska landsliðsins, Julie Fleting. Julie spilaði tvo leiki í Landsbankadeildinni og skoraði í þeim fjögur mörk. Einnig spilaði hún með liðinu gegn KR í átta liða úrslitum bikarsins. Enn og aftur var gæfan ekki með í för þegar kom að erlendum leikmönnum og yfirgaf Julie liðið fyrir en vonir stóðu til.

### Þjálfarateymi

Þjálfari liðsins var sem fyrr Elísabet Gunnarsdóttir en hún skrifaði nýverið undir nýjan þriggja ára samning við félagið. Aðstoðarþjálfari meistaraflokks í sumar var Theódór Sveinjónsson sem jafnframt sá um þjálfun 2. flokks félagsins. Sem fyrr var markmannsþjálfari liðsins Ólafur Pétursson.

Æfingar liðsins fóru fram í Egilshöll síðastliðinn vetur auk þess sem stelpurnar æfðu þrek og styrk í Sporthúsinu í Kópavogi. Í sumar fóru æfingar liðsins fram á gamla aðalvellið á Hlíðarenda.

### Umgjörð

Kvennaráð skipuðu í sumar þau Erla Sigurbjartsdóttir, Eva Halldórsdóttir, Ásta Indriðadóttir, Kjartan Orri Sigurðsson og Ragnar Vignir. Mæddi töluvert á kvennaráði þar sem heimaleikir liðsins fóru fram á Valbjarnarvelli vegna framkvæmdanna að Hlíðarenda.

### Árangur í mótum

Tímabilið hófst með þátttöku í deildarbikarkeppni KSÍ. Stelpurnar léku til úrslita við Breiðablik og tapaðist sá leikur 1-2. Stelpurnar tóku einnig þátt í Reykjavíkurmótinu og þurfti að gera sér 2. sætið að góðu. Í maímánuði tapaði liðið í Meistarakeppni KSÍ gegn Breiðabliki, 5-1.

Íslandsmótið hófst í maí.



Innbyrðis æfingaleikur meðan beðið var eftir Íslandsmeistarabikarnum.



Matthías Guðmundsson Víkinga.





Guðni H.

Stuðarar voru kosnir bestu stuðningsmenn í Landsbankadeild kvenna og færðu þeir yngri flokkum kvenna verðlaunaféð, 200 þús. kr.

Stelpurnar spiluðu 14 leiki í Landsbankadeildinni og töpuðu einungis einum leik, gegn Breiðabliki á útivelli og enduðu mótið þar með 39 stig. Liðið skoraði í þessum leikjum 90 mörk og fékk einungis á sig átta mörk. Liðið var því krýndur Íslandsmeistari eftir síðustu umferðina, en það er þó vert að geta þess að lið FH, sem var andstæðingur liðsins í þeim leik, mætti ekki til leiks eins og flestir muna sjálfsgagt eftir.

Bikarkeppnin hófst með leik gegn KR í Frostaskjólínu í átta liða úrslitum og vannst sá leikur 0-3. Í undanúrslitum léku stelpurnar gegn Stjörnunni og höfðu sigur, 2-1. Úrslitaleikurinn var gegn Breiðabliki og eftir að jafnt hafði verið eftir venjulegan leiktíma, 2-2, og aftur eftir framlengingu, 3-3, þurfti að grípa til vítaspyrnukeppni. Þar höfðu Valsstúlkur betur og hömpuðu því bikarmeistaratitlinum sumarið 2006.

Hópurinn uppskar ríkulega á lokahófi KSÍ en í liði ársins voru valdar þær Guðný Björk Óðinsdóttir, Ásta Árnadóttir, Rákel Logadóttir, Katrín Jónsdóttir fyririrliði og Margrét Lára Viðarsdóttir. Elísabet Gunnarsdóttir var valin þjálfari ársins, Guðný Björk Óðinsdóttir var valin efnilegasti leikmaður deildarinnar og Ásta Árnadóttir sá þrúðasti. Þá er óupp-talinn þáttur Margrétar Láru Viðarsdóttur, sem var valin besti leikmaður Landsbankadeild-

arinnar auk þess sem hún fékk gullskóinn fyrir að hafa skorað flest mörk. Margrét Lára skoraði 34 mörk í 13 leikjum í Landsbankadeildinni sem er met og fimm mörk í þremur bikarleikjum, þar af þrjú í úrslitaleiknum sjálfum. Stuðningsmenn Vals, Stuðararnir, fengu svo stuðningsmannaverðlaunin í kvennaflokki.

Nú þegar hefur Margrét Lára Viðarsdóttir tekið tilboði um að leika knattspyrnu í efstu deild í Þýskalandi og ljóst að hún mun ekki leika með Valsstelpum á næsta tímabili.

## 2. flokkur kvenna

Theodór Sveinþósson annaðist þjálfun 2. flokks kvenna síðasta tímabil og verður áfram með hópinn á næsta tímabili. Flokkurinn var fremur fámennur og fékk oftast en ekki liðsstyrk frá stelpum í 3. flokki. Flokkurinn lék í A-deild Íslandsmótsins og var árangur liðsins ágætur, lenti í 3.-5. sæti deildarinnar. Nokkrar stúlkur úr hópnum fóru með 3. flokki í vel heppnaða keppnisferð til Danmerkur. Mikið brottfall hefur verið úr 2. flokki á undanförunum árum en í hópnum núna eru margar efnilegar stúlkur sem eiga framtíðina fyrir sér. Í haust voru fimm stúlkur úr hópnum valdar í U17 landsliðshópinum. Einnig hafa fimm stúlkur úr Val verið valdar í U19 landsliðshópinum og eru nokkrar þeirra fastaleikmenn í meistaraflokki.

## Skýrsla vegna meistaraflokks karla tímabilið 2006

### Leikmannamál

Eftir keppnistímabilið 2005 yfirgáfu eftirtaldir leikmenn liðið: Kristinn Ingi Lárússon og Stefán Helgi Jónsson lögðu skóna á hilluna, Sigurður Sæberg fór í HK, Grétar Sigfínnur Sigurðsson fór til Víkings, Rafn Vilbergsson fór til Njarðvíkur, Einar Njálsson fór í Fjölni, Einar Óli Þorvarðarson fór í Aftureldingu, Bjarni Ólafur Eiríksson var seldur til Silkiborgar, Sigþór Júlíusson var lánaður til Völsungs og síðar seldur til KR, Torfi Hilmarsson var lánaður til Aftureldingar, Þórður Hreiðarsson fór í Þrótt, Baldvin Hallgrímsson fór í Þrótt, Jóhann Hreiðarsson í Þrótt og í sumar var Ari Freyr Skúlason seldur til Häcken og Garðar Gunnlaugsson seldur til Norrköping og Jakob Spansberg var seldur til Leiknis.


Eftirtaldir leikmenn gengu til liðs við Val: Jakob Spansberg kom frá Leikni, Andri Valur Ívarsson frá Völsungi, Valur Fannar Gíslason frá Fylki, Árni Ingi Þjéttursson kom frá Bandaríkjunum, Barry Smith frá Dundee í Skotlandi, Kristinn Hafliðason frá Þrótti, Pálmi Rafn Pálmason frá KA, Þorvaldur Makan frá Fram, Örn Kató Hauksson frá KA og í sumar var Garðar Jóhannsson keyptur til Vals frá KR.

### Þjálfarateymi

Willum Þór Þórsson var sem fyrr aðalþjálfari liðsins og nú á dögnum framlengdi hann samningi sínum við Val til a.m.k næstu þriggja ára. Þór Hinriksson



ndsson í baráttu við Finnur K.



Garðar Jóhannsson nálægt því að skora.

Finnur K.



Meistaraflokkur karla í knattspyrnu 2006. Efsti röð frá vinstri: Atli Sveinn Þórarinnsson, Andri Valur Ívarsson, Garðar Jóhannsson, Baldur Þórólfsson, Steinþór Gíslason, Hálfán Gíslason, Willum Þór Þórsson þjálfari. Miðröð frá vinstri: Þór Hinriksson aðstoðarþjálfari, Ótthar Edvardsson framkvæmdastjóri, Birkir Már Sævarsson, Pálmi Rafn Pálmason, Kristinn Guðmundsson, Baldur Adalsteinsson, Sigurður Sigurðsson, Valur Fannar Gíslason, Barry Smith, Matthías Guðmundsson, Friðrik E. Jónsson sjúkrapjálfi, Halldór Eypórsson liðsstjóri. Neðsta röð frá vinstri: Þorvaldur Makar, Árni Ingi Pjetursson, Kjartan Sturlusson, Sigurbjörn Hreiðarsson fyrirliði, Ágúst Garðarsson, Kristinn Hafliðasson, Örn Kató Hauksson, Guðmundur Benediktsson, Björgvin Björgvinsson stuðningsmaður.



var aðstoðarþjálfari, Bjarni Sigurðsson sá um þjálfun markvarða og Halldór Eypórsson var sem fyrr liðsstjóri og Friðrik Ellertsson sjúkrapjálfi.

#### Nefndir og ráð

Meistaraflokksráð karla var skipað þeim Ótthari Edvardssyni sem var formaður og Braga Bragasyni. Heimaleikjanevnd var skipuð þeim Þurý Björk Björgvinsdóttir, Helgu Eiríksdóttir, Skúla Edvardssyni og síðan komu fjölmargir aðrir að heimaleikjum.

#### Þátttaka í mótum

Árangur liðsins í sumar var mjög góður og verður að skoðast í ljósi aðstöðuleysis og að liðið hafði engan fastan samastað og spilaði heimaleiki á útivelli sem var Laugardalsvöllur.

Liðið lenti í 5. sæti síns riðils í deildarvikarinn, á Reykjavíkurmótinu lenti liðið í 2. sæti síns riðils en í raun vann

liðið riðilinn en tapaði á móti Fram vegna kæru vegna ólöglegs leikmanns. Á Íslandsmótinu endaði liði í 3. sæti og var afar óheppið að taka ekki annað sætið en það tapaðist á síðustu sekúndu í síðasta leik á móti KR. Ekki tókst að verja bikarmeistaratilinn og féll liðið úr keppni eftir að hafa tapað á móti Víkingum.

Í ár tók Valur þátt í Evrópukeppni karla í knattspyrnu í fyrsta skipti í langan tíma. Mótherjar Vals voru ekki að lakari taginu en við drógumst gegn einu besta liði Norðurlanda, Brøndby. Fyrri leikurinn var ytra og endaði 3-1. Ljóst var að okkar menn áttu talsverða möguleika á að komast áfram og því mikil spenna fyrir síðari leiknum. Leiknum var sjónvarpað beint til Danmerkur og endaði 0-0 og þar með ljóst að okkar þátttöku var lokið.

Ljóst er að leikmenn Vals vöktu mikla athygli annarra liða á Norðurlöndum því í kjölfarið á síðari leiknum tóku fyrirspurnir að berast Val vegna nokkurra

leikmanna liðsins. Stjórn knattspyrnu-deildar tók vel ígrundaða ákvörðun um að selja tvo af leikmönnum liðsins til Svíþjóðar vegna þeirra ástæðu að viðunandi tilboð barst í þá, þ.e. Ara Frey Skúlason og Garðar Gunnlaugsson. Í kjölfarið gerði stjórn knattspyrnu-deildar tilboð í Garðar Jóhannsson hjá KR sem var tekið. Ekki hafði áhugi erlendra liða minnkað á leikmönnum Vals þrátt fyrir að Ari og Garðar hefðu verið seldir því tilboð barst í Garðar Jóhannsson frá Noregi sem var tekið. Kom í ljós að ekki var unnt að skrá leikmanninn hjá norska knattspyrnusambandinu þar sem hann hafði spilað með tveimur félagsliðum í sama mánuði. Norska liðið og Valur tóku þá ákvörðun að láta samninginn standa fram í janúar og í millitíðinni að leita liðsinnis KSÍ og láta reyna á hvort ekki fengist undanþága fyrir leikmanninn.

Valur eignaðist A-landsliðsmann á árinu þegar Matthías Guðmundsson var valinn í hópinn. Pálmi Rafn, Ari Freyr og Birkir Már voru valdir í U21 landsliðið.

Nú liggur fyrir að Matthías Guðmundsson hefur yfirgefið Val og skipt yfir í FH.

#### Fjármál

Aldrei fyrr í sögu Vals hefur velta deildarinnar verið jafn há og núna og fer yfir 100 milljónir króna. Kostnaður hefur aukist jafnt og þétt og þá aðallega vegna þjálfara, leikmanna og eins hefur aðstöðuleysið kostað deildina drjúga fjárhæð. Jafnvægi var í rekstri deildarinnar.

#### 2. flokkur karla

Guðmundur Brynjólfsson þjálfaði 2.



Finnur K. Steinþór Gíslason.



Pálmi Rafn Pálmason.



Það er ekki alltaf  
elsku mamma í  
fótbolta.

Finnur K.

flokk á síðasta tímabili en hann þjálf-  
aði flesta strákana einnig í 3. flokki. Í  
hópnum eru margir efnilegir strákar en  
árangur flokksins var undir væntingum í  
Íslandsmótinu, en í lok tímabils var fall

í B-deild staðreynd. Margir úr hópnum  
voru á yngsta ári og verða reynsluni  
ríkari á næsta tímabili en stefnan er sett  
á að vinna sæti að nýju í A-deild. Guð-  
mundur hefur látið af störfum sem þjálf-

ari og eru honum þökkud vel unnin störf.  
Jóhann Gunnarsson hefur tekið við þjálf-  
un 2. flokks en hann starfaði hjá Val fyrir  
nokkrum árum. Tveir strákar í flokknum  
hafa verið valdir í úrtakshóp U17 lands-  
liðsins.

### Nú þegar hafa eftirfarandi leikmenn gengið til liðs við Val

Jóhann Helgason frá Grindavík  
Hafþór Ægir Vilhjálmsson frá ÍA  
Daníel Hjaltason frá Víkingi  
Réne Carlsen frá Randers  
Baldur Bett frá FH  
Gunnar Einarsson frá KR  
Helgi Sigurðsson frá Fram

F.h. knattspyrnudeildar Vals  
E. Börkur Edvardsson, formaður

## Viðurkenningar á uppskeruhátíð knattspyrnudeildar Vals 2006:

### 8. flokk

Engin einstaklingsverðlaun, byrjaði fyrst í  
vetur. Strákar og stelpur.

### 7. flokkur stúlkna

Mestu framfarir:  
Anna Rós Árnadóttir  
Besta ástundun: Snædis Logadóttir  
Liðsmaður flokksins:  
Kristín Ýr Jónsdóttir

### 6. flokkur stúlkna

Mestu framfarir: Vaka Njálisdóttir  
Besta ástundun: Málfríður Eiríksdóttir  
Liðsmaður flokksins:  
Ása Bríet Bratteberg

### 5. flokkur stúlkna

Mestu framfarir:  
Villimey Líf Friðriksdóttir  
Besta ástundun: Elín Metta Jensen  
Liðsmaður flokksins:  
Hugrún Arna Jónsdóttir

### 4. flokkur stúlkna

Mestu framfarir: Thelma Ólafsdóttir  
Besta ástundun: Katrín Gylfadóttir  
Liðsmaður flokksins:  
Heiða Dröfn Antonisdóttir

### 3. flokkur stúlkna

Mestu framfarir:  
Guðlaug Rut Þórsdóttir  
Besta ástundun:  
Thelma Björk Einarsdóttir  
Leikmaður flokksins:  
María Rós Arngrímsdóttir  
Leikmaður flokksins:  
Anna Guðmundsdóttir  
Friðriksbikarinn: Lilja Gunnarsdóttir

### 2. flokkur stúlkna

Allur flokkurinn saman fékk verðlaun, ekki  
einstaklingsverðlaun.

### 7. flokkur drengja

Mestu framfarir: Steinn Logi Björnsson  
Besta ástundun: Bræðurnir Árni Davíð og  
Gunnar Magnús Bergs  
Liðsmaður flokksins:  
Kristófer Orri Pétursson

### 6. flokkur drengja

Mestu framfarir:  
Marteinn Högni Elíasson  
Besta ástundun:  
Viktor Páll Sigurðsson  
Liðsmaður flokksins:  
Sturla Magnússon

### 5. flokkur drengja

Mestu framfarir:  
Guðmundur Már Þórsson  
Besta ástundun:  
Haukur Ásberg Hilmarsson  
Liðsmaður flokksins: Breki Bjarnason

### 4. flokkur drengja

Mestu framfarir:  
Einar Jóhann Geirsson  
Besta ástundun: Ingólfur Sigurðsson  
Liðsmaður flokksins:  
Grímur Guðjónsson

### 3. flokkur drengja

Mestu framfarir: Fitim Morina  
Besta ástundun: Magnús Þór Þórsson  
Leikmaður flokksins:  
Hlynur Þorsteinnsson  
Friðriksbikarinn:  
Tómas Karl Kjartansson

### 2. flokkur drengja

Mestu framfarir: Einar Brynjarsson  
Besta ástundun: Guðmundur S. Hafsteins.  
Leikmaður flokksins: Einar Marteinnsson

Lollabikarinn: Heiða Dröfn Antonsson.

Dómari ársins: Magnús Steinþórsson

### Meistaraflokkur karla

Efnilegastur: Birkir Már Sævarsson  
Besti leikmaður: Kjartan Sturluson

### Meistaraflokkur kvenna

Efnilegust: Guðný Óðinsdóttir  
Besti leikmaður:  
Margrét Lára Viðarsdóttir

### Lollabikar frá upphafi

Lollabikarinn er gefinn af Ellert Sölvasyni,  
Lolla í Val, og skal veittur þeim leikmanni  
yngri flokka Vals sem þykir hafa skarað  
fram úr í knattleikni og tækni.

2006 Heiða Dröfn Antonisdóttir

2005 Ingólfur Sigurðsson

2004 Bergþóra Baldursdóttir

2003 Guðmundur Steinn Hafsteinnsson

2002 Stefán Þórarinnsson

2001 Thelma Björk Einarsdóttir

2000 Dóra Stefánsdóttir

1999 Ingunn Einarsdóttir

1998 Guðný Þórðardóttir

1997 Dóra María Lárusdóttir

1996 Raket Logadóttir

1995 Matthías Guðmundsson

1994 Anna Björg Björnsdóttir

1993 Gunnar Örn Jónsson

1992 Halldór Hilmisson

1991 Hörður Aðalsteinnsson

1990 Berglind Jónsdóttir

1989 Einar Þór Daníelsson



# Uppskeruhátíð knattspyrnudeildar 2006



Dómari ársins: Magnús Steinþórsson.



8. flokkur karla og kvenna og Rákel.



7. fl. kvenna. Snædís, Kristín Ýr, Anna Rós og Kristín.



7. fl. karla. Rákel, Gunnar Magnús, Kristófer Orri, Árni Davíð og Baldur.



6. fl. kvenna. Málfríður, Ása Bríet, Vaka, Lea Sif og Signý Heiða.



6. fl. karla. Viktor Páll, Sturla, Marteinn Högni, Ingólfur, Agnar og Elvar Freyr.



5. fl. kvenna, Elín Metta, Huguína Arna, Theodór og Villimey.



5. fl. karla. Haukur Ásberg, Breki, Guðmundur Már, Ingólfur, Agnar og Elvar Freyr.



4. fl. kvenna. Katrín, Heiða Dröfn, Freyr og Telma Ó.



4. fl. karla. Ingólfur, Grímur, Þorsteinn og Einar Jóhann.



3. fl. kvenna. Thelma Björk, María Rós, Anna María, Guðlaug Rut og Björn.



3. fl. karla. Magnús Þór, Hlynur og Garðar.



2. fl. kvenna. Bergdís, Lovísa, Margrét, Theodór, Ingibjörg, Guðný og Ása.



2. fl. karla. Guðmundur Steinn, Einar, Einar og Elvar Már.



Lollabikarinn. Matthías Guðmundsson, Heiða Dröfn Antonsdóttir og Rakel Logadóttir.



Friðriksbikarinn: Tómas Karl og Lilja.





## Gamli góði Valsmetnaðurinn aftur kominn að Hlíðarenda

Börkur, Ótthar og Skúli Edvardssynir hafa verið áberandi á undanföllum árum í félagsstarfinu á Hlíðarenda og faðir þeirra Edvard Edvardsson hefur í marga áratugi komið með ýmsum hætti að starfsemi félagsins.

Ég hitti þá feðga að heimili Edvards föður þeirra að Grundarstíg í miðbæ Reykjavíkur á falletum sunnudegi á nóvembermánuði. Elstur af þeim bræðrum er Skúli, næst kemur Börkur og Ótthar er yngstur. Það fyrsta sem ég sá á ganginum var falletgur gylltur Valur. Heimilið ber þess merki að fótbolli er áhugamál heimilisföðursins og er gamall reimaður fótbolli uppi á hillu í forstofunni.

Ég byrjaði á að spyrja hvernig það hafi komið til að þeir bræður komu með beinum hætti að knattspyrnudeildinni. „Það var leitað til okkar Skúla fyrir 5 árum og við beðnir að aðstoða á heimleikjum Vals, sjá um hálfleikskaffi ásamt ýmsum störfum,“ segir Börkur og bætir við, „ári seinna var leitað til mín og óskað eftir því að ég settist í stjórn knattspyrnudeildar. Á þeim tíma var Jón S. Helgason formaður deildarinnar og það sama ár féllum við í eitt af þremur skiptum. Þá fannst mér félagið vera orðið hálf rotið

að innan og mig langaði að reyna að koma liðinu aftur í fremstu röð. Þá kallaði ég eftir aðstoð bræðra minna Skúla og Ótthars og tóku þeir vel í þá hugmynd þetta mun hafa verið árið 2002.“

### Edvard í stjórn knattspyrnudeildar og unglingaráði fyrir áratugum

Næst spurði ég Edvard hvort hann hafi einhvern tíma tekið þátt í stjórnunarstörfum innan Vals. „Ég sat í stjórn knattspyrnudeildar í þó nokkuð mörg ár, það mun hafa verið 1975-1979 og var Pétur Sveinbjarnarsson þá formaður og var ég meðal annars formaður unglingaráðs á þessum tíma. Og á þessum tíma fór ég fjölda ferða með yngri flokkum sem fararstjóri,“ segir Edvard.

### Allir bræðurnir í yngri flokkunum hjá Val

Næst langaði mig að forvitnast um hvort þeir bræðurnir hafi spilað og æft með Val á sínum yngri árum. Ekki stóð lengi á svarinu, allir æfðu þeir með Val í yngri flokkum félagsins og lögðu á sig langar strætóferðir ofan úr Breiðholti til að komast á æfingar. „Við þurftum að

hlaupa frá Hlemmi niður á Hlíðarenda í alls konar veðrum og minnumst við þess að Róbert Jónsson, Ingi Björn Albertsson, Halldór Halldórsson og Jóhann Larsen hafi þjálfað okkur mest ásamt nokkrum aðstoðarmönnum og við minnumst þess að Sigurður Marellsson hafi verið oft aðalþjáfurum til aðstoðar á þessum tíma. Einnig æfðum við allir handbolta á þessum árum. Í okkar flokkum æfðu margir strákar sem náðu mjög langt og sumir urðu atvinnumenn, þeir þá helst að nefna Guðna Bergs, Ingvar Guðmundsson, Jakob Sigurðsson, Valda Gríms, Geira Sveins, Antony Karl Gregory, Jón Grétar og fleiri góða pílta,“ segja þeir bræður.

### Erfitt að fá sjálfbodaðiða til starfa

Næst spurði ég þá hvernig þeim myndist staða Vals vera nú um stundir. Þeir telja allir að félagið standi að mörgu leyti á annan hátt núna en fyrir 20 árum, bæði hvað varðar fjölda iðkenda og sjálfboda-starf félagsins. Þeir telja vera mjög erfitt nú á dögum að fá fólk í sjálfbodastarf af einhverjum ástæðum, t.d. vegna vinnuálags og gríðarlega mikillar afþreyingar sem nú er í boði. Edvard finnst staða Vals nú ekki eins sterk og áður og tóku þeir

bræður undir það. En öllum þeim finnst staðan vera að batna mikið. „Það þarf að virkja foreldra mun betur í að taka þátt í félagsstarfi Vals, þetta leggst á of fáar hendur og að lokum gefast þeir hreinlega upp,” segir Edvard.

## Staða Vals er sterk núna

„En félagið er gríðarlega sterkt og fram-tíðin björt, það er engin spurning,” segir Skúli.

Edvard finnst eins og gamli tíminn sé að koma aftur, fólk taki betur þátt í starfinu eins og í gamla daga og greinilega fleira áhugasamt fólk að koma inn í starfið. Ótthar vildi koma því á framfæri að félagið stæði mjög vel, „við erum í toppbaráttu í handbolta og fótbolta bæði karla- og kvennamegin og tvöfaldir meistara í kvennknattspyrnu og það er ekkert annað lið sem stendur betur hér á landi, það er einungis körfuboltinn sem hefur verið í lægð, alla vega í meistara-flokki,” segir Ótthar.

## Ákveðið að koma Val aftur í fremstu röð

Þeir feðgar eru sammála því að margt hafi breyst fyrir fjórum árum þegar tekin var sú ákvörðun að koma Val aftur í fremstu röð og félagið hafi vaxið mikið. Sérstaklega telja þeir að knattspyrnan hafi styrkst hjá körlunum eftir að Willum kom til starfa og áhorfendum hafi fjölgað verulega 2005, þá hafi verið meiri en helmingisfjöldun frá því að Valur var í efstu deild þar á undan eða árið 2003.

## Meistaraflokkar í knattspyrnu andlit félagsins

Undirritaður spurði hvort þeir feðgar væru sammála því að meistaraflokkar félagsins í knattspyrnu væru andlit félagsins og fólk meti svoltið hvernig félagið stendur eftir frammistöðu meistaraflokka í knattspyrnu.

Þeir tóku allir undir það eins og þegar meistaraflokkur karla féll í fyrsta skipti 1999 hélt hinn almenni Valsmaður að félagið væri á niðurlæið en svo hafi nú aldeilis ekki verið.

„Meistaraflokkur karla tekur inn 85% af öllum tekjum deildarinnar þannig að það er ekki nema von að fólk líti á hann sem andlit félagsins,” segir Börkur og bætir við: „þó að handboltinn hjá Val hafi staðið sig gríðarlega vel undanfarin

ár og oft haldið heiðri félagsins á lofti. Við megum alls ekki lenda í sömu stöðu og Víkingar. Þar eru engir meistaraflokkar í handbolta og félagið á mikilli niðurlæið en meistaraflokkur Víkings í knattspyrnu heldur lífi í félaginu. Það virðist vera mikill stöðugleiki hjá okkur í þessum tveimur vinsælu íþróttagreinum,” vill Börkur að komi fram.



„Markmið undanfarinna tveggja ára hafa verið að koma félaginu á þann stað sem það á að vera, á toppnum,” segja þeir feðgarnir einum rómi.

## Miklar kröfur um árangur á Hlíðarenda í gegnum tíðina

Næst sagðist undirritaður hafa lesið í Valsblaði frá 1979 að boðað hefði verið til neyðarfundar að Hlíðarenda vegna þess að ekki náðist að landa titli það sumarið, engu að síður hefði Valur lent í öðru sæti í deild og bikar tapað úrslitaleik í bikarum 1-0 gegn Fram. Þetta lýsir metnaðinum á þessum tíma. Hvað finnst ykkur um þann metnað sem var á þessum tíma og hvar stöndum við núna? Er stefnt að titli á hverju ári eða er þetta liðin tíð? Edvard eldri svaraði strax og sagði hann að honum myndist þessi tími vera kominn aftur hjá Val. „Krafan nú á dögum er titill, engin spurning. Og nú er markið ávallt sett hátt og þar á félagið að vera. Þannig var þetta í gamla daga og núna er sami metnaðurinn kominn aftur eftir mörg ansi mögurr ár,” segir Edvard. Og Ótthar segir að markmið undanfarinna tveggja ára hafi verið að koma félaginu á þann stað sem það eigi að vera, þ.e. á toppinn og hætta þessu hoppi á milli deilda eins var á árunum 1999-2004. Skúli segir að hann hafi verið farinn að heyra það í stúkunni að menn væru bara sáttir við að vera í fyrstu deildinni, „við værum þó alltaf í toppbaráttu þar. Þetta segir manni hvers konar viðhorf hinn

almenni Valsmaður var farinn að hafa,” segir Skúli. Börkur vildi koma því á framfæri að honum myndist að það ætti að vera krafa allra Valsmanna að stefna á sigur í öllum mótum sem félagið tæki þátt í. „Svona fornfrægt stórt félag með mikla hefð á að stefna á sigur í öllum mótum bæði karla- og kvennamegin,” segir Börkur.

## Valur frumkvöðlafélag

Allir eru þeir feðgar sammála um að Valur hafi verið frumkvöðull á mörgum sviðum knattspyrnunnar, meðal annars verið fyrsta liðið sem spilaði heima-leiki á sínu svæði, fyrsta liðið sem gaf út leikskrá og Valur sé það félag sem hefur markað spor og rutt leiðina fyrir önnur félög.

## Áhugamenn um handbolta

Næst voru þeir feðgar spurðir hvort þeir fylgdust með öðrum íþróttagreinum innan Vals fyrir utan knattspyrnu. Allir segjast þeir fylgjast með handbolta, bæði vegna áhuga og svo séu synir Barkar og Ótthars að æfa og spila handbolta með yngri flokkum félagsins. Og Skúli vildi koma því á framfæri að það sé ekkert grín að vera Valsari, „við erum með lið í toppbaráttu í flestum vinsælustu hópíþróttum fyrir utan kannski körfuboltann og mikill tími fer í að sækja alla leiki, þó að áhuginn sé fyrir hendi þá verður maður að velja og hafna,” segir Skúli. Allir eiga þeir bræður börn í íþróttum og reyna að fylgjast vel með þeim og þá sé hreinlega ekki tími til þess að sækja alla kappleiki hjá Val.



## Marka þarf afreksstefnu félagsins

Hvar vilja feðgarnir sjá Val eftir tíu ár? Þeir vilja allir sjá Val á toppnum í öllum íþróttargreinum félagsins og Valur eigi að marka afreksstefnu þar sem markmiðið sé að ala upp afreksfólk í öllum boltagreinunum. Börkur vill sjá fleiri iðkendur og afreksstefnu innan Vals. Allir eru þeir sammála um að það verði að efla yngri-flokkastarf félagsins.

## Heitir stuðningsmenn Manchester United

En hvaða félag styðja þeir í enska boltanum? Allir eru þeir miklir aðdáendur Manchester United og reyna þeir feðgar að fara sem oftast til Englands að fylgjast með liði sínu, að minnsta kosti einu sinni á ári. „Valur og Manchester United eru okkar félög, þar liggja hjartaræturnar,“ segja þeir einum rómi.

## Makarnir sýna áhugamálinu skilning

Eru konur ykkar samtaka í þessu með ykkur? Þeir segja allir að konurnar standi með þeim í þessu og sýni þessu áhugamáli mikinn skilning þó svo að þær hafi ekkert sérstakan áhuga á fótbolta en í seinni tíð séu þær farnar að fylgjast betur með og segir Börkur að konan hans sé farin að koma reglulega á leiki Vals í Landsbakadeildinni. Edvard segir að stundum komi það fyrir að konur þeirra séu þreyttar á umræðunni um Val og spyrji hvort ekki sé hægt að tala um eitthvað annað en Val. Og allir eru þeir sammála því að með nýrri aðstöðu verði hægt að fjölskylduvæða íþróttirnar betur og eiginkonur og börn geti komið saman að Hlíðarenda og átt þar góðan dag.



Allir fengu þeir feðgar viðurkenningu félagsins á 95 ára afmælinu 11. maí 2006.

Það var undirrituðum sönn ánægja að spjalla við þá feðga og hefðum við getað spjallað saman fram eftir nóttu um áhugamál okkar en að lokum þakkaði ég þeim fyrir. Þeir feðgar vildu koma bestu kveðjum til Valsmanna og óska þeim gleðilegra jóla og farsæls komandi Valsárs.

# Frjálsi fjárfestingabankinn aðal styrktaraðili Vals

Frjálsi fjárfestingabankinn og Knattspyrnufélagið Valur undirrituðu árið 2006 samning um að Frjálsi fjárfestingabankinn verði aðal styrktaraðili félagsins til næstu fimm ára. Mun vörumerki Frjálsa fjárfestingabankans prýða keppnistreyjur allra keppnisflokka Vals í knattspyrnu, handknattleik og körfuknattleik bæði meistaraflokka og yngri flokka karla og kvenna. Styrktarsamningurinn er að verðmæti rúmlega 50 milljónir króna og gerir Val kleift að halda úti enn öflugra

starfi í harðri baráttu um titla á komandi leiktímabilum í meistaradeildum karla og kvenna. Jafnframt verður lögð enn ríkari áhersla á að styrkja og efla uppbyggingarstarf yngri flokka félagsins.

Kristinn Bjarnason framkvæmdastjóri Frjálsa fjárfestingabankans sagði m.a. við undirritun samningsins: „Það er mikilvægt fyrir Frjálsa fjárfestingabankann að tengjast svo öfluglu íþrótt- og uppeldisstarfi sem Valur starfrækir. Við erum stolt af því að tengja nafn okkar fyrirtækis við þetta rötgróna félag. Frjálsi fjárfestingabankinn væntir mikils af þessu samstarfi.“

Grímur Sæmundsen formaður Vals sagði við þetta tækifæri: „Fyrir Val er þetta ómetanlegur stuðningur. Við fáum nauðsynlegt fjármagn og ekki síður mikilvægan stuðning sem bein tenging við



Nedri röð frá vinstri: Ingólfur Friðjónsson lögfræðingur Frjálsa, Kristinn Bjarnason framkvæmdastjóri Frjálsa fjárfestingabankans, Grímur Sæmundsen formaður Vals og Hörður Gunnarsson varaformaður Vals. Efri röð frá vinstri: Meistaraflokksleikmenn Vals í knattspyrnu, Pálmi Rafn Haraldsson, Málfríður Erna Sigurðardóttir, Ásta Árnadóttir og Atli Sveinn Þórarinnsson.

öflugt fyrirtæki veitir íþróttafélagi. Við munum sjá til þess að samningurinn nýtist báðum aðilum vel. Hjá Val eru miklir uppbyggingartímar framundan bæði í mannvirkjagerð og félagsstarfi.“

Meðfylgjandi mynd var tekin við undirritun samningsins.





**TAGHeuer**

SWISS AVANT-GARDE SINCE 1860



**WHAT ARE YOU MADE OF?**

BRAD PITT AND HIS AQUARACER AUTOMATIC

[www.tagheuer.com](http://www.tagheuer.com)

*Leonard*

KRINGLAN / LEIFSSTÖÐ  
[WWW.LEONARD.IS](http://WWW.LEONARD.IS)



## HVER ER VALSMADURINN?

# Ég benti reiður á helvítis fíflid hann Youra!

**Hemmi Gunn stendur á sextugu og er líklega með yngri mönnum sem hafa náð þeim aldri! Hann á 43 titla að baki með Val í handbolta, fótbolta og körfubolta og íþróttaverill hans var bæði þyrnum stráður og stjörnum prýddur. Hemmi dó fyrir rúmum þremur árum en er engu að síður enn sprellifandi.**

*eftir Þorgrím Þráinsson*

Hemmi Gunn er eitt af óskabörnum Vals og líklega einn frægasti núlifandi sonur félagsins. Hann hefur verið í sviðsljósinu frá því hann hóf að sóla mann og annan með meistaraflokki aðeins sextán ára og ekkert lát er á frægðinni. Hermann er fædd sjónvarpsstjarna og hefur síður en svo sagt sitt síðasta orð á þeim vettvangi þótt hann hafi látist tímabundið fyrir rúmum þremur árum. Hemmi Gunn stendur á tímamótum um þessar mundir, varð sextugur núna í desember og á „afmæli“ á ýmsum sviðum, tengt landsleikjum, fjölmiðlum og fleiru.

### En hver er þessi Hemmi Gunn? Hver er Valsmaðurinn?

„Ég fæddist inn í miklar Vals- og KR-fjölskyldur. Móðurbróðir minn, Hermann Hermannsson, einn frægasti markvörður Íslandssögunnar, varð tíu sinnum Íslandsmeistari með Val á tólf árum. Ég bjó á Bárugötunni í Vesturbænum, mekka KR-inga, og ólst upp við það að pabbi hafði orðið Íslandsmeistari með KR. Hann og Gunnar Huseby, síðar frjálsíþróttakappi, voru báðir bakverðir. Tveggja ára fékk ég Íslandsmeistaratreju KR frá pabba og þar með hefði framtíðin átt að vera ráðin.

Þrátt fyrir KR-áhrifin lá leið mín fljótlega í KFUM og Vatnaskóg þar sem ég kynntist séra Friðriki Friðrikssyni og var svo heppinn að sitja nokkrum sinnum til borðs með honum. Hermann frændi var líka mikill áhrifamaður í mínu lífi þannig að bæði Valur og KR áttu hlutdeild í mér strax á unga aldri.

Ég var stanslaust í fótbolta með mér eldri strákum í Vesturbænum, köppum eins og Þórólfi Beck, Erni Steinsen og þeim kjarna sem átti eftir



*Hemmi Gunn og Siggi Dags þegar þeir voru upp á sitt besta, árið 1970.*

að mynda Íslandsmeistaralið KR. Við vorum í fótbolta frá morgni til kvölds á Framnesvegarvellinum og þar sem ég var

langyngstur þurfti ég að leggja verulega hart að mér til að vera valinn í lið. Þessi KR-kjarni varð Norðurlandameistari í 3.



2. flokkur Vals sem varð Reykjavíkurmestari innanhúss árið 1971. Aftari röð frá vinstri: Halldór Einarsson (Henson), Alexander Jóhannesson, Páll Ragnarsson, Ingi Björn Albertsson, Hörður Hilmarsson og Bergsveinn Alfnsson. Fremri röð frá vinstri: Þórir Jónsson, Þorsteinn Friðbjófnsson, Ingvar Elíasson, Ragnar Ragnarsson og Hermann Gunnarsson fyrirliði.

flokki þannig að ég gat ekki verið heppnari með samherja. Þegar ég byrjaði síðan að æfa með KR fékk ég vitanlega ekki að vera í sama flokki og þessir strákar, þar sem þeir voru mun eldri, og ég hætti fljótlega eftir að hafa byrjað að æfa með 4. flokki.

Ég flutti í Smárbúðarhverfið og æfði aðeins með Víkingi en þar sem ekki var vel hlúð að okkur skiptum við tíu strákara á einu bretti yfir í Val. Gunnsteinn Skúlason og Jón Ágústsson voru í þeim hópi. Mér fannst ég vera kominn heim þegar ég byrjaði að æfa að Hlíðarenda árið 1958, ellefu ára gamall. Ég hafði nánast fengið Val með móðurmjólkinni í gegnum Hermann frænda og séra Friðrik þannig að það kom ekki á óvart þótt ég fyndi Valshjartað slá.

Ég komst fljótt í liðið í 4. flokki en síðan gerðust þau hörmulegu tíðindi, rétt fyrir fyrsta leik á Íslandsmótinu, að 5. flokkur var stofnaður. Ég var svo ungur að ég „gekk niður“ um flokk en mér þótti skelfilegt að fara að spila með einhverjum smábörnum, sem voru reyndar á sama aldri og ég. Þetta voru Svenni Alfons, Siggí Jóns, Samúel Erlings og

fullt af góðum strákum. Þjálfarinn var Elías Hergeirsson, ótrúlega natinn og skemmtilegur. Ég var gerður að fyrirliða og fékk þar af leiðandi það hlutverk að fylla út fyrirliðabækurnar sem þá tíðkuðust. Ég færði inn nákvæmar upplýsingar um það hverjir voru í liðinu hverju sinni, hvernig leikurinn var, hverjir skorðu og svo framvegis.

Mér er það minnststætt að við lékum til úrslita við Fram í Reykjavíkurmótinu á gamla Framvellingum við Sjómannaskólann. Dómarinn var ekki starfi sínu vaxinn og notaðist m.a. við stóru klukkuna á Sjómannaskólanum. Við vorum 4:1 yfir þegar um 10 mínútur voru eftir af leiknum en dómarinn virtist ósáttur og beið eftir að Fram jafnaði. Þeim tókst það og þeir skorðu síðan sigurmarkið þegar hálfleikurinn hafði varað í 45 mínútur í stað 25 mínútna. Fram vann því þetta fyrsta 5. flokksmót, frekar ósanngjarnt.

Ég fór í sveit eftir þennan leik en þegar ég kom aftur í bæinn var haustmótið að byrja. Sveitin togaði líka í mig næsta sumar og þá beið boltinn bara en þegar ég var 13 ára ákvað ég að taka fótboltann alvarlega. Næstu ár voru hreint út

sagt stórkostlegur tími því margir okkar voru í handbolta og fótbolta jöfnum höndum. Við urðum bæði Íslands- og Reykjavíkurmestarar í 4. flokki í fótbolta, unnum Víking m.a. 10:0 í úrslitaleik. Ári síðar unnum við Víking samtals 29:0 í tveimur leikjum í sömu vikunni en það skondna var að Víkingur var alls ekki með slæmt lið.

Á þessum árum var Valur að taka algjöra forystu liða í Reykjavík varðandi félagsstarfið og verður mönnum eins og Sigurði Marelssyni seint fullþakkað. Hann mótaði ákveðna stefnu Vals um þjálfun og félagsstarf unglinga og má líka nefna Árna Njálsson og Hauk Gíslason í því samhengi. Haukur var þjálfari 3. flokk árum saman með frábærum árangri, afskaplega hógvær og góður maður. Þarna myndaðist sá sterki kjarni í Val sem lifir enn á vináttunni og mun gera um aldur og ævi. Utan æfingátíma vorum við öllum stundum í gamla fjósinu, horfðum á myndasýningar frá Sigga Mar og gerðum fleira skemmtilegt. Ef menn vildu fara í bíó fórum við allir saman, fimmtán stykki.

Á þeim fimm árum sem við lékum með





Valsmenn kampakátir eftir þrefaldan sigur Vals í körfuboltanum árið 1979. Frá vinstri: Baldvin Jónsson, Grímur Sæmundsen, Bergur Guðnason, Ólafur Laufdal, Hemmi Gunn, Henson og leikmennirnir Þórir Magnússon, Ríkharður Hrafnkelsson, Sigurður Ágústsson og Torfi Magnússon.

3. og 4. flokki unnum við öll mót að einu haustmóti undanskildu. Það sama gerðist í handboltanum á sama tíma. Við unnum þetta fyrst og fremst á félagsskapnum.

Þegar ég var nýbakaður Íslandsmeistari í 3. flokki hittu ég Albert heitinn Guðmundsson, fyrsta atvinnuknattspyrnumann okkar Íslendinga og einn þann besta sem við höfum átt. Hann var góður vinur Hermanns, móðurbróður míns. Albert pikkaði í mig í fjölskylduboði þegar ég var fimmtán ára og sagði: „Ég hef aðeins fylgst með þér og það er alveg ljóst að þú verður kominn í meistaraflokk Vals í fótbolta á næsta ári.“

Mér þótti þetta alveg fáránleg della því á þessum árum var Valsliðið skipað mjög reynslumiklum mönnum sem flestir voru 25-30 ára. Síðan sagði Albert: „Þegar það gerist muntu fá tíu menn upp á móti þeir, þar af einhverja sem standa þér nærri. Öfundin mun gera vart við sig hjá þeim sem vilja vera í þínum sporum. Og ef þú stendur þig vel og nærð að festa þig í meistaraflokki færðu 10 x 10 á móti þér og ef þú verður valinn í landsliðið og lætur að þér kveða verður fjöldinn 100 x 100.“

Ég man þetta eins og Albert hefði sagt þetta í gær. Mér þótti þetta svo óraunverulegt og fjarlæggt að það eina sem ég mundi var þetta með öfundina. Svo gerðist það strax á næsta ári að ég og Svenni Alfons vorum valdir til að spila æfingaleik með meistaraflokki og vorum báðir

í byrjunarliðinu. Skömmu síðar tókum við þátt í Reykjavíkurmótinu, unnum það með stæl og við Svenni skorudum öll mörkin í úrslitaleiknum gegn Þrótti. Á þessum árum voru á bilinu 2000-6000 manns að sækja leiki í þessu móti. Þetta er árið 1963 og ég man það svo glögggt að þegar við vorum að fagna sigri heyrði ég Árna Njálsson, minn góða vin, leikmann og þjálfara tauta: „Maður er búinn að berjast í því að reyna að verða Reykjavíkurmeistari í fótbolta í níu ár og svo komu bara einhverjir krakkar og vinna þennan titil fyrir okkur.“

Ég lék með Val í öllum flokkum í fótbolta og handbolta og þó nokkra leiki með meistaraflokki í körfubolta. Það eru vitanlega milljón eftirminnilegar stundir frá þessum árum en alltaf stendur félagsskapurinn upp úr. Oftar en ekki sá amma mín sáluga ýmislegt fyrir sem átti eftir að hjálpa mér síðar. Hún sá t.d. fyrir dauða Jóns Kristbjörnssonar árið 1933 gegn KR og varaði Hermann frænda við. Ég bað oft til ömmu minnar og fann að hún veitti mér mikinn styrk.

Vorið 1966, þegar ég var nítján ára, var ég valinn í landsliðið í handbolta og fótbolta. Ég var að ljúka námi í Verzló, Reykjavíkurmótið í knattspyrnu var nýhafið og við höfðum eingöngu leikið gegn Þrótti. Ég skoraði þrjú mörk í leiknum sem var svo sem ekkert merkilegt. Ég kaus að fara með landsliðinu í handbolta í keppnisferð til Bandaríkjanna og

missti af tveimur leikjum á meðan, gegn Fram og Víkingi. Valur gerði 0:0 jafntefli báðum leikjunum og því var slegið upp í fjölmíðlum að Valur saknaði mín. Á meðan tókst mér að setja heimsmet í Bandaríkjunum með því að skora sautján mörk í einum landsleik. Metið stóð til 1995 þegar menn ákváðu að slá metið og það var Gústaf Bjarnason sem fékk dygga aðstoð við það. Hann tók öll víti í landsleik á Selfossi og honum var upplagt að ljúka öllum sóknunum. Við Gústi höfum mikið fflast með þetta síðan en það er nú önnur saga.

Í flugvélinni á leiðinni heim frá Bandaríkjunum sáum við í blöðunum að það væru vangaveltur um það hvort ég næði að spila með Val gegn KR til úrslita á Reykjavíkurmótinu. Við áttum að lenda að morgni leikdags og þar sem ég var algjörlega ósofinn og tímamunurinn mikill, átti enginn von á því að ég myndi spila. Ég var varla kominn inn um dyrnar um hádegisbil þegar Óli B. þjálfari hringdi en hann er einhver magnaðasti þjálfari sem ég hef kynnst. Ég set hann hiklaust í sama gæðaflokk og Youri Illitchev. Óli sagði að ég yrði að gjöra svo vel að mæta og ráðlagði mér að leggja mig ekki neitt yfir daginn. Mamma eldaði kjötsúpu fyrir mig og ég hékk það sem eftir lifði dags, grútsyfjaður.

Um 10.000 manns mættu á úrslitaleikinn, ekki síst til að sjá hina nýju



**AEG**

FULLKOMIN LÖGUN OG LEIKNI

**ORMSSON**

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800 · [www.ormsson.is](http://www.ormsson.is)





Hemmi Gunn varð Íslandsmeistari með Val árið 1980. Aftari röð frá vinstri: Volker Hofferbert þjálfari, Þorgrímur Þráinsson, Þorsteinn Sigurðsson, Magni Blöndal, Dýri Guðmundsson, Magnús Bergs, Matthías Hallgrímsson, Sævar Jónsson, Ólafur Danivalsson, Júlíus Júlíusson, Hörður Júlíusson og Hermann Gunnarsson. Fremri röð frá vinstri: Sigurður Sveinbjörnsson, Hilmir Ágústsson sjúkraþjálfari, Atli Geir Jóhannesson, Jón Einarsson, Óttar Sveinsson, Ólafur Magnússon, Guðmundur Þorbjörnsson, Sigurður Haraldsson, Grímur Sæmundsen og Albert Guðmundsson.

leikmenn KR, Baldvin Baldvinsson og Eyleif Hafsteinsson. Allir bjuggust við flugeldasýningu af þeirra hálfu. Baldvin og Eyleifur skorðu báðir í fyrri hálfleik og ég heyrði sönginn frá hliðarlínunni, frá stuðningsmönnum KR: „Ertu kominn heim, Hemmi? Ertu kominn heim?“

Ég hafði haft vit á því að biðja til ömmu minnar fyrir leikinn og vissi að hún myndi ekki bregðast. Undir lok fyrri hálfleiks kastaði Reynir Jóns á mig úr innkasti þar sem ég var frekar langt fyrir utan vítateigshornið. Ég lét boltann skoppa einu sinni og skaut svo með vinstri nánast aftur fyrir mig og boltinn söng í vinklinum fjær. Eftir markið minnkuðu háðsglóurnar. Um miðjan seinni hálfleik jafnaði ég leikinn og rétt fyrir leikslok kom sigurmarkið. Ég fékk boltann á brjóstið rétt fyrir utan vítateig, fór fram hjá Ellert B. Schram og skoraði stöngin inn. Ég hafði ekkert þrek til að spila þennan leik. Öll mörkin voru sönnun þess að einhver æðri máttur var að verki. Mér var ætlað að skora þessi þrjú mörk.

Þetta sama Valslið, sem var að okkar mati fimmta besta lið landsins, fór alla leið á Íslandsmótinu og sigraði eftir tvo úrslitaleiki við Keflavík, fyrst og fremst vegna samheldni og félagsanda. Það var mikil lífsreynsla að spila með þessu Valsliði og ég náði að spila gegn flestum í gullaldarliði Skagamanna. Tveimur árum seinna, árið 1968, varð algjör end-

urnýjun í Valsliðinu.

Ég spilaði samfelld með Val fram á mitt sumar 1969 en þá ég hélt í atvinnu-mennsku til Austurríkis. Það ævintýri var stutt þar sem unnusta mín lést í bílslysi ytra. Ég kom því heim og fór að þjálfva ÍBA á Akureyri, vildi breyta um umhverfi. Ég sneri síðan aftur að Hlíðarenda og lék með Val frá 1971-1976 en hætti vorið 1977 þegar ég réð mig sem íþróttafréttamann hjá útvarpinu. Ég er ekki einn um þá skoðun að telja Valsliðið 1976 eitt það allra besta í sögu félagsins, ef ekki eitt besta félagslið Íslandsmótsins frá upphafi.

Leikmenn sprungu út undir handleiðslu Youri Illitchev og hann var sérstaklega ánægður með mig þar sem ég var ekki giftur, taldi þar af leiðandi að ég gæti æft nánast allan daginn. Fyrsta árið undir hans stjórn var algjör þína því karlinn vildi helst hafa okkur 4-5 tíma á dag. En hann kenndi okkur fótbolta upp á nýtt, íþrótt sem maður taldi sig hafa kunnað frá fimm ára aldri.

Illu heilli fékk ég starfið hjá útvarpinu árið 1977 og ákvað að þar með væri íþróttaférlinum lokið. Ég ræddi þetta við Ellert B. Schram, sem var þá formaður útvarpsráðs, og hann taldi að það færi engan veginn saman að spila með Val og sinna starfi mínu sem íþróttafréttamaður. Ég var svo grænn á þessum árum að ég sá ekki í gegnum þetta hjá Ellert vini mínum og hætti í boltanum. Ekki stóð á

Ellert tveimur árum seinna að biðja mig um að koma aftur í mitt gamla félag, KR, því þá hygðist hann spila eitt ár til viðbótar.

Auðvitað hefði ég getað spilað samhliða starfinu og ég sé eftir að hafa ekki gert það. Þremur árum síðar ákvað ég að sleppa því að fara á Ólympíuleikana í Moskvu sem íþróttafréttamaður og tók eitt ár til viðbótar með Val, sumarið 1980. Mér fannst hinni eini, sanni Valsandi ekki ríkjandi á þeim tíma. Vissulega höfðu orðið mannabreytingar, sumir voru farnir í atvinnu-mennsku og nýir menn komnir til félagsins, en mér fannst peningar vera farnir að skipta einhverju máli. Ég spilaði þetta sumar gagnert fyrir þá yngri því ég vildi leggja mitt af mörkum. Ég var ekki alltaf í byrjunarliðinu, stundum var mér skipt út af en það skipti mig engu máli. Við urðum Íslandsmeistarar og mér fannst ég skila mínu fullkomlega, mest sem Hemmi vinur.“

### Hvað gerði Youri Illitchev svona merkilegan, goðsögn meðal þeirra sem léku undir hans stjórn?

„Það má segja að Youri hafi heilapvegið okkur. Allar hugmyndir okkar um leikskipulag, æfingar og ákveðnar áherslur í knattspyrnu voru rangar. Hann sá aldrei tilgang í einhverjum víðavangshlaupum út um allan bæ. Við æfðum alltaf með bolta og spurðum okkur stundum á vorin

hvort við værum tilbúnir í mótin. Það kom á daginn að við vorum í mun betri æfingu en leikmenn annarra liða. Við urðum ekki varir við erfiðid af því við vorum alltaf með bolta.

Fótbolti er listform og Youri var talsmaður sóknarknattspyrnu. Á sínum tíma missti ég stöðu mína í landsliðinu af því ég kallaði suma ensku þjálfarana, sem störfuðu hér á landi, réttum nöfnun: bensínafgreiðslumenn. Þeir lögðu knattspyrnuna hjá liðum eins og KR, Víkingi

stillti mér upp sem afturliggjandi, vinstri tengilið. Ég áttaði mig ekki á tilganginum en leikurinn þróaðist eins og Youri vildi. Allur fyrri hálfleikur hjá Skagamönnum fór í að velta mér fyrir sér. Jón Gunnlaugsson átti að elta mig, senterinn, en ég var ekki á réttum stað fyrir þá. Hann var því alltaf á vappi í kringum miðjuna og galopnaði vörtna. Við sóttum aldrei á færri en sex mönnum. Og Youri brýndi fyrir okkur að sækja eins hratt og kostur væri. Það mátti eng-

væri ég ekki í liðinu. Hann sagði að ég væri búinn að skora tvöfalt fleiri mörk í sumar ef ég hefði einhvern tímann gefið boltann, sagði að ég hreyfði mig ekkert og ynni aldrei fyrir liðið. Svo sagðist hann því miður neyðast til að nota mig í leiknum þótt ég væri til vandræða. Það sauð svo á mér eftir þessar svívirðingar að það munaði minnstu að ég neitaði að fara inn á Laugardalsvöllinn. Við unnum leikinn 3:0 og ég skoraði tvö mörk en Kristinn Björnsson eitt. Eftir bæði mörkin hljóp ég í áttina að hliðarlínunni og benti reiður á helvítis fíflid hann Youra. Þegar flautað var til leiksloka kom karlinn skellihlajandi inn á völlinn, rakleitt til mín og sagði: „Þetta tókst.“

Ég hugsa stundum til þess hvað hefðu orðið úr mér ef ég hefði haft þjálfara eins og Youra á mínum yngri árum, ekki síst eftir að ég las í viðtalsbók við Ásgeir Sigurvinsson sem sagði að hann hefði viljað sjá mig leika fyrir erlent lið við bestu aðstæður þegar ég var upp á mitt besta.

Það var undarlegt að spila í Vestmannaeyjum á þessum tíma því þá héldu líklega jafn margir Eyjamenn með Val og ÍBV. Ég man sérstaklega eftir leik sem Ásgeir Sigurvinsson minnst á í bókinni. Við Valsmenn vorum allir í gras-skóm en sökum rigninga var leikurinn færður yfir á malarvöllinn, sem var ekki burðugt fyrir okkur. Í þeim leik gerði ég draumamarkið mitt. Ég stóð um tíu metra fyrir utan vítateig, fékk boltinn í axlarhæð, lyfti fætinum og smellhitti boltann svo svakalega að hann fór til hliðar við Palla Pálma í markinu sem hreyfði sig ekki. Geiri segir í bókinni að hann hafi aldrei séð annað eins. Það heyrðist



Íslands- og bikarmeistarar Vals 1976. Fremri röð frá vinstri: Úlfar Másson, Óttar B. Sveinsson, Grímur Sæmundsen, Kristján Ásgeirsson, Sigurður Dagsson, Ingi Björn Albertsson fyrirlíði, Ólafur Magnússon, Hermann Gunnarsson, Alexander Jóhannesson, Albert Guðmundsson og Guðmundur Kjartansson. Aftari röð frá vinstri: Pétur Sveinbjarnarson formaður knattspyrnudeildar, Youri Illichev þjálfari, Magnús Bergs, Atli Eðvaldsson, Guðmundur Þorbjörnsson, Kristinn Björnsson, Dýri Guðmundsson, Vilhjálmur Kjartansson, Halldór Einarsson, Bergsveinn Alfonsson, Ægir Ferdinandsson formaður Vals og Halldór Skaftason.

og Vestmannaeyjum í rúst. Menn spiluðu „kick and run“ fótbolta og vörðust á ellöfu mönnum á útivelli. Félögin voru nokkuð lengi að ná sér eftir þetta. Mér þótti í góðu lagi að fórna landsliðsstöðu fyrir það að segja sannleikann.

Youri kenndi okkur að við yrðum að geta leikið flestar stöður á vellinum. Við lékum með þrjá menn frammi, yfirleitt mig og Inga Björn og Gumma Þorbjörns fyrir aftan okkur. Við urðum að geta skipt um stöður eftir hentugleika. Albert Guðmundsson og Atli Eðvaldsson voru á köntunum og Hörður Hilmars á miðjunni. Þessir sex menn urðu allir að geta róterað því Youri sagði að Valur færi inn á völlinn til að verða Íslandsmeistari. Youri hafði aldrei áhyggjur af andstæðingnum því hann vissi að aðrar þjálfarar hefðu áhyggjur af því hvernig ætti að stöðva Val. Youri stillti liðinu okkar stundum upp með tilliti til liðsskipans andstæðinganna en þá eingöngu með það í huga að við gætum orðið betri. Við vorum aldrei settir til höfuðs einhverjum ákveðnum mönnum.

Ég man sérstaklega eftir leik gegn Skagamönnum sem við unnum. Youri

inn vera að taka einhverjar hrætur með boltann á miðjunni. Ekkert félag réð við svona sóknarþunga.

Ég féll í ónáð hjá Skagamönnum í nokkur ár eftir fyrri leik liðanna þetta sumar, leik sem við rústuðum sex eða sjö eitt. Ég sagði að þetta hefði verið framlag okkur til listahátíðar sem þá stóð yfir.

Youri spilaði líka mikið inn á sálfræðina og var algjör sérfræðingur á því sviði, tók oft einn og einn leikmann fyrir fyrir framan hópinn. Þegar við vorum orðnir Íslandsmeistarar árið 1976 var haldinn töflufundur fyrir bikarúrslitaleikinn gegn Skagamönnum. Youri hældi Alberti og Atla fram úr hófi og sagðist aldrei hafa séð jafn góða leikmenn. Hann náði þeim yfirleitt á flug með því að hafa þá nánast í bómull. Svona tók hann hvern og einn fyrir og endaði á mér. Þá stundi hann. Hann sagði að ef hann hefði úr fleiri mönnum að spila



Fedgarnir Hermann Gunnarsson og Hendrik Hermannsson í sextugsafmæli Hemma í desember 2006.



bílflaut frá hverjum einasta bíl í kringum völlinn en slíkt myndi sennilega ekki gerast í dag.“

## Hvar værir þú að spila núna ef þú væri upp á þitt besta með þá hæfileika sem þú bjóst yfir?

„Það er útilokað að segja. Ég var ferlega latur að æfa og kannski þess vegna hélt ég mig í handboltanum því það var svo þægilegt að vera í inniþrótt á meðan menn voru að æfa fótbolta í kulda og trekki. Sökum þess var ég sjaldnast í því úthaldi sem ég hefði kosið, nema kannski sumarið 1976. Ég hefði væntanlega plumað mig við bestu aðstæður á þeim tíma því næst besta félagslíð Þýskalands reyndi ítrekað að fá mig. Ég sá eftir því í mörg ár. Þeir sendu áhugamannaliðið sitt gagnert til Íslands til að skoða mig. Ég var þá að þjálfa ÍBA og fékk fyrirspurn um að spila æfingaleik við þýska liðið. Ég hafði ekki hugmynd um að þeir ætluðu að skoða mig. Ég spilaði því ekki leikinn enda vildi ég leyfa öðrum mönnum að spreyta sig. Forráðamenn liðsins voru það svekktir eftir leikinn að þeir fóru fram á að spila annan leik degi síðar. Þá fyrst tjáðu þeir sig um það að þeir hefðu komið gagnert til Íslands til að skoða mig. Ég gat ekki látið ÍBA spila tvo leiki í röð á miðju Íslandsmóti þannig að við fórum í Mývatnssveitina og blönduðum saman leikmönnum frá ÍBA og HSP-b. Ég spilaði fyrri hálfleikinn með þessu sameiginlega liði og síðari hálfleikinn með þýska liðinu. Þremur vikur seinna fékk ég þetta fína tilboð en í ljósi biturrar reynslu frá Austurríki hafnaði ég tilboðinu og sá lengi eftir því. Þarna hefði ég fengið kjörið tækifæri að kanna hvar styrkurinn og takmörkin lágu við bestu hugsanlega aðstæður.“

## Hversu góður skóli fyrir lífið voru íþróttirnar?

„Það segir sig sjálf að sá sem vinnur til 43 titla með Val í öllum flokkum fer ekki í gegnum íþróttiferillinn án þess að finna fyrir öfund eða ósannngirmi. Á tímabili var þetta sárt en ferillinn var þó yfirleitt blómum skryddur. Allt sem Albert heitinn Guðmundsson hafði sagt varðandi öfundina og óvildina átti eftir að rætast. Það var sárast.

Þegar ég lít til baka geri ég mér sífellt betur grein fyrir því hversu mikilvægt öflugt félags- og unglíngastarf er. Valur á

æftíð vera það félagslega sterkt að iðkendur eiga að vera stoltir yfir því að klæðast Valstreyjunni. Þróunin núna er sú að leikmenn rokka á milli félaga, láta fjármagníð draga sig á asnaeyrunum, og ég spyr hversu miklir Valsmenn geta leikmenn orðið? Það er um að gera hjálpa öllum, án tillits til aldurs, til að verða Valsmenn, sýna þeim í verki að þeir eru velkomnir því aðeins þannig fáum við eitthvað út úr þeim. Við verðum að efla Valskjarnann frá unga aldri og halda mönnum í félaginu á réttum forsendum. Menn mega aldrei gleyma hvar ræturnar liggja og hvað skiptir mestu máli. Ég vona svo sannarlega að Valur breytist aldrei í fjárfestingarfélag með íþróttir sem aukabúgrein.“

## Geturðu gefið yngri iðkendum góð ráð, í ljósi reynslu þinnar?

„Leikið ykkur með bolta öllum stundum. Mér finnst dapurlegt hversu lítil áhersla er lögð á knattækni í yngri flokkunum. Hún er algjör undirstaða árangurs. Iðkendur geta alltaf náð sér í meira þrek en krakkar í 4. flokki eiga ekki að vera á úthaldsæfingum. Hafi menn einhverja eiginleika er hægt að byggja upp mikla hæfileika með mikilli ástundun og dugnaði en tæknina er erfitt að tileinka sér á efri árum. Knattækni á alltaf að vera þungamiðjan en hún virðist hafa vikið fyrir sífellt meiri áherslu á keppni. Strax í 6. flokki eru krakkar settir í vítaspjallkeppni á mótum, oft með skelfilegum sálrænum afleiðingum þegar félagsskapurinn og leikurinn sem slíkur ætti að vera í öndvegi.“



Hermann Gunnarsson heilsar Grími Sæmundsen formanni Vals og fyrrum féлага í fótboltanum í Val með virktum í sextugsafmælinu.

Á hinn bóginn eru leikmenn farnir að velta atvinnumennsku fyrir sér allt of snemma. Við erum að senda unga menn utan sem eru sálarlega engan veginn í stakk búinir að fara til erlendra liða. Sumir halda að þeir geti stokkið yfir 2. flokk, yfir meistaraflokk og yfir landsliðið og eru komnir til stóru liðanna úti í heimi, oftast en ekki í hugarum. Það er grátlegt að leikmenn skuli komast upp með svona hugsun. Hún skemmir fyrir þeim. Menn eiga að fara sér hægt og þroskast sem einstaklingar og góðir leikmenn áður en þeir huga að atvinnumennsku.“

## Með hvaða hugarfari ferðu á fætur?

„Ég hef ágæta lund og hef ekki þurft að drepast úr svekkelsi síðustu árin. Eftir að ég varð fyrir þeirri lífsreynslu að deyja tímabundið fyrir rúmum þremur árum vakna ég nánast alltaf brosandí. Á morgnana á ég alltaf mína 10-15 mínútna friðarstund þar sem ég fer yfir daginn og ákveð að ég ætla að eiga frábæran dag. Ég þakka líka fyrir mig á kvöldin og sofna sáttur. Ég er komin með einhverja innri ró sem mér var afhent þegar ég dó.“

## Ertu hræddur við að deyja aftur?

„Núna veit ég hvað bíður mín og því kvíði ég ekki. Mér var gefið þetta tækifæri sem ég er þakklátur fyrir og er vitanlega heppinn að hafa sloppið óskaddaður frá dauðanum. Ég fékk margt áþreifanlegt í staðinn, til dæmis fékk nýtt hár, sem ég kalla englahár, er allt annar

maður en samt enn þá að kynnast þessum Hemma. Mér var ætlað eitthvert hlutverk sem ég veit ekki hvert er en ég bíð í rólegheitunum. Minn æðri máttur ákveður það en ég er hræddur um að það sé á allt öðrum sviðum en fjölmiðlun. Núna stend ég á tímamótum, búinn að vera 40 ár í útvarpi og 25 í sjónvarpi og það er ágætt að huga að einhverju öðru. Hver veit nema ég fari bara að þjálfa hjá Val.“

# „Þér munuð með fögnuði vatni ausa úr lindum hjálpræðisins“

## Einkunnarorð sr. Friðriks Friðrikssonar æskulýðsleiðtoga

### Upphaf sögu KFUM og KFUK

KFUM og KFUK eru einhver elstu og útbreiddustu æskulýðsfélög sem starfa í heiminum. Árið 1844 var fyrsta KFUM félagið stofnað á Englandi. Nú, rúmum 150 árum síðar, starfa KFUM félög í yfir 100 löndum og hið sama má segja um KFUK, en fyrsti vísir að starfi þess hófst árið 1855. Víða um heim starfa þessi tvö félög náið saman og á það við um Ísland.

Frumkvöðull starfs KFUM og KFUK á Íslandi var æskulýðsleiðtoginn sr. Friðrik Friðriksson, en hann hafði á náms-árum sínum í Kaupmannahöfn kynnst starfi KFUM og tekið virkan þátt í því. Haustið 1897 kom hann heim til Íslands og myndaði eins konar undirbúningsfélag með nokkrum unglingspiltum úr Dómkirkjusöfnuðinum vorið 1898. Hinn 2. janúar 1899 var KFUM formlega stofnað og fór starfsemin ört vaxandi er á leið vorið. Þá færðu nokkrar fermingarstúlkur það í tal við sr. Friðrik hvort hann gæti ekki einnig stofnað félag fyrir þær. Fékk sr. Friðrik nokkrar konur til liðs við sig og 29. apríl 1899 hafði KFUK einnig verið ýtt úr vör.

Um það leyti sem starf KFUM og KFUK hófst hér á landi átti íslensk kirkja að ýmsu leyti í vök að verjast og félagsstarfsemi fyrir börn og unglinga var mjög af skornum skammti. Ýmsir höfðu því

efasemdir um að slík kristileg félagsstarfsemi gæti átt framtíð fyrir sér, en ekki leið á löngu uns félögin tóku að blómstra í höndum sr. Friðriks. Augu hans voru næm á þarfir ungu kynslóðarinnar og innan félaganna spruttu fram starfsgreinar á borð við kvöldskóla, bókasafn, skátafélag, knattspyrnufélag, bindindisfélag, taflflokk, hannyrðadeild, lúðrasveit, söngflokka, sumarþúðir og fleira. Sífellt leitaði sr. Friðrik nýrra leiða til þess að byggja upp félagsstarf á kristnum grunni sem mætt gæti þörfum æskunnar og skapað heilbrigða einstaklinga til líkama, sálar og anda. Einstakir persónu- töfrar, manngæska og vitsmunir gerðu hann nánast að dýrtingi í lifanda lífi og í hjarta borgarinnar, við Lækjargötu, minnir stytta hans á mikilvægi þess að styðja æsku Íslands til bjartrar framtíðar.

Séra Friðrik Friðriksson valdi sér einkunnarorð úr 12. kafla spádómsbókar Jesaja. Þau eru skráð á stein við lindina í Vatnaskógi neðan við brjóstmynd sem Ríkharður Jónsson gerði af séra Friðriki á sínum tíma. Þau hljóða þannig:

*Þér munuð með fögnuði vatni  
ausa úr lindum hjálpræðisins.*

*Guðni Ólgeirsson tók saman*



## Úr íþróttanámskrá Knattspyrnufélagsins Vals

### Keppnis- og afreksmenn: Eftirfarandi markmið skulu höfð að leiðarljósi:

- að byggja upp keppnis- og afreksfólk úr eigin röðum
- að stefna að því að eiga góða einstaklinga og góð lið á landsvísu í öllum flokkum
- að hver deild sjái um frekari stefnu og markmiðasetningu með viðkomandi hóp



# Fjöl margar viðurkenningar veittar 11. maí 2006 á 95 ára afmæli félagsins

**Það er hefð fyrir því að Knattspyrnufélagið Valur heiðri á stórafmælum einstaklinga innan og utan félagsins sem hafa skilað frábæru félagsstarfi**

Alls var 27 einstaklingum veitt silfurmerki Vals, 12 einstaklingum gullmerki Vals og þremur einstaklingum heiðursorða Vals.

Að þessu sinni var nokkrum einstaklingum utan félags veitt gullmerki Vals fyrir frábær störf á þeirra vettvangi. Þessir menn eru allir þekktir í íþróttahreyfingunni og sumir þjóðþekktir fyrir mikil og óeigingjörn störf fyrir íþróttahreyfinguna á Íslandi.

#### Þeir eru:

- Ólafur Rafnsson, *fyrirverandi formaður Körfuknattleikssambands Íslands og nýkjörinn forseti Íþrótt- og Olympíusambands Íslands*
- Guðmundur Ingvarsson, *formaður Handknattleikssambands Íslands*
- Stefán Konráðsson, *framkvæmdastjóri Íþrótt- og Olympíusambands Íslands*
- Geir Þorsteinsson, *framkvæmdastjóri Knattspyrnusambands Íslands*
- Einar Þorvarðarson, *framkvæmdastjóri Handknattleikssambands Íslands*
- Hannes Hjálmarsson, *framkvæmdastjóri Körfuknattleikssambands Íslands*



Hluti þeirra 27 einstaklinga sem fengu silfurmerki Vals 11. maí 2006 í viðurkenningararkyni fyrir vel unnin störf í þágu félagsins, Frá vinstri: Sveinn Stefánsson, Gunnar P. Möller, Elín Konráðsdóttir, Jón Norland, Jón Höskuldsson, Sigurbjörn Hreiðarsson, Óthar Edvardsson, Edvard Börkur Edvardsson, Friðrik Ellert Jónsson, Skúli Edvardsson, Pétur Stefánsson, Halldór Eyþórsson, Ágúst Jensson, Sigurlaug J. Sigurðardóttir, f.h. Guðna Olgeirssonar, Sigurður P. Ragnarsson sem tók að auki við verðlaunum fyrir Harald Daða Ragnarsson, Þór Hinriksson, Stefán Karlsson, Guðmundur Óskar Guðmundsson og Gríma Huld Blængsdóttir.



Fjölmenni á afmælishátíðinni í Laugardalshöll 11. maí 2006.



Þrjú einstaklingar fengu heiðursorðu Vals á afmælishátíðinni. Frá vinstri: Grímur Sæmundsen formaður Vals, Hörður Gunnarsson varaformður og Reynir Vignir fyrrverandi formaður Vals.

Alls fengu 27 einstaklingar silfurmerki Vals í viðurkenningarskyni fyrir vel unnin störf í þágu félagsins.

**Þeir eru:**

- |                            |                        |
|----------------------------|------------------------|
| Ágúst Jenson               | Íris Andrésdóttir      |
| Bjarni Sigurðsson          | Jón Halldórsson        |
| Edvard Börkur Edvardsson   | Jón Höskuldsson        |
| Elín Konráðsdóttir         | Jón Norland            |
| Erla Sigurbjörnsdóttir     | Ótthar Edvardsson      |
| Friðrik Ellert Jónsson     | Pétur Stefánsson       |
| Gríma Huld Blængsdóttir    | Sigurbjörn Hreiðarsson |
| Guðmundur Brynjólfsson     | Sigurður Ragnarsson    |
| Guðmundur Óskar Guðjónsson | Sigurður Sigurbórsson  |
| Guðni Olgeirsson           | Skúli Edvardsson       |
| Gunnar Möller              | Stefán Karlsson        |
| Halldór Eypórsson          | Sveinn Stefánsson      |
| Haraldur Daði Ragnarsson   | Sævaldur Bjarnason     |
| Hreiðar Þórðarson          | Þór Hinriksson         |

Alls fengu 12 einstaklingar gullmerki Vals í viðurkenningarskyni fyrir vel unnin störf í þágu félagsins.

**Þeir eru:**

- |                      |
|----------------------|
| Hannes Hjálmarsson   |
| Árni Magnússon       |
| Björn Zoëga          |
| Edvard Skúlason      |
| Einar Þorvarðarson   |
| Geir Þorsteinsson    |
| Guðmundur Ingvarsson |
| Hans Herbertsson     |
| Karl Axelsson        |
| Ólafur Rafnsson      |
| Stefán Konráðsson    |
| Sverrir Traustason   |
| Theódór Halldórsson  |



Hluti þeirra sem fengu gullmerki Vals í viðurkenningarskyni fyrir vel unnin störf í þágu félagsins. Frá vinstri: Árni Magnússon, Hans Herbertsson, Sverrir Traustason, Karl Axelsson og Edvard Edvardsson.

Loks fengu þrjú einstaklingar heiðursorðu Vals.

**Þeir eru:**

- Grímur Sæmundsen  
Hörður Gunnarsson  
Reynir Vignir



Yngsta kynslóð Valsara í bolta-leik á afmælishátíðinni.



Hluti einstaklinga utan félags sem fengu gullmerki Vals fyrir frábær störf á þeirra vettvangi. Frá vinstri: Geir Þorsteinsson, Ólafur Rafnsson, Halla Sigrún Arnardóttir eiginkona Hannesar Hjálmarssonar, Guðmundur Ingvarsson og Einar Þorvarðarson.

Grímur Sæmundsen formaður Vals ávarpar afmælistegi og kynnir stöðu uppbyggingar að Hlíðarenda.





# Glæsileg mannvirki að rísa að Hlíðarenda

Nýja íþróttahúsið og tengibygging verða vígð 11. maí 2007 á 96 ára afmæli Vals



Staða framkvæmda að Hlíðarenda um miðjan desember 2006.

Í apríl 2005 var uppbygging nýs íþróttahúss, stúku og tengibyggingar með félagsaðstöðu boðin út. Tilboði Markhúsa ehf var tekið og hafa Valsmenn getað fylgst með uppbyggingu nýja íþróttahússins með ánægju og stolti á undanförunum mánuðum, en verkið er reyndar nokkuð á eftir áætlun. Á meðfylgjandi myndum má sjá stöðu framkvæmda 10. desember við nýja íþróttahúsið, stúkuna fyrir aðalkeppnisvöll afrekliða félagsins í knattspyrnu og tengibyggingu. Á næstu mánuðum verður unnið hörðum höndum við frágang innanhúss sem utan þannig að unnt verði að ljúka framkvæmdum og færa starfsemi félagsins að Hlíðarenda að nýju fyrir starfsemi allra deilda. Sjá nánari umfjöllun um framkvæmdir í skýrslu aðalstjórnar.

Gengið hefur verið frá samningum við Reykjavíkurborg og Valsmenn hf um, að í stað gervigrasvallar við hlið aðalkeppnisvallarins rísi knattús og er bygging þess mikið tilhlökkunarefni fyrir Valsmenn.

Það verður mikil tilhlökkun fyrir alla Valsmenn að nýta glæsilega æfinga-, keppnis- og félagsaðstöðu að Hlíðarenda en að framkvæmdum loknum mun Valur bjóða upp á bestu hugsanlegu aðstæð-



Glæsileg mannvirki eru að taka á sig endanlega mynd.

ur til íþróttaiðkunar fyrir allar deildir og aðra starfsemi félagsins. Á meðan beðið er þurfa Valsmenn að sýna þolinmæði og þrautseigju og láta tímabundin óþægindi vegna aðstöðuleysis ekki hafa áhrif á félagsandann.

Gleðileg jól



Óskum starfsmönnum og velunnurum  
vals gleðilegrar hátíðar og þökkum  
fyrir gott samstarf við bygginga-  
framkvæmdir á árinu.





# Valur Íslandsmeistari og VI

Meistaraflokkur kvenna í knattspyrnu fagnaði Íslandsmeistaratitlinum í 6. sinn eftir glæsilegt Íslandsmót þar sem liðið skoraði 87 mörk í 13 leikjum. Valsstúlkurnar unnu einnig Breiðablik í úrslitum VISA bikarkeppninnar. Úrslitaleikurinn var frábær skemmtun í alla staði, jafnt var 2-2 eftir venjulegan leiktíma og þurfti því að fram- lengja leikinn. Úrslit réðust þó ekki fyrr en í vítaspyrnukeppni þar sem Guðbjörg Gunnarsdóttir markvörður var hetja liðsins og varði vítaspyrnu auk þess sem Blikar brenndu af ann- arri. Margrét Lára, Rakel, Málfríður og Guðný nýttu hins vegar sínar spyrnur mjög vel og sigur Vals var staðreynd í ótrúlegum spennuleik þar sem bæði lið sýndu frábæra baráttu og góðan leik. Vals- liðið sýndi frábæran karakter í leiknum með því að koma til baka eftir að hafa lent undir í tvígang. Margrét Lára Viðarsdóttir sýndi að hún án efa besta knatt- spyrnukona landsins nú um stundir með því að skora þrennu og fór mikinn í liði Vals allan leikinn. Glæsileg- ur endir á fullkomnu tímabili, ekki á hverj- um degi sem Valsarar vinna tvöfalt. Mynda- syrpan hér á opnunni er frá verðlaunaafhend- ingunni á Íslands- mótinu.

*Katrín Jónsdóttir fyrirliði meistaraflokks kvenna tekur við Íslandsmeistarabikarnum sem Valur vann í 6. sinn. Valsstúlkurnar fagna ákaft baðaðar í kastljósi fjölmíðla.*



*Guðni H.*



*Taumlaus gleði og skemmtan, enda bikarinn kominn heim að Hlíðarenda að nýju.*

*Katrín Jónsdóttir stoltur fyrirliði með bikarinn á lofti.*



*Guðni H.*

*Guðbjörg Gunnarsdóttir markvörður hampar bikarnum og félagar hennar bíða eftir að röðin komi að þeim, Pála Marie Einarsdóttir, Rakel Logadóttir, Ásta Árnadóttir og fleiri.*











Ragnheiður Ágústa Jónsdóttir liðsstjóri og Theodór Sveinjónsson aðstoðarhjálfari ánægð með Íslandsmeistaratitilinn.



Allar fengu stelpurnar að lyfta Íslandsmeistarabikarnum og þeim leiddist það ekki.



Margrét Lára Viðarsdóttir virðist eiga í erfðleikum með að lyfta bikarnum í kastljósi fjölmíðla.



„Give me five, við eigum þetta skilið“ segir Guðbjörg Gunnarsdóttir markvörður.



Ógleymanleg stund fyrir stelpurnar.







# Til hamingju með VISA-bikarinn!



Valsstúlkur eru sigurvegarar í VISA-bikarkeppni kvenna 2006



# Fótbolti er eina íþróttin sem ég kann fyrir utan hástökk

**Guðný Björk Óðinsdóttir leikur knattspyrnu með meistaraflokki og var valin efnilegust**

**Fæðingardagur og ár:** 1988.

**Nám:** Er lífstíll.

**Kærasti:** Neibb.

**Einhver í sigtinu:** Alltaf einhver í sigtinu.

**Hvað ætlar þú að verða:** Kennari er markmiðið svo er draumurinn að vera alvöru knattspyrnukona.

**Hvernig hafa foreldrar þínir stutt þig í fótboltanum:** eru dugleg að mæta á leiki og styðja við bakið á mér.

**Hver er besti íþróttamaðurinn í fjölskyldunni:**

Litli bróðir minn (fimm ára), það er að segja ef það skiptir númer 1,2 og 3 að líta vel út á velli, því hann fer ekki án þess að vera kominn í sitt fínasta dress.

**Hvað gætir þú aldrei hugsað þér að verða:** Formaður Samfylkingarinnar.

**Stjörnuþá þín fyrir næsta ár:** Mjög græn, ég á eftir að vera mikið í náttúrunni og ef ég lendi í vandamálu þá á ég að fara út í göngutúr í náttúrunni.

**Af hverju fótbolti:** Fótbolti er eina íþróttin sem ég kann fyrir utan hástökk.

**Af hverju Valur:** Buðu hæst í mig... nei, það heillaði mig mest.

**Eftirminnilegast úr boltanum:** Þegar ég var lítill á

Þæjumótinu og þeyttist upp allan vinstri kantinn og negldi í sammann. Aðeins sjö ára.

**Hvernig gekk á síðasta tímabili:** Aðeins of vel.

**Hvernig var tilfinningin að vera kosin efnilegasti leikmaður Landsbankadeildar kvenna sl. sumar:** Hún var mjög góð.

**Ein setning eftir tímabilið:** Champions.

**Besti stuðningsmaðururinn:**

Hemmi Gunn.

**Koma titlar í hús næsta sumar:** Það er allavega stefnan.

**Möguleikar kvennalandsliðsins að komast í lokaþætti stórmóts:** Þeir eru bara á uppleið, vonandi.

**Mesta þakkarastrík:** Þegar ég kastaði steini í mömmu þegar hún var sofandi.

**Fyndnasta atvik:** Þegar ég var á Þæjumótinu 1998 og ég skoraði tvö mörk en allir héldu að ég myndi skora meira, það var frekar fyndið.

**Stærsta stundin:** Þegar ég fæddist.

**Athyglisverðasti leikmaður í meistaraflokki:** Katrín Jónsdóttir og ég held að allir séu sammála mér.

**Hver á ljótasta bílinn:** Ég held að nýliðinn Anna

Gaðarsdóttir verði að fá þennan titil.

**Fleygustu orð:** „Ert þú pabbi minn?“

**Mottó:** „Football isn't just a matter of life or death. It's much more important than that.“

**Leyndasti draumur:** Fara á deit með Hannesi Smárasyni. Hann á svo mikið af peningum.

**Við hvaða aðstæður líður þér best:** Eftir góðan sigurleik.

**Hvaða setningu notarðu oftast:** Ég var Íslandsmeistari og bikarmeistari í sumar, plús það að ég var valin og efnilegust og þú ætlar ekki að hleypa mér inn á Oliver?

**Fullkomið laugardagskvöld:** Byrja á því að fara út í fótbolta, fara svo heim í sturtu og gera mig til fyrir kvöldið. Setjast niður og horfa svo á eina góða mynd.

**Hvaða flík þykir þér vænst um:** Valsbúninginn.

**Besti fótboltamaður sögunnar á Íslandi:** Margrét Lára.

**Besti fótboltamaður heims:** Margrét Lára og Messi.

**Fyrirmynd þín í fótbolta:** Margrét Lára og Ronaldinho.

**Besti söngvari:** Birgitta Haukdal.

**Besta hljómsveit:** Nylon.

**Besta bíómynd:** Titanic klikkar seint.

**Besta bók:** Allar eftir Arnald.

**Besta lag:** Patience með Guns n' Roses.

**Uppáhaldsvefsíðan:** fotbolti.net og auðvitað valurwoman.blogspot.com.

**Uppáhaldsfélag í enska boltanum:** Man U ofkors.

**Ef þú yrðir að vera einhver annar:** Margrét Lára.

**Fjögur orð um núverandi þjálfara:** Teygjur, klikkuð, öguð, yndisleg.

**Ef þú værir alvaldur í Val hvað myndir þú gera:** Ég myndi reka alla liðsmenn úr liðinu mínu svo að ég gæti fengið að spila alla leikina sjálf.

**Nokkur orð um nýju aðstöðuna á Hlíðarenda:** Hlakka mikið til og þetta verður bara enn ein viðbótin við okkar stórkostlega félag.



# Loksins fékk ég sénsinn

**Birkir Már Sævarsson leikur knattspyrnu með meistaraflokki og var valinn efnilegastur**

**Fæðingardagur og ár:** 11.11.1984.

**Nám:** Er í Íþróttakennaraháskólanum á Laugarvatni.

**Kærasta:** Já, Stefanía heitir hún.

**Hvað ætlar þú að verða?** Ef atvinnumannsdraumurinn gengur ekki upp þá verð ég sennilega íþróttakennari og svo vonandi þjálfari í framtíðinni.

**Hvernig hafa foreldrar þínir stutt þig í fótboltanum?** Þau hafa stutt mig mjög vel í gegnum tíðina. Hafa bæði tvö mætt á flesta leiki sem ég hef spilað allt frá upphafi og eru ársmiðahafar í dag. Einnig var móðir mín stór hluti af velgengni liðsins sumarið 2005 þar sem hún eldaði dýrindis lasagna nánast fyrir hvern leik.

**Besti íþróttamaðurinn í fjölskyldunni?** Gunnleifur Gunnleifsson markvörður HK og föðurbróðir finnst mér vera mjög hæfileikaríkur knattspyrnumaður.

**Hvað gætir þú aldrei hugsað þér að verða?** KR-ingur.

**Stjörnuþá:** Íslands- og bikarmeistari með Val.

**Af hverju fótbolti?** Því það er einfaldlega lang skemmtilegasta íþróttin.

**Af hverju Valur?** Ég hef búið í Hlíðunum frá því að

ég var fimm ára og þ.a.l. lá beinast við að ganga til liðs við Hlíðarendastórveldið.

**Eftirminnilegast úr boltanum?** Allt síðastliðið sumar er mjög eftirminnilegt og svo man ég alltaf eftir því þegar við fórum til Eyja að spila við ÍBV þegar ég var á elsta ári í 2. flokki og unnum 3-1 og björguðum okkur frá falli.

**Hvernig gekk á síðasta tímabili?** Ég var mjög sáttur við mína frammistöðu en liðinu í heild sinni hefði alveg mátt ganga betur.

**Hvernig var tilfinningin að vera kosin efnilegasti leikmaður Landsbankadeildar karla sl. sumar?** Hún var að sjálfsögðu alveg stórkostleg.

**Ein setning eftir tímabilið:** Loksins fékk ég sénsinn.

**Besti stuðningsmaðurinn?** Bjöggi. Kemst enginn með tærnar þar sem hann hefur hælana.

**Koma titlar í hús næsta sumar?** Já ég hef fulla trú á þessum hópi til að gera stóra hluti næsta sumar.

**Stærsta stundin:** Lokahólf KSÍ 2006.

**Hvað hlægir þig í sturtu?** Kjartan Sturluson o g

stríðnisköstin hans.

**Athyglisverðasti leikmaður í meistaraflokki:** Sigurbjörn Hreiðarsson.

**Hvað lýsir þínum húmor best?** Kaldhæðni og kjánahúmor.

**Flygustu orð:** Félagi minn sagði einu sinni: „Ekki gera neitt án þess að staldra við og hugsa hvað Þorgrímur Þráinsson myndi gera.“ Mjög fleyg orð.

**Mottó:** Ef þú getur ekki gert hlutina almennilega, slepptu því þá.

**Við hvaða aðstæður líður þér best?** Að labba inn á Hlíðarendi Stadium á fallettum sumardegi í Valsbúningum að fara að spila leik.

**Hvaða setningu notarðu oftast?** „Ertu ekki að grínast.“

**Fullkomið laugardagskvöld:** Uppi í sófa með stelpunni minni, með nóg af gotteríi að horfa á Dumb and Dumber.

**Hvaða flík þykir þér vænst um:** Vals-treyjuna mína nr. 6.

**Besti fótboltamaður sögunnar á Íslandi:** Eiður Smári.

**Besti fótboltamaður heims:** Ronaldinho og Danny Mills.

**Fyrirmynd þín í fótbolta:** Baldur Aðalsteinsson og Hálfán Gíslason hafa kennt mér flestallt sem ég kann í fótbolta.

**Besti söngvari:** Freddy Mercury.

**Besta hljómsveit:** Queen og Creedence Clearwater. Get ekki gert upp á milli.

**Besta bíómynd:** Dumb and Dumber, Zoolander og Anchorman.

**Besta bók:** Góði Dátinn Svejk.

**Besta lag:** Hotel California.

**Uppáhaldsvefsíðan:** valur.is og fotbolti.net.

**Uppáhaldsfélag í enska boltanum:** The Whites, Leeds United Football Club.

**Nokkur orð um núverandi þjálfara?** Fær í sínu starfi.

**Nokkur orð um nýju aðstöðuna á Hlíðarenda:** Besta aðstaða á Íslandi og þótt víðar væri leitað.

**Bloggsíða:** [www.blog.central.is/bippinn](http://www.blog.central.is/bippinn)





# Framtíð körfubolta hjá Val er ekki bara björt heldur skellibjört

## Viðtal við Svala Björgvinsson fyrrverandi körfuboltaleikmann og þjálfara hjá Val

Svali Björgvinsson er Valsmönnum að góðu kunnur enda lagði hann frá blautu barnsbeini stund á allar íþróttagreinar sem Valur bauð upp á. Snemma beindist áhuginn einkum að körfubolta, þeirri fögru íþróttagreini eins og hann sjálfur kemst að orði. Svali lék körfubolta í yngri flokkum Vals og vann marga titla með félaginu og lék einnig lengi með meistaraflokki félagsins. Hann hefur einnig mikla reynslu sem þjálfari og hefur ákveðnar skoðanir á hvernig standa eigi að uppbyggingu körfuboltans hjá Val. Svali hefur á síðustu árum verið áberandi í lýsingum sínum á körfuknattleik í sjónvarpi.

Svali lærði sálfræði við Háskóla Íslands og fór síðan til New York í frekara sálfræðinám ásamt því að læra starfsmannastjórnun sem hann telur sérstaklega áhugaverða fræðigrein. Hann segist þó hafa verið stúttfullur af hjátrú, rétt eins og flestir leikmenn og þjálfarar, sem tengdist m.a. því að spila í ákveðnum skóm og keyra yfir Öskjuhlíðina í tengslum við heimaleiki.

### Frábær uppbygging hjá Val

Mér líst frábærlega vel á framkvæmdir að Hlíðarenda. Þeir aðilar sem hafa stýrt því verkefni áfram eiga mikið hrós skilið, frábærir Valsmenn eins og Grímur Sæmundsen og Lárus Hólm, fyrrverandi formaður körfuboltadeildar, ásamt fjölmörgum öðrum. Þetta verður algjör bylting og gefur Val möguleika á að bjóða iðkendum aðstöðu sem önnur félög geta tæplega dreynt um. Þetta er álfka mikil bylting fyrir Val eins og flugsamgöngur voru á sínum tíma. Þetta eru mikil tíma- og upphaf á nýjum kafla í sögu Vals. Ég finn fyrir því hvernig framkvæmdirnar hafa þjappað Valsmönnum saman.

### Slæm staða meistaraflokks karla

Það er með öllu ósættanlegt að Valur sé ekki í efstu deild í körfbolta, en edlilega

geta komið þau tímabil að Valur fellur. En löng vera í fyrstu deild í einhverri íþróttagreini er ekki boðleg í Val. Málið er ekki flóknara en það. Þessari þróun verður að snúa við í körfunni. Það er alveg skýrt í mínum huga að það fer saman að hafa góða yngri flokka og frambærilegt keppnislið í efstu deild. Ég man ekki eftir félagi eða deild í íslenskum hópíþróttum sem hefur náð því að vera með annað hvort nema í skamman tíma. Þetta fylgist að, góður efniviður og tækifæri meðal þeirra bestu. Því er afar mikilvægt að við tryggjum liðinu sæti meðal þeirra bestu. Á sama tíma er það ljóst öllum sem eitthvert vit hafa á þeirri fögru íþrótt sem körfuboltinn er að efniviður í Val er mjög mikill. Við erum með góða og metnaðarfulla þjálfara og afar góða einstaklinga í nær öllum yngri flokkum. Okkur ber skylda til að leiða saman krafta okkar og tryggja framtíðarmöguleika fyrir þessa ungu leikmenn á Hlíðarenda. Umgjörðin verður að fylgja með bættri aðstöðu. Ég hef mikla trú að það takist, er í raun sannfærður um það.

### Það kom aldrei annað félag en Valur til greina

Ég ólst upp í Eski-hlíðinni, þeirri merku götu, og því lá beinast við að dvelja mikið og lengi á Hlíðarenda. Sem ungur drengur var ég mikið á Valsvellingum, sem ég tel afar hollt fyrir hvern þann sem er að reyna að öðlast skilning á lífinu og mikilvægi góðra siða. Þar

æfði ég og stundaði allar íþróttagreinar sem Valur bauð upp á. Þannig var það í mínum huga ekki spurning um Val eða eitthvert annað félag, það var ekkert annað í mínum huga. Körfubolta kynntist ég á kynningu Vals í Hlíðaskóla, sem meistari Henson stóð fyrir, að mig minnir. Þar fékk ég fyrstu upplýsingar um þennan fagra leik sem hefur setið í mér síðan.

### Hver er að þínu mati munurinn á körfuboltadeildinni núna og þegar þú varst sem mest í starfinu?

Munurinn er ekki svo mikill enda ekki neitt voðalega langt síðan ég þjálfaði meistaraflokkinn síðast. Hins vegar er ég bæði ánægður og stoltur af því starfi sem unnið er í yngri flokkum í körfuboltadeildinni í Val. En á sama tíma er ég afar ósáttur við stöðu meistaraflokks. Hún er óásættanleg og eitthvað sem við verðum



Svali Björgvinsson í kunnuglegri stellingu með meistaraflokki Vals í körfubolta.

og munum breyta. Það er sannfæring mín að með framkvæmdum að Hlíðarenda skapist aðstaða sem er meiri og betri en önnur félög geta boðið. Þetta verður gríðarleg lyftistöng fyrir félagið sem á eftir að nýttast vel í öllum íþróttagreinum, þ.m.t. körfunni.

## Áttir þú einhverjar fyrirmyndir sem leikmaður?

Þegar ég byrjaði í körfubolta sem vongláður snáði var nokkuð ólík staða varðandi aðgengi og umfjöllun um íþróttir. Til dæmis var ekki sýnt frá NBA. Helsta leiðin til að tileinka sér þau vísindi var að fara á Ameríska bókasafnið og fá lánuð þau örfáu rit sem komu þangað um íþróttir. Um þau rit var slegist. Einnig hlustuðum við á leiki í Kanaútvarpinu. En síðar, þegar útsendingar hófust, fékk ég dálæti á Magic Johnson, Isiah Thomas, Dr. J. og fleiri snillingum. Hér heima leit ég mikið upp til Jóns Sigurðssonar og eðlilega uppeldisföður míns, Torfa Magnússonar, enda báðir snillingar.

## Hvað er það minnstæðasta sem þú upplifðir sem leikmaður eða þjálfari hjá Val?

Ég á afar margar góðar og skemmtilegar minningar frá Val. Ég held að tvennt sé mikilvægast í því sambandi: Í fyrsta lagi hef ég kynnst mörgu afar góðu fólki og myndað sterk vináttutengsl. Í öðru lagi er það sannfæring mín að íþróttir og sá agi og drifkraftur sem ríkir hjá metnaðarfullu félagi sé sérstaklega hollt vegarnesti og gott uppeldi fyrir alla sem nýttist vel síðar í lífinu. Af mörgum minnisstæðum atburðum held ég að úrslitakeppnin 1991, þegar við töpuðum fyrir Keflavík 3-2 í úrslitum Íslandsmótsins, sé ofarlega í huga. Við höfðum lagt Njarðvík 2-1 í undanúrslitum, en Njarðvík átti að vera með besta liðið. Við komumst svo 2-1 yfir gegn Keflavík en náðum ekki að klára dæmið, því miður. Í þeim leikjum var meðal annars sett áhorfendamet á leik í Valsheimilínu. Met sem verður ekki slegið í því húsi, enda húsið farið.

## Margar skemmtilegar sögur

Svali segir að til séu óendanlega margar skemmtilegar sögur sem tengjast íþróttiferlinum en hann sé ekki rétti maðurinn til að rifja slíkt upp. Hann man mjög skemmtilegri sögu sem tengist tungu-

málaerfiðleikum. „Til okkar kom rússneskur þjálfari í tvö tímabil í kringum 1990, Vladimir Obukov, afar fær þjálfari sem hafði m.a. þjálfað sovéska landsliðið í heimsmeistarakeppni 1986. Það voru hins vegar talsverðir tungumálaerfiðleikar, hann altalandi á rússnesku en enginn okkur talandi á þá tungu. Önnur tungumál kundi hann ekki. Hann var þó áhugasamur um að læra ensku en námið gekk frekar seint. Þannig ruglaði hann iðulega saman ensku orðunum fast-break (hrað-upphlaupi) og breakfast (morgunverði) og hvatti okkur ítrekað til að borða morgunverð í miðjum leikjum í stað þess að fara í hraðupphlaup. Besta enskukennslan fyrir okkar mann var þegar við gáfum honum myndbandstæki. Þá lærði hann heitin þar mjög fljótt, til dæmis *play*, *stop*, *pause* og *fast-forward*. Þessi hugtök nýtti hann vel og var svo komið að hann gat útskýrt nánast alla hluti leiksins og verið með heimspekilegar vangaveltur með þessum orðum. Þetta er kannski eitthvað sem stjórnvöld ættu nú að skoða fyrir það ágæta fólk sem er að flytja til landsins og á í erfiðleikum með málið, gefa öllum myndbandstæki.

## Hvernig finnst þér íslenskur körfubolti nú um stundir?

Það hafa orðið eðlilegar framfarir en ekki nein byltung. Hins vegar hefur orðið sú neikvæða þróun í mínum huga, að það er alltof mikið um erlenda leikmenn. Þetta er ekki aðeins í körfunni. Þetta er ekki bara illa ígrundað heldur heimskulegt. Það þarf ekki spakan aðila til að sjá að þetta skilar engu til framtíðar. Við fáum erlenda leikmenn, sem margir hverjir eru í besta falli meðalmenn að íþróttagetu, þannig að af þeim má ekkert læra. Vandinn er að þessir sömu miðlungsleikmenn taka mínútur frá ungum og oft bráðefnilegum leikmönnum. Þetta er slæm þróun og ekki íþróttum til framdráttar. Flest íþróttafélög í hópíþróttum eru komin í eltingarleik, þar sem reglur eru óljósar, andstæðingurinn falinn og enginn veit hvert markið er. Hér verða menn að staldra við og hugsa dæmið frá byrjun.

## Hvenær fórstu að þjálfra og hvers vegna?

Ég byrjaði að þjálfra mjög snemma. Ég var sennilega 16 ára þegar ég tók að mér tvo yngri flokka og þjálfaði síðan alltaf yngri flokka samhliða því að spila

og stunda nám. Mér fannst það afar skemmtilegt og gefandi. Ég var með marga góða flokka sem unnu alla titla. En þar sem ég er bæði verulega manískur og mikill keppnismaður fékk ég mikinn áhuga á þjálfun og drakk í mig allan fróðleik, námskeið, bækur og þælingar. Svo tók ég við meistaraflokki þegar ég var 25 ára, sem spilandi þjálfari. Ég sé núna að það var of snemmt, en því verður ekki breytt. Ég fór svo meira út í þjálfun vegna sem að lokum gerðu það að verkum að ég þurfti að hætta að spila miklu fyrr en ég hafði ætlað. Orðatiltekið heilbrigð sál í skemmdum líkama á hér ágætlega við, en sálin er mjög heil eftir gott uppeldi hjá Val.

## Hvernig er draumakörfuboltalið Vals?

Flott spurning, það hafa margir mjög góðir leikmenn spilað í rauða búningnum. Ég myndi hafa Pétur Guðmundsson og Magnús Matthíasson sem miðherja, einnig með þeim undrabarnið Símon Ólafsson. Þá sé ég fyrir mér Torfa Magnússon, sem hélt alltaf að hann væri miðherji, sem framherja og með honum Kristján Ágústsson. Þá er baklínan vel mönnuð. Sem bakverði myndi ég velja Tómas Holton, Ragnar Þór Jónsson (ómeiddan) og Þóri Magnússon. Í liðinu yrðu tveir erlendir leikmenn sem leikið hafa með okkur og skilið mikið eftir, snillingurinn Franc Booker og varnarmaðurinn Brad Miley, sem lék með Val 1980. Hann kom frá Indiana State háskólanum og lék þar m.a. með Larry Bird og Ívari Webster. Ég mundi svo þjálfra liðið og spila með. Auðvelt verk. Þetta lið yrði með öllu ósigrandi og limaburður fegurri en áður hefur sést.

## Hefur þú einhver ráð eða skilaboð til ungra og efnilegra Valsmanna?

Ráð mitt er einfalt: Haldið áfram að leggja metnað í það sem þið gerið, í körfubolta eða öðru því sem þið takið ykkur fyrir hendur. Það mun skila sér margfalt til baka. Þá hvet ég allt ungt fólk til að vera duglegt að æfa körfubolta og borða mikið af tröllamjöli til að öðlast styrk og þol. Ég er sannfærður að það er ekki bara björt framtíð hjá körfuknattleiksdeild Vals, heldur skellibjört. Að lokum vil ég gera orð séra Friðriks að mínum: *Látið aldrei kappið bera fegurðina ofurliði.*



# Ronaldinho og Messi eru mínar fyrirmyndir

## Heiða Dröfn Antonsdóttir leikur knattspyrnu með 3. flokki og fékk Lollabikarinn 2006

Heiða Dröfn er fjórtán ára og byrjaði að æfa sjö ára og hefur því æft fótbolta í sjö ár. Hún segist hafa byrjað í Val af því að mamma hennar var í Val og fékk eiginlega ekki miklu um það ráðið, en móðir hennar er Ragnheiður Víkingsdóttir, ein afrekskvenna Vals í knattspyrnu.

„Foreldrar mínir hafa stutt mig ótrúlega vel og ég held að ég hefði ekki getað haft betri stuðning frá þeim og það er mjög mikilvægt að foreldrar mínir styðji og hvetji mann áfram.“

### – Hvernig gekk ykkur í sumar?

Okkur hefði ekki getað gengið betur í sumar. Fórum á Síamótið og Rey Cup í Laugardalnum og unnum bæði mótin. Unnum líka öll mótin síðasta vetur og enduðum svo tímabilið á því að vinna Íslandsmótið sem var frábært bæði í A og B liðum í 11 manna fótbolta. Hópurinn var frábær og rosalega góður liðsandi. Þjálfarinn æðislegur, hefði ekki getað verið betri. (Freyr Alexandersson og Margrét Lára Viðarsdóttir)

### – Skemmtileg atvik úr boltanum?

Í úrslitaleiknum á Íslandsmótinu ætlaði ég að fagna marki með því að fara í handahlaup en þá kom stelpa

í liðinu mínu og ætlaði að hlaupa til mín og þá sparkaði ég óvart í hausinn á

henni og við duttum báðar og lágum tvær inni á miðjum vellinum.

### – Fyrirmyndir?

Ronaldinho og Messi.

### – Hvað þarf til að ná langt í fótbolta eða íþróttum almennt?

Æfa vel, taka á því á æfingum og æfa aukalega, fá nógan svefn, borða rétt og hafa rétt hugarfar. Ég þarf að bæta við hraðann, styrk, snerpu og spyrnutækni og síðan byggja ofan á það sem komið er.

### – Hvers vegna fótbolti?

Af því hann er mjög skemmtilegur og frábær félagskapur. Hef prófað að margar aðrar íþróttir eins og t.d. frjálssar, ballet og handbolta.

### – Hverjir eru framtíðardraumar þínir í fótbolta?

Komast í meistaraflokkinn hjá Val, í landsliðið og í atvinnumennsku.

### – Þekktur Valsari í fjölskyldunni?

Mamma mín, Ragnheiður Víkingsdóttir.

### – Hvaða þýðingu hefur það fyrir þig að hafa fengið Lollabikarinn?

Mikill heiður og rosalega mikil hvatning til þess að ná lengra og gera enn betur.

### – Hver stofnaði Val og hvenær?

Séra Friðrik árið 1911.



Stoltar mæðgur, Heiða Dröfn með Lollabikarinn ásamt móður sinni Ragnheiði Víkingsdóttur fyrrum leikmanni Vals og landsliðsins í knattspyrnu.

# Munið getraunanúmer Vals – 101

Sumarbúðir í Borg 2006

# Starfræktar samfelld að Hlíðarenda í 19 ár



Síðastliðið sumar var íþrótta- og leikjánaðmskeiðið Sumarbúðir í borg starfrækt að Hlíðarenda í nítjándna sinn. Aðstæður að Hlíðarenda voru erfiðar vegna framkvæmda á svæðinu en samt sem áður var hægt að taka á móti um 250 börnum á námskeið sumarsins sem voru fjögur talsins. Að venju var dagskrá sumarbúðanna fjölbreytt og skemmtileg þar sem mikið var um stuttar ferðir og heimsóknir. Á dagskrá voru meðal annars bátsferðir og fjöruferðir auk heimsóknna í Fjölskyldu- og húsdýragarðinn og á lög-reglustöðina svo fátt eitt sé nefnt.



Í sumar sá Guðmundur Steinn Hafsteinsson leikmaður meistaraflokks karla í knattspyrnu um danskennslu sem vakti mikla lukku meðal krakkanna og verður án efa fastur liður á námskeiðum komandi ára. Valsararnir og landsliðsmennirnir Guðni Bergsson og Sigfús Sigurðsson heilsuðu upp á krakkana og gáfu þeim góð ráð auk þess sem leikmenn meistaraflokka félagsins voru tíðir gestir á námskeiðunum. Við hlökkum til að sjá sem flesta iðkendur aftur næsta sumar þegar Sumarbúðir í borg verða starfræktar í tuttugasta sinn.



*Með kveðju,  
Baldur Þórólfsson, skólastjóri  
Sumarbúða í borg*







# Allir velkomnir í Val

Starf yngri flokka Vals hefur verið blómlegt í vetur þrátt fyrir þröngan húsakost og erfiðar aðstæður. Framkvæmdir að Hlíðarenda hafa dregist á langinn frá fyrstu áætlun og af þeim sökum hefur starfsumhverfi félagsins í vetur ekki verið eins og best verður á kosið. Núna æfum við á tíu mismunandi stöðum í borginni og hefur það kostað mikla vinnu og skipulagningu að koma öllum flokkum fyrir í íþróttahúsum skóla og á völlum nágrannafélaga. Þrátt fyrir húsnæðisleysi sjáum við ljósið nálgast því nú styttest í að félagssvæði Vals að Hlíðarenda verði tilbúið. Þegar framkvæmdum lýkur mun Valur bjóða upp á íþróttasvæði eins og gerist best á Íslandi og því má með sanni segja að bjartir tímar séu framundan. Iðkendur, foreldrar og þjálfarar hafa staðið þétt saman í aðstöðuleysinu og sýnt mikla samheldni og baráttuanda. Með jákvæðu hugarfari munum við koma enn sterkari til baka eftir þessa erfiðu tíma.

## Fjölgun iðkenda markmiðið með nýrri og bættri aðstöðu

Með nýrri og bættri aðstöðu mun Valur geta þjónað fleiri iðkendur og er markmið félagsins að fjölga iðkendum til muna. Efling starfsins og fjölgun iðkenda gerist ekki sjálfkrafa þótt aðstaða batni og því er verðugt verkefni framundan. Nú er komin af stað hugmyndavinna um breytt fyrirkomulag yngstu flokkanna með það að markmiði að efla þjónustu við fjölskyldur í hverfinu og laga íþróttaiðkun að þörfum fjölskyldunnar. Þessi hugmyndavinna miðar að því að samþætta skóla og frístundastarf hjá yngstu börnunum. Með þeim breytingum gæti íþróttastarf yngstu iðkendanna verið lokið fyrir á daginn en ella og þar af leiðandi geta börnin varið seinni hluta dags með fjölskyldunni. Einnig er gert ráð fyrir því að með tilkomu svokallaðra frístundakorta muni fleiri börn nýta sér þá þjónustu sem í boði er hjá Val.

## Stuðningur borgarinnar við íþróttaiðkun barna frá 2007

Íþrótt- og tómsundaráð Reykjavíkur mun á tímabilinu 1. sept. 2007-1. sept. 2008 veita öllum börnum í Reykjavík 12.000 króna inneign til frístundaiðkunar. Þessi upphæð hækkar svo í 25.000 krónur árið 2008 og í 40.000 krónur árið 2009. Börnin geta nýtt þessa inneign til hvers kyns tómsundaiðkunar, þar með talið þátttöku í íþróttum hjá Val. Búist er við að frístundakortin komi sem vítamínsprauta inn í starfsemi íþróttafélaga því þau létta undir greiðslubyrði fjölskyldunnar og þar af leiðandi er búist við auknum iðkendafjölda. Það er því ekki aðeins uppgangur í mannvirkjamálum hjá Val heldur er Reykjavíkurborg farin að styrkja börn til íþrótt- og tómsundaiðkunar sem er jákvætt.

Með hliðsjón af því sem hér hefur greint frá horfum við björtum augum til framtíðar og rétt er að minna á að allir eru velkomnir í Val.



**Nýir iðkendur eru sérstaklega boðnir velkomnir og einnig eru þeir sem hafa hætt að æfa hvattir til að byrja aftur. Æfingartímar í öllum flokkum í öllum deildum eru aðgengilegir á [valur.is](http://valur.is). Einnig er hægt að fá bækling með yfirliti yfir starfið í yngri flokkunum á skrifstofu félagsins að Hlíðarenda.**

# Ég hlakka mjög mikið til að byrja að æfa í nýja húsinu

## Þorbergur Ingvi Kristjánsson leikur körfubolta með 11. flokki hjá Val

Þorbergur er 15 ára gamall og hefur æft körfubolta hjá Val í rúmlega eitt ár. Hann æfði með Ármanni/Þrótti í tvö ár og var mjög áhugasamur en fannst félagar sínir ekki nægilega áhugasamir að æfa. Hann þekkti Atla Barðason í 11. flokki Vals og ákvað að skipta um félag sem hann telur að hafi meiri metnað í körfubolta. Frænka hans Rósa Júlía Steinþórsdóttir lék knattspyrnu með Val og landsliðinu.

**– Hvaða hvatningu og stuðning hefur þú fengið frá foreldrum þínum í sambandi við körfuboltann?**

Það er mikilvægt að fá stuðning við það sem maður er að gera, hvað sem það er, ég fæ nægan stuðning frá foreldrum mínum.

**– Hvernig gengur?**

Í fyrra gekk okkur ekki nógu vel, við enduðum í C-riðli í 10. flokki og rétt héldum okkur í B-riðli í 9. flokki með sigri á KR á Íslandsmótinu. Svo til að enda tímabilið fórum við til

Gautaborgar í Svíþjóð og það var mjög gaman. En nú í vetur hefur okkur öllum farið mikið fram og við fengum líka tvo nýja leikmenn, Ingólf og Togga, og komumst strax í A-riðil bæði í 10. og 11. flokki í október.

**– Skemmtileg atvik úr boltanum.**

Innan vallar myndi ég segja í hvert sinn sem maður vinnur leik með einni körfu, þá finn ég fyrir miklum létti en utan vallar er það tvímælalaust ferðin til Gautaborgar í maí 2006.

**– Fyrirmyndir í körfuboltanum?**

Uppáhaldsleikmaður minn hérlandis er Frikki í Njarðvík en ég er ekki viss með erlendis, ég fylgist ekki mikið með NBA en ég las grein í Blaðinu um Chris Paul sem var valinn nýliði ársins en hann er að koma Hornets liðinu aftur á kortið, þannig leikmönnum er ég hrifnastur af, sem geta rífið liðið sitt upp.

**– Hvað þarf til að ná langt í körfubolta eða íþróttum almennt?**

Mér finnst aðalmálið vera að taka vel á því á æfingum og vera 100% eina-beittur

og hlusta á þjálfarann, ekki góna út í loftið á meðan hann talar. Ég þyrfti mest af öllu að bæta sjálfstraust og skotnýtingu.

**– Hvers vegna körfubolti?**

Ég hef æft íþróttir alla mína ævi. Ég byrjaði í fimleikum frá fjögurra ára aldri og þangað til ég varð níu ára, þá tók fótboltinn við í nokkur ár og síðan handbolti í eitt ár en svo fékk ég allt í einu delli fyrir körfubolta. Ég skil ekki af hverju ég byrjaði ekki fyrr því þetta er langskemmtilegasta íþróttin finnst mér og hún spilar stórt hlutverk í mínu lífi.

**– Hverjir eru þínir framtíðardraumar í körfubolta og lífinu almennt?**

Komast í unglingslandsliðið og meistaraflökk en ég er ekki alveg viss hvað ég vil verða þegar ég verð eldri. Allavega komast inn í Versló, það er víst.

**– Er einhver þekktur íþróttamaður í fjölskyldu þinni?**

Enginn í fjölskyldunni hefur spilað körfubolta, ekki nema þá einn frændi minn sem var í meistaraflökki liðsins í Vík í Mýrdal, Drangur held ég að liðið heiti.

**– Hvernig líst þér á nýju aðstöðuna sem verður hjá Val í körfubolta?**

Ég hlakka mjög mikið til að byrja að æfa í nýja húsinu en mér finnst að Valur ætti að leggja meiri áherslu á alla flokka, kvenna og karla. Ég hef til dæmis aldrei keppt í búningi sem passar á mig, þeir eru allir of stórir og líka hálfgamli. Mig langar í nýja búninga með nýja húsnæðinu og ég held ég tali fyrir hönd flestra í liðinu mínu.

**– Hver stofnaði Val og hvenær?**

Valur var stofnaður af sex strákum 11. maí 1911 og Friðrik Friðriksson, stofnandi KFUM og KFUK tók víst einhvern þátt í þessu öllu saman. Leit.is getur bjargað manni.

**– Áttu þér lífsmottó eða lífsspeki í einni setningu?**

„If you aint first, you're last.“ (Will Ferrel)





# Glæsilegur árangur í Evrópukeppni og toppþarátta í deildinni

## Skýrsla handknattleiksdeildar Vals árið 2006



Meistaraflokkur kvenna í handknattleik 2006-2007. Efsti röð frá vinstri: Hörður Gunnarsson, varaformaður aðalstjórnar, Stefán Karlsson, formaður handknattleiksdeildar, Ágúst Jóhannsson hjálfari, Katrín Andrésdóttir, Lilja B. Hauksdóttir, Hildigunnur Einarsdóttir, Hafþrún Kristjánsdóttir, Karl Guðni Erlingsson aðstoðarhjálfi, Guðlaugur Ottesen Karlsson stjórnarmaður hkd. og Gunnar Þór Möller varaformaður hkd. Miðröð: Gréta Þórsdóttir Björnsson, Guðrún Drífa Hólmgeirsdóttir, Sigurlaug Rúna Rúnarsdóttir, Soffía Rut Gísladóttir, Ágústa Edda Björnsdóttir, Drífa Skúladóttir. Fremstar: Pavla Skavronkova og Jolanta Slapekiene. Á myndina vantar: Örnú Grímsdóttur, Brynju Steinsen, Rebekku Skúladóttur, Önnu Guðmundsdóttur, Hildi Sif Pálmarsdóttur og Kristínu Collins.

Fyrir tímabilið 2005-2006 voru töluverðar breytingar á stjórn handknattleiksdeildar. Haraldur Daði Ragnarsson lét af formennsku og hélt til náms erlendis, auk þess sem Eiríkur Sæmundsson og Snorri Páll Jónsson létu af stjórnarstörfum. Allir höfðu þeir unnið gott starf fyrir deildina og er vonandi að við fáum að njóta krafta þeirra í náinni framtíð. Maður kemur í manns stað og öflug stjórn var mynduð fyrir tímabilið, en hana skipa:

### Stjórn handknattleiksdeildar

Jóhann Þórarinnsson, *formaður*  
Stefán Karlsson, *varaformaður*  
Gunnar Möller,  
*formaður meistaraflokksráðs*  
Bjarni Gunnarsson,  
*formaður fjárhagsráðs*  
Guðlaugur Ottesen,  
*formaður heimaleikjaráðs*  
Jóhann Birgisson, *meðstjórnandi*

Tímabilið 2005-2006 var krefjandi fyrir margra hluta sakir. Þar sem framkvæmdir voru hafnar á Hlíðarenda æfðu og kepptu

elstu flokkarnir í Laugardalshöll en yngri flokkarnir voru dreifðir í íþróttahúsum grunnskóla. Það er erfitt að hafa ekki samastað eins og Valsheimilið, en óhætt er að segja að deildin hafi komist vel frá þessu hlutskipti. Laugardalshöllin er orðin okkar heimili að heiman, en þar hefur okkur verið vel tekið og náðst hefur að skapa gott andrúmsloft. Mikið var lagt upp úr því að hafa umgjörðina góða og það skilaði sér í því að Höllin var kosin besti heimavöllurinn af netmiðlinum sport.is þetta tímabil. Starfið í kringum heimaleikina hefur þurft að efla til mikilla muna og eiga Guðlaugur og félagar í heimaleikjaráði mikinn heiður skilinn fyrir þá ótrúlegu vinnu sem þeir hafa innt af hendi við að gera Höllina að því sem hún er núna. Við búum vel að því að eiga öfluga menn innan félagsins sem taka daginn frá þegar heimaleikur er og leggja á sig þrotlausa vinnu við að gera allt tilbúið fyrir hvern leik. Þessum mönnum verður aldrei þakkað nóg fyrir framlag þeirra til starfsins.

### Yfirþjálfari

Á síðasta tímabili var starfandi yfirþjálfari í hálfu starfi hjá deildinni til þess að mæta þeirri auknu vinnu við skipulag æfinga á eins mörgum stöðum og raun ber vitni. Sigríður Unnur Jónsdóttir gegndi starfinu til áramóta og þá tók Sigurlaug Rúnarsdóttir við og hélt áfram þar sem frá var horfið. Báðar skiluðu þær frábæru starfi og í raun nauðsynlegu í ljósi aðstæðna. Þjálfarar og aðstandendur fá einnig hrós fyrir þá þolinmæði og þann skilning sem þeir hafa sýnt aðstæðum okkar, en við þurfum öll að minna okkur reglulega á að uppskeran er ekki langt undan, glæsilegasta æfinga- og keppnisástaða landsins.

### Sjálfbodastarf

Sú jákvæða þróun hefur átt sér stað í handknattleiksdeild undanfarin ár að sífellt fjölgar þeim sem starfa í kringum deildina og gerir það starfið bæði auðveldara og skemmtilegra. Fyrrverandi

Meistaraflokkur karla í handknattleik 2006-2007. Efsti röð frá vinstri: Kristján Þór Karlsson, Hjalti Pálmason, Ingvar Guðmundsson, Elvar Friðriksson, Baldvin Þorsteinsson og Anton Rúnarsson. Miðröð frá vinstri: Guðlaugur Karlsson, Gunnar Möller, Hörður Gunnarsson, Stefán Karlsson, Davíð Höskuldsson, Gunnar Harðarson, Ernir Hrafn Arnarson, Markús Máni Michaelsson, Orri Freyr Gíslason, Atli Steinþórsson, Heimir Ríkarðsson aðstoðarþjálfari, Óskar Bjarni Óskarsson þjálfari og Jóhannes Lange. Neðsta röð: Arnór Gunnarsson, Sigurður Eggertsson, Ingvar Árnason, Pálmar Pétursson, Ólafur Haukur Gíslason og Fannar Friðgeirsson. Á myndina vantar Ægi Hrafn Jónsson, Guðna Jónsson og Sólveigu Steinþórsdóttur sjúkraþjálfara.



leikmenn og velunnarar deildarinnar hafa hjálpað mikið til, auk þess sem stjórnin þetta tímabilið var skipuð öflugum mönnum úr öllum áttum. Hér má þó alltaf gera betur og sennilega hefur aldrei verið meira spennandi fyrir fólk að koma að starfinu en einmitt núna, þar sem svo stutt er í nýja aðstöðu.

### Öflugt starf í yngri flokkum

Það sem stendur upp úr í árangri yngri flokka félagsins tímabilið 2005-2006 er árangur 2. flokks karla, en þeir voru Íslandsmeistararitil sinn undir stjórn Heimis Ríkharðssonar. Það undirstrikaði þá staðreynd að framtíðin er björt, en margir af leikmönnum 2. flokks voru þegar á þessu tímabili farnir að leika lyk-

ihlutverk í meistaraflokki. Ekki var bikarmeistararitil 3. flokks karla síðri árangur, en úrslitaleikurinn í Höllinni bauð upp á rafmagnaða spennu. Andstæðingarnir voru FH og endaði leikurinn í framhengingu þar sem Valmenn skoruðu sigurmarkið á lokasekúndunni.

### Meistaraflokkarnir í toppbaráttu

Meistaraflokkarnir voru báðir í toppbaráttu fram til loka síðasta tímabils. Meistaraflokkur karla endaði í 3. sæti DHL-deildarinnar en liðið sýndi oft á tíðum mjög góða takta og spilaði skemmtilegan handbolta. Á tímabili leiddi liðið deildina en hélt því miður ekki út og það verður því verkefni yfirstandandi tímabils að ná titlinum að Hlíðarenda eftir allt of langa

fjarveru. Bikarkeppnin fór ekki vel en liðið datt út úr 16 liða úrslitum.

Deildarbikarinn var ný keppni í fyrra sem kom að vissu leyti í stað úrslitakeppninnar, en fjögur efstu liðin höfðu þátttökurétt í þeirri keppni. Strákarnir unnu fyrsta leikinn í undanúrslitum en urðu síðan að setta sig við tvö töp í röð gegn Haukum og þar með var tímabilinu lokið.

Meistaraflokkur kvenna var einnig með í baráttunni fram á síðustu stundu, en stelpurnar enduðu í öðru sæti, einu stigi á eftir Íslandsmeisturum ÍBV. Það var einnig liðið úr Vestmannaeyjum sem gerði bikardraum Valsstelpna að engu en liðin mættust í undanúrslitum keppninnar. Valsstelpurnar náðu hins vegar fram hefndum í Deildarbikarum og



3. flokkur bikarmeistarar 2006. Efsti röð frá vinstri: Heimir Ríkarðsson, Magnús Hrafn Hafliðason, Arnar Hrafn Árnason, Ármann Davíð Sigurðsson, Hákon Hrafn Sigurðarson Gröndal, Kristleifur Guðjónsson, Jóhann Friðgeirsson og Jóhannes Lange. Miðröð: Sólveig Steinþórsdóttir og Ingvar Kristinn Guðmundsson. Neðsta röð: Magnús Stefánsson, Daníel Freyr Gústafsson, Birkir Marínósson, Anton Rúnarsson, Orri Freyr Gíslason, Arnar Ragnarsson og Alexander Lúðvíksson.





Íþróttamaður Vals árið 2004, Berglind Íris Hansdóttir, gerð-ist atvinnumaður í Danmörku á árinu eins og unnusti hennar Bjarni Ólafur Eiríksson, íþróttamaður Vals 2005.

enduðu tímabilið á glæsilegan hátt, með því að vinna alla fjóra leiki sína, tvo gegn Haukum í undanúrslitum og tvo gegn ÍBV í úrslitum. Stelpurnar sýndu eins og strákarnir mjög góðan handbolta en herslumuninn vantaði upp á að klára deildina og bikarinn. Deildarbikarinn var hins vegar glæsilegur titill og kærkominn.

## Evrópuævintýri meistaraflokka karla og kvenna

Báðir meistaraflokkar tóku þátt í Evrópukeppni og var það mikið ævintýri fyrir leikmenn og alla sem að starfinu standa. Strákarnir höfðu ekki heppnina með sér og fengu arfaslakt lið frá Georgíu í 1. umferð. Báðir leikirnir fóru fram hér heima og var getumunurinn á liðunum mikill. Ekki orð um það meira. Í 2. umferð mættu strákarnir Sjundeå frá Finnlandi og með frábærum útisigri í fyrri leiknum tryggðu þeir sig í 3. umferð EHF keppinnar. Þar mætti liðið Skövde frá Svíþjóð og urðu strákarnir að játa sig sigraða gegn mjög sterku liði Svíanna, en það var ekki mikið sem skildi liðin að og ánægjulegur heimasigur batt enda á þáttöku strákanna í keppninni.

Stelpurnar hófu sitt Evrópuævintýri í 16 liða úrslitum Áskorendakeppinnar, en þar mætti liðið HC Athinaikos frá Grikklandi. Báðir leikirnir fóru fram í Grikklandi og eftir tap í fyrri leiknum sneru stelpurnar blaðinu við og komust í átta liða úrslit keppinnar. Þar drógust þær gegn svissneska liðinu LC Brühl og fóru báðir leikirnir fram í Laugardalshöll. Eftir tvo skemmtilega leiki náðu Valsstelpurnar að sigra og voru þar

með komnar í undanúrslit keppinnar, sem jafnar besta árangur íslensks kvennaliðs í Evrópukeppni. Í undanúrslitunum mætti liðið CS Tomis Constanta frá Rúmeníu og þar varð útileikurinn liðinu að falli, en hann tapaðist með 12 mörkum. Stelpurnar sýndu hins vegar frábæran leik á heimavelli og unnu með 7 mörkum í besta kvannahandboltaleik héraðs á síðari árum.

Það er alveg ljóst að þátttaka Vals í Evrópukeppni síðastliðin tvö ár hefur gefið

okkur mikið. Leikur strákanna við Skövde hér heima og leikur stúlknanna við Constanta voru félaginu til mikils sóma. Margir áhorfendur mættu og stemningin var mjög skemmtileg. Þátttaka í Evrópukeppni skilar leikmönnum reynslu og það er mat okkar að hún hafi skilað sér í betri spilamennsku liðanna í deildinni hér heima. Hins vegar var ákveðið að hvíla Evrópukeppnina á yfirstandandi tímabili og er ástæðan einfaldlega sú hversu gríðarleg vinna fer í að láta enda ná saman við slíka þáttöku. Handboltinn er í þannig stöðu núna að eingöngu kostnaður er við að taka þátt í Evrópukeppni og mikið álag er á sjálfbodaliðum og leikmönnum sjálfum við fjárföflun til þáttökunnar. Við erum þó reynslunni ríkari og munum að sjálfsgöðu taka þátt í Evrópukeppni í nýju húsi á næsta ári.

## Breytingar á stjórn

Nokkrar breytingar urðu á stjórn deildarinnar í sumar. Stefán Karlsson tók við formennsku, auk þess sem Sigríður Jóna Gunnarsdóttir og Sigurjón Þráinsson bættust í hópinn. Jóhann Þórarinnsson og Bjarni Gunnarsson létu af stjórnarsetu en tóku þess í stað sæti í fjárhagsráði og styðja dyggilega við störf deildarinnar.

## Samningar við leikmenn til þriggja ára

Strax í vor var farið af stað með að semja til lengri tíma við leikmenn meistaraflokkanna, en þá vinnu leiddu, ásamt

stjórn, þeir Geir Sveinsson og Valdimar Grímsson, sem ættu að vera flestum Valsmönnum kunnir. Niðurstaðan varð sú að velflestir leikmenn eru samningsbundnir félaginu til þriggja ára og er það gríðarlega sterkt.

## Breytingar á leikmannahópi

Þó nokkrar breytingar urðu á leikmannahópum liðanna fyrir tímabilið. Stórt skarð var höggvið í kvennaliðið þegar besta leikmaður Íslandsmótsins undanfarin ár, Berglind Íris Hansdóttir, ákvað að freista gæfunnar í dönsku deildinni og gekk til liðs við SK Århus. Frábært fyrir Berglindi að komast að í bestu kvennadeild í heimi og til marks um hversu frá-



Ólafur Haukur Gíslason í sjónvarpsviðtali.

bær leikmaður hún er. Auk hennar lagði Sigríður Jóna Gunnarsdóttir markmaður skóna á hilluna. Í þeirra stað eru komnar þær Pavla Skavronkova og Jolanta Slapekiene. Pavla er tékknesk landsliðskona og hefur spilað í heimalandi sínu og í Slóveníu undanfarin ár. Jolanta er frá Litháen en hún hefur leikið hér á landi í nokkuð mörg ár með FH í Hafnarfirði. Soffía Rut Gísladóttir kom til baka frá Spáni og Gréta Þórsdóttir Björnsson kom til liðs við okkur frá Danmörku. Þá gekk Hildigunnur Einarsdóttir til liðs við félagið frá Fram, en hún var nýlega valin í kvennalandsliðið undir stjórn Júlíusar Jónassonar. Að auki hefur Brynja Steinsson tekið fram skóna að nýju og hefur reynst og mun reynast mikill liðsstyrkur. Kvennaliðið fékk svo frekari liðsstyrk í lok október þegar Guðrún Drífa Hólmgeirsdóttir gekk til liðs við félagið. Alla Georgijsdóttir Gokorian hefur hins vegar ákveðið að leggja skóna á hilluna eftir langan og farsælan feril á Íslandi með Val, Gróttu-KR og ÍBV. Við vonumst þó til að njóta krafta hennar áfram á öðrum vettvangi enda afburðamanneskja þar á ferð og frábær handboltakona.



Samningar undirritaðir við ýmsa leikmenn. Efri röð frá vinstri: Soffía Rut Gísladóttir, Arnór Gunnarsson, Ernir Hrafn Arnarson, Gunnar Harðarson, Pavla Skavronkova, Gréta Þórsdóttir Björnsson. Neðri röð: Stefán Karlsson formaður handknattleiksdeildar, Markús Máni Michaelsson, Ólafur Haukur Gíslason.

Ekki var minna um að vera í leikmannamálum meistaraflokks karla. Mohamadi Loutoufi hélt heim til Frakklands en þessi skemmtilegi leikmaður setti mikinn svip á deildina í fyrra, auk þess að vera frábær félagi. Tveir örvhentir leikmenn gengu til liðs við okkur, þeir Ernir Hrafn Arnarson og Arnór Gunnars-

son. Ernir kom frá Aftureldingu, en hann er meðal efnilegri leikmanna landsins. Það sama er hægt að segja um Arnór sem kom frá Þór á Akureyri. Gunnar Harðarson línumaður kom frá Fram, en hann er eins og hinir tveir mjög efnilegur og öflugur leikmaður, þrátt fyrir að vera réttentur. Markús Máni Michaelsson kom heim til Íslands frá Düsseldorf í Þýskalandi og þarf ekkert að

fara mörgum orðum um hversu sterkur leikmaður er þar á ferð, uppallinn Valsari í landsliðsklassa. Hið sama má einnig segja um Ólaf Hauk Gíslason markvörð, sem er kominn heim á Hlíðarenda eftir að hafa alið meistaraflokksferil sinn í ÍR, auk þess að spila síðasta tímabil í Sviss.

## Bjartir tímar fram undan

Leikmannahóparnir eru báðir mjög sterkir og til alls líklegir á yfirstandandi tímabili. Þegar þetta er skrifað eru bæði lið í bullandi toppbaráttu og engin ástæða til annars en horfa björtum augum til framtíðar. Yngri flokka starfið hefur farið vel af stað og iðkendafjöldi haldist þrátt fyrir aðstöðuleysið. Við höfum hæfustu þjálfara landsins innanborðs, sjaldan eða aldrei hafa fleiri frábærir þjálfarar verið samankomnir í einu og sama félaginu. Ný aðstaða er ekki langt frá því að verða að veruleika og ljóst að um byltingu verður að ræða fyrir handknattleiksdeild, sem og aðrar deildir félagsins. Þó að við séum ekki á Hlíðarenda fer ágætlega um okkur í Höllinni og hvetjum við fólk til að fjölmenna á þá leiki sem eftir eru af tímabilinu, enda eru þetta frábær lið sem eiga stuðning okkar skilinn. Einnig hvetjum við foreldra til að taka virkan þátt í starfinu með börnum sínum og koma með þeim á leiki hjá leikmönnum sem eru fyrirmyndir þeirra.

*F.h. handknattleiksdeildar,  
Stefán Karlsson, formaður*







2. flokkur Íslands- og deildarmeistarar 2006. Efri röð frá vinstri: Jói Lange, Óskar Bjarni Óskarsson, Darri Egilsson, Fannar Friðgeirsson, Þirgir Örn Þirgisson, Ingvar Árnason, Ármann Sigurðsson, Daði Baldur Ottósen, Kristinn Guðmundsson og Heimir Ríkardsson hjálfari. Neðri röð frá vinstri: Birkir Marinósson, Anton Rúnarson, Ingvar Guðmundsson, Orri Freyr Gíslason, Sigurjón Kjærnested, Sv. Skorri Höskuldsson, Guðmundur Jónsson og Elvar Friðriksson.

## Viðurkenningar á uppskeruhátíð handknattleiksdeildar 2006:

### 7. flokkur karla og kvenna

Allir iðkendur fengu viðurkenningu.

### 6. flokkur kvenna

*Besti leikmaður:* Rakel J. Ragnarsdóttir

*Mestu framfarir:*

Sólveig Lóa Höskuldsdóttir

*Besta ástundun:* Lea Jerman Plesec

### 6. flokkur karla

*Besti leikmaður:* Alexander Júlíusson

*Mestu framfarir:* Sigurbjörn Barkarson

*Besta ástundun:* Fjölur Georgsson

### 5. flokkur kvenna

*Besti leikmaður:* Birna Guðmundsdóttir

*Mestu framfarir:* Hulda Tómasdóttir

*Besta ástundun:* Sara Sigurðardóttir

### 5. flokkur karla

*Besti leikmaður:* Edvard B. Ótharsson

*Mestu framfarir:* Bjarki Sigurðsson

*Besta ástundun:* Bjartur Guðmundsson

### 4. flokkur kvenna

*Besti leikmaður:* Lára Dagnýrsdóttir

*Mestu framfarir:* Krístrún Njálisdóttir

*Besta ástundun:* Heiðrún Kristinsdóttir

### 4. flokkur karla

*Besti leikmaður:* Alexander Lúdvíksson

*Mestu framfarir:*

Ólafur Einar Ómarsson

*Besta ástundun:* Arnar Guðmundsson

*Maggabikarinn (Besti félaginn):*

Jóhann Skúli Jónsson

### Unglingaflokkur kvenna

*Besti leikmaður:* Rebekka Skúladóttir

*Mestu framfarir:* Kristín Collins

*Besta ástundun:*

Thelma Benediktsdóttir

### 3. flokkur karla

*Besti leikmaður:* Orri Freyr Gíslason

*Mestu framfarir:* Ingvar Guðmundsson

*Besta ástundun:* Anton Rúnarsson

### 2. flokkur karla

*Besti leikmaður:* Fannar Friðgeirsson

*Mestu framfarir:* Elvar Friðriksson

*Besta ástundun:* Daði Ottósson

*Efnilegasti leikmaður yngri flokkanna:*

Rebekka Skúladóttir

### Útnefningar á uppskeruhátíð meistaraflokka:

#### Meistaraflokkur kvenna

*Besti leikmaður:*

Berglind Íris Hansdóttir

*Efnilegasti leikmaður:*

Rebekka Skúladóttir

#### Meistaraflokkur karla

*Besti leikmaður:* Hjalti Pálmason

*Efnilegasti leikmaður:* Ingvar Árnason



# Munið getraunarárvals – 101

**sýn**



# Það hefur alltaf verið draumurinnað komast út að spila

## Fannar Þór Friðgeirsson leikur handbolta með meistaraflokki karla

**Fæðingardagur og ár?** 3. júní 1987.

**Nám?** Útskrifast úr MS í vor.

**Kærasta?** Katrín Andrésdóttir.

**Hvað ætlar þú að verða?** Það hefur alltaf verið draumurinn að komast eitthvert út að spila, en ég stefni á að hafa kannski einhverja viðskiptafræði eða eitthvað í bakhöndinni.

**Frægur Valsari í fjölskyldunni?** Einn er nokkuð frægur hjá ákveðnum hópi en hann er kenndur við skjaldböku og er kallaður Túrtli, betur þekktur sem Addi Fannar eða Arnar bróðir minn.

**Hvernig hafa foreldrar þínir stutt þig í handboltanum?** Ótrúlega mikið og bara í öllu sem ég geri. Það er ótrúlega mikilvægt að foreldrar hafi áhuga og sýni áhuga á því sem maður er að gera.

**Hver er besti íþróttamaðurinn í fjölskyldunni?** Allavega ekki pabbi. Hann þykist alltaf hafa verið einhver kempa á sínum tíma, en ég á bág með að trúa því. Nei, nei, hann var ágætur en ég held að ég hafi samt afrekað mest.

**Hvað gætir þú aldrei hugsað þér að verða?** Sjómaður.

Nokkrir liðsfélagar vita af hverju.

**Af hverju handbolta?**

Skemmtilegasta íþróttin. Nógu mikill æsingur fyrir mig rólyndismanninn.

Annars sé ég eftir því að hafa ekki farið í fótbolta. Væri senni-

lega til reynslu hjá Liverpool núna.

**Af hverju Valur?** Eina stórveldið á Íslandi og svo eru nú flestir Valsarar í fjölskyldunni. Arnar bróðir var líka að spila með Val.

**Eftirminnilegast úr boltanum?** Íslandsmeisaratillinn í 2. fl. 2005. Sjö mörkum undir og sjö mínútur eftir en náðum samt að vinna í tvíframlengdum leik með þremur mörkum.

**Hvernig gekk á síðasta tímabili?** Íslands-, deildar- og Reykjavíkumeistararar í 2. fl. Klúðruðum bikarum klaufalega. Í meistaraflokki vorum við ágætir, vantaði samt dálitla reynslu til að klára þessa hörðu leiki.

**Ein setning um þetta tímabil?** Byrjar ágætlega. Samt klaufar, við erum búnir að tapa dýrmætum stigum en það fer enginn taplaus í gegnum svona mót.

**Besti stuðningsmaðurinn?** Baldur hefur örlítið forskot með bongóid en hann er bara lítill hluti af ótrúlegu stuðningsliði sem í heild sinni mynda besta stuðningsmannahóp landsins, Stuðarar.

**Koma titlar í hús í vetur?** Já, nokkrir.

**Fyndnasta atvik?** Það var alltaf jafn fyndið þegar maður nefndur Ægir Þór Ægisson, línutröll með meiru skellti sér í hægri skyttuna og hlóð byssuna. Hafði ekki klikkað á skoti þar til hann lagði skóna á hilluna frægu. Ótrúleg undirhönd.

**Stærsta stundin?** Klárlega þegar ég sýndi glímu fyrir framan alþjóð á Laugardalsvelli á opunarhátíð Smáþjódaleikanna fyrir þó nokkrum árum.

**Athyglisverðasti leikmaður í meistaraflokki?** Pálmar Pétursson, alltaf eitthvað að leika „frændur“ sína frá Húsavík.

**Hver á ljótasta bílinn?**

Gunnar og Pálmar berjast um þann vafasama heiður.

**Hvað lýsir þú í n u m h ú m o r best?** Fóstræður

eru myndir.

**Mottó?** Lifa einn dag í einu. Á vel við mig, ótrúlega illa skipulagður.

**Við hvaða aðstæður líður þér best?** Upp í sófa með fullt af nammi og eitthvað gott í imbanum.

**Hvaða setningu notarðu oftast?** „Ertu ekki að grínast.“

**Skemmtilegustu gallarnir?** Öðrum finnst ótrúlega gaman af því hvað ég er fljótur upp.

**Fullkomið laugardagskvöld?** Borða eitthvað gott og dúndra sér svo undir sæng og horfa á DVD með fullt af nammi.

**Hvaða flik þykir þér vænst um?** „Snákinn“ og „Tigerinn.“

**Besti handboltamaður heims?** Ólafur Stefánsson

**Fyrirmynd þín í handbolta?** Joachim Boldsen leikmaður Flensburg og Danska landsliðsins. Ótrúlega svalur.

**Besti söngvari?** Stebbi Hilmars.

**Besta hljómsveit?** Íslenska Sálín en erlenda U2.

**Besta bíómynd?** Braveheart.

**Besta bók?** Mýrin.

**Besta lag?** Vængjum þöndum eftir Stefán Hilmarsson og Friðrik Sturluson.

**Uppáhaldsvefsíðan?** Valur.is.

**Uppáhaldsfélag í enska boltanum?** Liverpool.

**Eftir hverju sérðu mest?** Hafa ekki lagt stund á glímunu á sínum tíma, ótrúlegt efni.

**Ef þú yrðir að vera einhver annar?** Joachim Boldsen, yfirnáttúrulega töff og bankareikningurinn á eftir að þenjast á næstunni. Var að skrifa undir nýjan samning.

**Fjögur orð um núverandi þjálfara?** Sérstakir, keppnismenn, skemmtilegir og ótrúlega myndarlegir.

**Ef þú værir alvaldur í Val hvað myndir þú gera?** Leggja niður einveldis-sektarsjóðinn hans Óla Gísla. Það myndi alveg draga úr sálfræðikostnaði.

**Nokkur orð um nýju aðstöðuna á Hlíðarenda?** Ótrúlega flott. Lang flottasta íþróttahús landsins.

# Ég get ekki beðið eftir því að nýja Valshöllin verði til

## Katrín Andrésdóttir leikur handbolta með meistaraflokki kvenna

**Fæðingardagur og ár?** Ég er fædd sama dag og maður setur skóinn út í glugga, 11. desember 1986.

**Nám?** Ég er að útskrifast úr MS í vor.

**Kærasti?** Fannar Þór Friðgeirsson.

**Hvað ætlar þú að verða?** Það er ekki ákveðið enn og er alltaf að breytast. Það heitasta þessa dagana er þó að stefna á lyfjafraeði.

**Frægur Valsari í fjölskyldunni?** Mamma er „frægasti“ Valsarinn í minni ætt. Hún var fyrirliði Vals í handbolta þegar þær urðu Íslandsmeistarar árið 1983 og svo urðu þær bikarmeistarar ári seinna.

**Hvernig hafa foreldrar þínir stutt þig í handboltanum?** Þau hafa alltaf stutt mig mikið og varla misst úr leik frá því ég byrjaði. Fyrir utan það eru þau yfirleitt ánægðari en ég ef vel gengur.

**Hver er besti íþróttamaðurinn í fjölskyldunni?** Mammaklárlega. Handbolta-, fótbolta-, körfubolta og blakkona með meiru.

**Hvað gætir þú aldrei hugsað þér að verða?** Slátrari er starf sem ég gæti ekki fengið mig til að vinna.

**Af hverju handbolti?** Gömlu voru bæði að þjálfar og spila og þetta var bara einhvern veginn sjálfsgætt.

**Af hverju Valur?** Frábær klúbbur sem mér leist vel á þegar ég flutti suður og ekki sakaði að mamma er gamall Valsari.

**Hvernig gekk á síðasta tímabili?** Mér fannst við bara spila mjög vel, sérstaklega seinni part tímabils. Við töpuðum ótrúlega dýrmætum stigum á móti FH í byrjun tímabils sem kostaði okkur Íslandsmeistaratitilinn. Við duttum út úr bikarnum í fjögurra liða úrslitum. Við tókum þátt í Evrópukeppninni og gekk mjög vel. Svo í lokin tókum við deildararbikarinn án þess að tapa og að okkar mati var það stór titill þar sem deildararbikarinn er keppni fjögurra bestu liða.

**Besti stuðningsmaðurinn?** Við Valsarar erum samt svo heppnir að eiga bestu stuðningsmenn í heimi og það er algjör-

lega ómögulegt að gera upp á milli þessa toppfólks sem stendur við bakið á okkur.

**Koma titlar í hús í vetur?** Það er klárlega stefnan.

**Möguleikar kvennalandsliðsins í handbolta að komast í lokakeppni stórmóts?** Ég held að stelpurnar eigi bara góða möguleika á að komast á stórmót. Mér finnst liðið hafa verið að sækja í sig veðrið síðustu ár og nú er kominn nýr þjálfari með nýjar áherslur og ég hef mikla trú á þessu.

**Stærsta stundin?** Mér fannst það ótrúlega stór stund þegar ég var þrettán að verða fjórtán og spilaði minn fyrsta meistaraflokksleik. Það var sjónvarpsleikur á móti Stjörnunni og ég kom inn á og fintaði Guðríði Gunnsteins upp úr skónum. Það var stór stund.

**Athylgisverðasti leikmaður í meistaraflokki?** Ég er ekki frá því að það sé nýliðinn Hildigunnur Einarsdóttir.

**Mottó?** Maður uppsker eins og maður sáir. Þetta var mér kennt þegar ég var lítill og hef ég haft þetta bakvið eyrað síðan.

**Leyndasti draumur?** Ég hefði ekkert á móti því að geta haldið lagi.

**Við hvaða aðstæður líður þér best?** Mér líður best í afslöppun uppi í rúmi með góða mynd í tækinu.

**Fullkomið laugardagskvöld?**

Góður matur, brownie í eftirrétt og rólegheit í góðra vina hópi myndu alveg virka fyrir mig.

**Besti handboltamaður heims?**

Ólafur Stefánsson.

**B e s t i s ö n g v a r i ?**

Bubbi.

**Besta hljómsveit?** Sálin.

**Besta bíómynd?** Það toppar ekkert Stelli í orlofi ég hlæ alltaf þegar ég horfi á hana.

**Besta bók?** Ég er alltof löt við að lesa annað en skólabækur. Held að síðasta bókin sem ég las hafi verið *Tár bros og takkaskór*, hún var góð.

**Besta lag?** Það er alveg hellingur. Uppáhaldsþólagið mitt er samt *Þú og ég* og *Jól* með Svölu Björgvins.

**Uppáhaldsvefsíðan?** [www.valur.is](http://www.valur.is)

**Uppáhaldsfélag í enska boltanum?** Liverpool.

**Ef þú yrðir að vera einhver annar?** Angelina Jolie.

**Fjögur orð um núverandi þjálfara?** Þeir eru lang flottastir.

**Ef þú værir alvaldur í Val hvað myndir þú gera?** Ég hugsa að ég myndi snúa mér að uppbyggingu yngri flokkanna. Reyna að fjölga iðkendum og halda uppi góðri þjálfun yngri flokka.

**Nokkur orð um nýju aðstöðuna á Hlíðarenda?**

Ég kíkta inn í nýju bygginguna um daginn og hún er geðveik. Ég held að toppurinn á þessu séu pottarnir í klefunum ég get ekki beðið eftir að höllin verði til.

**Bloggsíða?** [www.kataandresar.blogg-ar.is](http://www.kataandresar.blogg-ar.is)







# Mikilvægur þáttur foreldra í starfi íþróttafélaga

Hvað er félagið? Hvað er Knattspyrnufélagið Valur? Er það eingöngu nafnið? Hvað dettur okkur í hug þegar við nefnum orðið VALUR? Þetta er eflaust misjafnt eftir því hver á í hlut. Hvað er mikilvægast í svona félagi? Er það nafnið, aðstaðan, húsnæðið, iðkendurnir, þjálfararnir, stjórnunin, stjórnin eða kannski foreldramir? Ja, lítil væri iðkunin og keppnin ef ekki væru iðkendumir. Leikmenn sem æfa og spila með flokkunum, allt frá 8. flokki upp í meistaraflokk, kvenna og karla. Hvar hefst þetta allt? Dæmi eru um iðkendur í knattspyrnunni, allt niður í 4-5 ára. Hver skyldi nú sjá um það og að koma þeim á æfingar?

## Grasrótastarf foreldra

Þáttur foreldra er að mörgu leyti fallinn, en afskaplega nauðsynlegur. Hann er sannkallað grasrótastarf. Sumir foreldrar kjósa að starfa í foreldraráðum, fara sem fararstjórar á mót, vinna jafnvel

sem liðsstjórar eða aðstoðarfólk þjálfara á mótum og sjá reyndar stundum um allan undirbúning móta, fyrir utan þjálfun iðkendanna. Víst er að ekki væri utanumhald margra móta eins gott og raun ber vitni, ef ekki kæmi til óeigingjörn sjálfbodavinna foreldra. Aðrir foreldra vinna „í kyrrþey“ ef svo má segja. Það eru foreldrarnir sem vakna til dæmis eldsnemma á sunnudagsmorgnum og keyra börnin sín á æfingar niður í Val. Keyra þau á hverja æfinguna og keppnina á fætur annarri; í Egilshöll, út í KR, í Reykjaneshöllina, til Vestmannaeyja og Akureyrar, á Akranes og eyða þar oft en ekki hálfu og heilu helgunum. Þeir mæta með aukafötin og nestið, reima, girða og snýta. Þeir hvetja og hrósa og hugga þegar illa gengur. Aðrir foreldrar hafa árið ekið með frosna rækjupoka um heilu og hálfu hverfin, fyrir jól og páska, allt í sjálfbodavinnu, og allt fyrir félag barnanna sinna.

## Mikil vinna að sinna foreldahlutverki í íþróttafélagi

Að vera foreldri iðkanda er í raun mikil vinna. En er þetta ekki allt gert í þágu barnanna? Vissulega, en ekki síður fyrir félagið. Flestum foreldrum þykir vonandi vænt um Val, félag barnanna og verða sjálfir Valsarar, ef þeir voru það ekki fyrir. Foreldrar gegna mikilvægu en oft vanþakklátu sjálfbodaliða- og forvarnarstarfi. Félagið á að styðja við bakið á foreldrum eins og foreldrar styðja við bakið á Val. Það ætti til dæmis að verðlauna foreldra, eins og stjórnarfolk og starfsfolk félagsins. Það eru allir hlekkir í sömu keðjunni, allir sem taldir eru upp hér að ofan. Félagið getur ekki starfað ef einn hlekk vantar. Saman myndum við sterkt félag. ÁFRAM VALUR!

*Höfundur hefur árum saman átt börn í yngri flokkum Vals og setið í foreldraráðum, unglingaráði og stjórn knattspyrnudeildar*

**hópbílar**



# Þú verður að þora að skora

## Birna Guðmundsdóttir leikur handbolta með 4. flokki

Birna er fjórtán ára og hefur æft handbolta síðan hún var átta ára. Hún flutti í Hlíðarnar á þeim aldri og það er þabba hennar að þakka að hún fór í Val og byrjaði að æfa handbolta. Hún kveðst mjög fegin að hafa farið í Val af því að það sé einfaldlega besta liðið. Foreldrar hennar hafa stutt við bakið á henni og henni finnst stuðningur foreldra skipta afar miklu máli til að ná langt í íþróttum.

### – Hvernig gengur ykkur?

Í fyrra fórum við á nokkur mót en þau sem stóðu upp úr voru Partille Cup í Svíþjóð þar sem við duttum út í 16 liða úrslitum og þegar við fórum til Akureyrar og lentum í 3. sæti þar. Okkur hefur ekki gengið alltof vel í vetur, við erum bara með eina manneskju á eldra ári og þetta er þess vegna mjög erfitt. Vorum að keppa á Reykjavíkurmótinu svo er Íslandsmótið byrjað og það gengur ágætlega.

### – Skemmtileg atvik úr boltanum.

Ætli það hafi ekki verið í fyrra þegar við gerðum jafntefli við ÍR. Létum eins og við hefðum unnið heimsmeistaramót.

Svo gerðust fullt af fyndnum atvikum á Partille. Til dæmis þegar Sara Sig. fann þrik á götunni og fór að leika sér að kasta því upp í loftið, ekkert áhugavert við það, fyrr en við komumst að því að þetta var þornaður hundaskítur. Hlógum mikið.

### – Fyrirmyndir í handboltanum?

Fullt af fyrirmyndum. Þær sem standa upp úr eru Ágústa Edda í Val, Guðjón Valur og Óli Stefáns. Ætli Óli Stef. og Guðjón Valur séu ekki bara bestir.

### – Hvað þarf til að ná langt í handbolta eða íþróttum almennt?

Það þarf metnað og aukaæfingar. Mig langar að verða aðeins víðsýnni á vellinum og það gæti líka komið sér vel að geta skotið með vinstri.

### – Hvers vegna handbolti?

Handbolti er skemmtilegasta íþróttin án efa. Ég æfði einu sinni skauta. Var þá bara sex ára og var fljót að átta mig á því að það væri ekki mín íþrótt. Handboltinn er mjög mikilvægur í lífi mínu, félagslega, líkamlega og andlega.

### – Hverjir eru framtíðardraumar þínir í handbolta og lífinu almennt?



Mig langar að fara til Danmerkur sem atvinnumaður.

### – Þekktur Valsari í fjölskyldu þinni?

Frændi minn, Bergur Mór Emilsson körfuboltamaður og þjálfari hjá Val.

### – Hvernig líst þér á nýju aðstöðuna sem verður hjá Val í handbolta?

Ótrúlega vel. Ég hlakka mikið til að fara að æfa þarna. Mér skilst að þetta sé svakalega flott. Samt sakna ég svolítið gamla Valsheimilisins.

### – Hver stofnaði Val og hvenær?

Séra Friðrik Friðriksson, 11. maí árið 1911, maður er með það á tandurhreinu.

### – Áttu þér lífsmottó eða lífsspeki?

„Þú verður að þora til að skora“ og „komdu fram við aðra eins og þú vilt að aðrir komi fram við þig.“

## Íþróttaskóli fyrir 6 ára

Íþróttaskóli Vals fyrir sex ára börn hefur verið starfræktur í vetur eins og undanfarin ár. Íþróttaskólinn sem fram fer innan hverfaskólanna þriggja, Austurbæjarskóla, Háteigsskóla og Hlíðaskóla, er samstarfsverkefni Vals og Reykjavíkurborgar þar sem öllum sex ára börnum á starfssvæði Vals er boðið upp á fría íþróttakennslu tvisvar sinnum í viku á starfstíma frístundaheimila skólanna. Aðalmarkmið skólans er að auka hreyfingu barna í 1. bekk grunnskóla undir handleiðslu fagfólks. Reykjavíkurborg kostar verkefnið en Valur er framkvæmdaraðili þess og sér um alla skipulagningu. Íþróttaskólinn er til húsa


í íþróttahúsum Austurbæjarskóla og Háteigsskóla en vegna þéttar stundatöflu í Hlíðaskóla fer íþróttaskólinn fram í gamla salnum að Hlíðarenda í vetur.

Mikil þátttaka hefur einkennt íþróttaskólann undanfarin ár og eru nú yfir 90% barna í 1. bekk hverfaskólanna þriggja í starfinu. Lögð er áhersla á fjölbreytt hreyfinám í gegnum leiki og auk þess eru íþróttagreinarnar þrjár, sem stundaðar eru innan Vals, kynntar sérstaklega. Mikil ánægja er með íþróttaskólann meðal foreldra og hafa börnin bæði gagn og gaman af þátttökunni.



Pétur Veigar Pétursson, íþróttafulltrúi Vals

# Þátttaka foreldra í starfinu mætti vera meiri



*Alexía Imsland með foreldrum sínum, Kristjáni Imsland og Þóru Alexíu Guðmundsdóttur sem styðja henni við bakkið á fótboltaíðkun dóttur sinnar og taka virkan þátt í foreldrastarfinu.*

Foreldraviðtalið að þessu sinni er við hjónin Þóru Alexíu Guðmundsdóttur og Kristján Imsland foreldra Alexíu Imsland sem æfir fótbolta með Val og er nýgengin upp í 3. flokk.



– **Dóttir ykkar, Alexía, æfir fótbolta með Val. Hversu lengi hefur hún æft?**

Alexía hefur æft fótbolta með Val í fimm ár eða frá því hún var níu ára.

– **Nú býið þið ekki í Valshverfinu, hvers vegna Valur?**

Ég bjó í Hlíðunum, segir Þóra, þegar ég var lítil, pabbi er Valsari og bróðir minn spilaði með Val allan sinn fótboltaferil, þannig að einu sinni Valsari, alltaf Valsari.

– **Hvernig fer Alexía á æfingar?**

Við keyrum hana alltaf og sækjum á æfingar.

– **Athygli vekur að þið sækid alla leiki Vals í 4. flokki, þar sem Alexía hefur spilað. Hvers vegna?**

Við höfum mikinn áhuga á því sem Alexía er að gera og viljum við sýna henni og liðinu stuðning okkar með því að mæta á leiki.

– **Hvað segið þið um félagið? Aðstöðuna? Þjálfarana? Stjórnunina? Þátt foreldra?**

Valur er með að okkar mati mjög gott unglingsstarf, félagið leggur metnað sinn í það að hafa góða þjálfara fyrir yngri flokkana. Aðstaðan hefur ekki verið góð á síðasta ári vegna framkvæmda á Hlíðarenda en það á allt eftir að breytast. Þátttaka foreldra mætti vera meiri, gaman væri að sjá fleiri foreldra á leikjum stelpnanna, þetta er svo skemmtilegt.

– **Viljið þið segja eitthvað að lokum? ÁFRAM VALUR!**

*Margrét Ívarsdóttir*



# Blómstrandi starf í yngri flokkum og meistaraflokkur á uppleið

Skýrsla körfuknattleiksdeildar árið 2006



Úr leik Vals og Þórs í Kennaraháskólanum. Meistaraflokkur leikur heimaleiki sína í vetur í Íþróttahúsi Kennaraháskóla Íslands en mikil tilhlökkun er í hópnum að komast aftur heim á Hlíðarenda.

## Stjórn körfuknattleiksdeildar Vals 2005-2006

Gunnar Zoëga, *formaður*

Torfi Magnússon, *varaformaður*

Guðmundur Guðjónsson

Hreiðar Þórðarson

Lárus Blöndal

Sveinn Zoëga

Svali Björgvinsson *stýrir fjármálahópi deildarinnar*

Allir stjórnarmeðlimir eru áfram í stjórn starfsárið 2006-2007 og ber að þakka öllum stjórnarmönnum fyrir mikið og óeigingjarnt sjálfbodastarf hjá Val. Það hafa verið mörg verkefni í gangi hjá stjórninni og margt áunnist.

Það er mikið gleðiefni að kvennakarfa sé aftur komin í Val og allir yngri flokkar félagsins bættu sig á síðasta ári. Þessi vetur lítur mjög vel út í körfunni hjá Val, m.a. vegna fjölgunar iðkenda. Miklar framfarir eru í öllum yngri flokkunum og við eigum mjög sterkan meistaraflokk karla.

Yngri flokkar félagsins stóðu sig mjög vel þar sem hæst ber árangur 11. flokks sem Ágúst Jensson hefur þjálfað undanfarin ár. Auk þess urðu strákarnir Reykjavíkumeistarar og í öðru sæti á Íslandsmótinu. Góður tólf manna hópur af leikmönnum og eru margir farnir að æfa og spila með meistaraflokki félagsins. Það verður mjög áhugavert að fylg-

jast með strákunum en þeir hafa lagt sig mikið fram undanfarin ár.

## Meistaraflokkur

Eggert Maríuson þjálfaði meistaraflokkinn fyrsta veturinn á síðasta tímabili. Miklar breytingar urðu á liðinu og Eggert hefur verið að byggja upp sterkt meistaraflokkslið þar sem uppistaðan eru uppaldir Valsmenn.

Liðið var þriðja árið í röð í fyrstu deild og enn einu sinni missti liðið af sæti í efstu deild eftir tapleiki í undanúrslitum. Stefnan er að sjálfsögðu áfram sett á að komast upp og byggja upp sterkt Valslið um komandi ár.

Eggert er þjálfari meistara- og unglingsaflokks ásamt því að vera með yfirmensjón með drengjaflokknum en margir leikmenn drengjaflokks verða burðarásar í meistaraflokknum næstu árin. Sævaldur Bjarnason verður aðstoðarþjálfari Eggerts ásamt því að þjálf drengjaflokkinn. Því verður góð tenging á milli yngri flokka og meistaraflokks. Með þessu næst heildarsamræming og markmiðið verður ljóst hjá elstu flokkunum. Í ár var í fyrsta skipti í íslenskum körfubolta heilt lið sem fór í skipulagðan tíma hjá frjálsþróttarþjálfara. Síðasti hluti undirbúningstímabilsins var keppnisferð til Danmerkur í byrjun ágúst.

Það er ljóst að ekki er hægt að hafa eingöngu unga og óreynda leikmenn og því hefur liðið fengið góðan liðsstyrk. Matteo Cavallini kemur frá Ítalíu og Zach Ingles kemur frá Bandaríkjunum. Með þennan liðsstyrk, ásamt þeim leikmönnum sem fyrir eru, er liðið líklegt til að komast í efstu deild.

Ekki hafa orðið miklar breytingar á liðinu en auk Matteo og Zach hefur Kjartan Orri Sigurðsson ákveðið að leika með liðinu í vetur eftir árs frí. Gylfi Már Geirsson og Matthías Ásgeirsson hafa hætt með liðinu og við óskum þeim góðs gengis á nýjum stað.

*Við hvetjum alla til að styðja liðið við þetta metnaðarfulla markmið í vetur.*

## Yngri flokkar

Það er óhætt að segja að Valur hafi á að skipa nokkrum af hæfustu þjálfurum landsins sem hafa náð góðum árangri með yngri flokkana. Meira en 100 iðkendum eru í yngri flokkunum og er mikill áhugi og kraftur hjá öllum iðkendum. Bergur Már Emilsson, Birgir Mikaelsson og Sævaldur Bjarnason þjálfu áfram hjá okkur í vetur en Ágúst Jensson hefur söðlað um og er nú að þjálfu hjá Fjölni. Við þökkum Ágústi fyrir frábært starf undanfarin ár í deildinni og vonumst eftir að fá að njóta krafta hans fljótlega aftur. Auk þess hefur Signý Hermannsdóttir tekið sér frí frá þjálfun í vetur og þökkum við henni fyrir gott starf á síðasta ári.

## Gengi yngri flokka á síðasta tímabili

### 7. flokkur drengja, fæddir 1993

**Þjálfari:** Sævaldur Bjarnason

Byrjuðu í c-riðli og voru mjög vaxandi. Unnu tíu leiki og töpuðu þremur



*Efri röð frá vinstri: Aron Már Ólafsson, Sigurður Pétursson, Knútur Ingólfsson, Júlían Jóhannsson, Friðrik Þórðarson, Hjálmar Hannesson, Sævaldur Bjarnason. Neðri röð frá vinstri: J. Kormákur Arthursson, Jón Ingi Ottósson, Arnar Óli Einarsson, Benedikt Blöndal og Tómas Páll Svanlaugsson.*

í Íslandsmóti og enduðu í öðru sæti í b-riðli, auk þess endaði liðið í öðru sæti í Reykjavíkurmótinu. Liðið samanstendur af mjög góðum fimmtán manna hópi sem æfir mjög vel og leggur sig mikið fram. Sævaldur er áfram með þennan flokk í vetur.

### 8. flokkur drengja, fæddir 1992

**Þjálfari:** Sævaldur Bjarnason

Byrjuðu í c-riðli, komust upp í b-riðil en enduðu í c-riðli. 17 strákar æfðu síðasta vetur og enduðu í öðru sæti í Reykjavíkurmótinu. Það eru margir leikmenn í þessum flokki sem gætu náð langt ef þeir verða duglegir að æfa næstu árin. Birgir Mikaelsson er þjálfari liðsins í vetur.

### 9. flokkur drengja, fæddir 1991

**Þjálfari:** Bergur Már Emilsson

9. flokkur komst í fyrsta skipti upp í a-riðil og stóðu sig vel í hópi þeirra bestu. Tveir sigurleikir á fyrsta móti og einn sigurleikur á öðru móti í a-riðli er árangur sem vel er

hægt að una við og hafa drengirnir farið vaxandi með hverju árinu. Hópurinn var stór og fengu allir að spreyta sig í leikjum og má segja að allir hafi bætt við sig í reynslubankann.

Bergur er áfram með þennan flokk í vetur.

### 10. flokkur drengja, fæddir 1990

**Þjálfari:** Bergur Már Emilsson

10. flokkur var heldur faliðaður og voru margir drengir úr 9. flokki sem spiluðu upp fyrir sig í þessum flokki. Í fyrsta móti voru drengirnir hársbreidd frá því að tryggja sér sæti í a-riðli. Meiðsli og forföll urðu til þess að flokkurinn náði sér ekki á strik eftir áramót.







Bergur er áfram með þennan flokk í vetur.

9. og 10. flokkur fóru í lok tímabils í frábæra keppnisferð til Gautaborgar þar sem drengirnir kepptu á móti liðum alls staðar að frá Norðurlöndunum og enduðu síðan ferðina eins og Íslendingum sæmir á fjögurra stjörnu hóteli með tærnar upp í loft síðustu dagana.

Þess má geta að drengirnir voru síðasta íslenska liðið til að spila við Kanann upp á velli og var sú ferð ekki til fjár þar sem bandarísku klapptýrurnar tóku litlu drengina á taugum.

#### 11. flokkur drengja, fæddir 1989

**Þjálfari:** Ágúst Jensson

Strákarnir í 11. flokki stóðu sig frábærliga og urðu bikarmeistarar eftir sigur á

Njarðvík í úrslitaleik en Njarðvík hafði ekki tapað leik í þessum árgangi í mörg ár. Liðið endaði í öðru sæti í Íslandsmótinu og urðu Reykjavíkarmeistarar.

Sævaldur Bjarnason er þjálfari liðsins í vetur.

#### Drengjaflokkur, fæddir 1988

**Þjálfari:** Ágúst Jensson

Öflugur flokkur sem er farinn að æfa og spila með meistaraflokki. Þeir komust í úrslitakeppnina í Íslandsmótinu en féllu út í átta liða úrslitum, auk þess dattu þeir út í átta liða úrslitum í bikarkeppninni. Eggert þjálfar þessa stráka í vetur.

#### Unglingaflokkur drengja

**Þjálfari:** Eggert Maríusson

Eftir nokkur ár án unglingaflokks hefur Eggert sett saman lið sem spilaði síðasta vetur. Ekki unnust margir leikir en liðið bætti sig töluvert er leið á veturinn og koma þeir enn þá sterkari til leiks í ár.

#### Minibolti drengja

**Þjálfarar:** Bergur Már Emilsson og Birgir Mikaelsson

Miniboltaflokkar drengja er stór hópur sem náði mjög góðum árangri og sýndi framfarir á síðasta vetri. Bergur og Birgir



þjálfarar halda vel utan um flokkana og halda áfram góðu uppbyggingarstarfi í vetur.

#### Minibolti kvenna

**Þjálfari:** Signý Hermannsdóttir

Í fyrsta skipti í mörg ár var kvennaflokkur starfræktur hjá Val. Signý tók að sér þetta verkefni og náði góðum árangri. Hópurinn var lítill í upphafi en endaði sem sterkur 12 manna hópur.

Kristjana Magnúsdóttir hefur tekið við minibolta kvenna ásamt því að þjálfra 7. flokk kvenna sem hefur verið skráð til leiks fyrir þetta tímabil. Valur verður því með tvo kvennaflokka í vetur og bjóðum við Kristjönu velkomna til starfa og óskum henni góðs gengis í vetur.

#### Valsmenn í landsliðum

Við Valsmenn áttum þrjá landsliðsmenn í ár. Tveir léku með 20 ára landsliði karla sem tók þátt í Evrópukeppninni í körfubolta í Portugal í sumar. Þetta eru annars vegar leikstjórnandi meistaraflokks, Steingrímur Gauti Ingólfsson, sem leikið hefur 15 landsleiki, og hins vegar framherjinn Alexander Dungal, sem leikið hefur 10 landsleiki.

Hörður Helgi Hreiðarsson hefur verið fastamaður í yngri landsliðum Íslands



7. flokkur. Efri röð frá vinstri: Höskuldur Jónsson, Friðrik Þórðarson, Hjálmar Örn Hannesson, Knútur Ingólfsson, Aron Ólafsson, J. Kormákur Arthursson og Sævaldur Bjarnason. Neðri röð frá vinstri: Arnar Óli Einarsson, Óskar Höskuldsson, Eysteinn Eyvindsson, Benedikt Blöndal, Jón Ingi Ottósson og Ísak Andri Arnarsson.

11. flokkur. Efri röð frá vinstri: Ágúst Þorri Tryggvason, Haraldur Valdmarsson, Hjalti Friðriksson, Kjartan Ragnars, Páll Fannar Helgason og Sævaldur Bjarnason. Neðri röð frá vinstri: Baldur Eiríksson, Halldór Margeir Halldórsson, Arnór Sigurgeir Prastarson, Atli Barðason og Bia Mothua.





7. flokkur kvenna. Efri röð frá vinstri: Thelma, Björg og Elsa. Neðri röð: Þórunn og Margrét Ósk.

undanfarin ár og í sumar lék hann í Evrópukeppni yngri landsliða í körfubolta í A-deild keppinnar í Grikklandi. Hörður Helgi er að spila með U-88 landsliði Íslands en það landslið hefur verið mjög sigursælt á undanförunum árum.

Alexander og Hörður eru í skóla á Selfossi og stunda körfuna þar með skólaliði skólans.



Minnibolti. Efri röð frá vinstri: Þorri Arnarsson, Venet Banushi, Logi Fannar Brjásson, Ólafur Bæring Magnússon og Davíð Reynisson. Neðri röð frá vinstri: Kristófer Hrafn Svanhildarson, Hannes Rannversson, Ragnar Jósef Ragnarsson, Sigurður Bessi Arnarsson og Guðjón Georg Matthíasson.

## Uppbygging

Síðasti vetur var nokkuð góður í heildina í körfunni hjá Val. Það reynir mikið á alla sem koma að deildinni að þurfa að æfa á mörgum stöðum en það tókst vel með samstilltu átaki. Það er komin góð festa í deildina og leiðin liggur upp á við. Núna spila allir flokkar félagsins í a-riðli eða að komast í a-riðil, ásamt því að vera með eitt sterkasta meistaraflokkslið í langan tíma. Þennan góða árangur, sem hefur náðst í yngri flokkunum, má rekja til mikils metnaðar og hæfra þjálfara sem hafa lagt mikið á sig til að ná árangri.

Umgjörðin hefur verið bætt til muna og ber hæst að nefna endurnýjun keppnisbúninga allra flokka félagsins. Körfuknattleiksdeildin hefur samið við SportMark sem mun útvega deildinni keppnisbúninga ásamt æfingagöllum og öðrum varningi á góðum kjörum. Við vonumst eftir góðu samstarfi við SportMark í vetur.

Við hvetjum alla til að fylgjast með iðkendum okkar og styðja vel við deildina í vetur.

Gunnar Zoëga formaður  
körfuknattleiksdeildar Vals

# Verðlaun á uppskeruhátíð körfuknattleiksdeildar

## Meistaraflokkur karla

Leikmaður ársins:

Ragnar Niels Steinsson

Mestu framfarir: Valtýr Sigurðarson

## Drengjaflokkur

Leikmaður flokksins: Hjalti Friðriksson

Mestu framfarir:

Haraldur Valdimarsson

Áhugi og ástundun:

Ólafur Þór Stefánsson

## 11. flokkur

Leikmaður flokksins:

Páll Fannar Helgason

Mestu framfarir: Arnór Þrastarson

Áhugi og ástundun:

Kristinn Rúnar Kristinsson

## 10. flokkur

Leikmaður flokksins: Atli Barðarson

Mestu framfarir:

Sigurður Arnar Hreiðarsson

Áhugi og ástundun: Páll Ólafsson

## 9. flokkur

Leikmaður flokksins:

Örn Arnar Karlsson

Mestu framfarir:

Þorbergur Ingvi Kristjánsson

Áhugi og ástundun:

Egill Orri Ómarsson

## 8. flokkur

Leikmaður flokksins:

Rúrik Andri Þorfinnsson

Mestu framfarir:

Róbert Orri Pétursson

Áhugi og ástundun:

Alexander Örn Jóhannsson

## 7. flokkur

Leikmaður flokksins:

Friðrik Þórðarson

Mestu framfarir: Knútur Ingólfsson og

Ísak Andri Arnarsson

Besta mæting: Benedikt Blöndal

## Minnibolti drengja

Leikmaður flokksins: Edison Banushi

Mestu framfarir: Wei Quan og

Óskar Magnússon

Áhugi og ástundun: Edison Banushi

## Stúlknaflokkur

Mestu framfarir: Björg Ingólfssdóttir

Áhugi og ástundun:

Margrét Einarsdóttir

## Valsari ársins

Pia Mothua var útnefndur Valsari ársins, en sá heiðurstíll er veittur þeim leikmanni sem skarast hefur fram úr í félagsstörfum fyrir deildina.

## Einarsbikarinn

Verðlaun, sem veitt eru til minningar um Einar Örn Birgis, voru gefin í sjötta sinn. Verðlaunin eru veitt þeim leikmanni í yngri flokkum félagsins sem valinn er efnilegastur. Í ár hlaut Haraldur Valdimarsson Einarsbikarinn.



# Uppskeruhátíð körfuknattsleiksdeildar 2006



9. og 10. flokkur. Þorbergur Ingvi Kristjánsson, Sigurður Arnar Hreiðarsson, Egill Orri Ómarsson, Örn Arnar Karlsson, Páll Ólafsson og Atli Barðason.



7. flokkur. Ísak Andri Arnarsson, Knútur Ingólfsson, Friðrik Þórðarson, Benedikt Blöndal og Sævaldur Bjarnason þjálfari.



8. flokkur. Alexander Örn Jóhannsson, Róbert Orri Pétursson, Rúrik Andri Þorfinnsson og Sævaldur Bjarnason þjálfari.



Meistaraflokkur karla. Ragnar Niels Steinsson, Valtýr Sigurðarson og Sævaldur Bjarnason aðstoðarþjálfari.



Minnibolti drengja- og stúlknaflökkur. Signý Hermannsdóttir þjálfari, Margrét Einarsdóttir, Björg Ingólfssdóttir, Edison Banushi, Óskar Magnússon og Birgir Mikaelsson þjálfari.



Drengjaflokkur og 11. flokkur. Arnór Sigurgeir Þrastarson, Haraldur Valdimarsson, Hjalti Friðriksson, Páll Fannar Helgason og Kristinn Rúnar Kristinsson.



Ágúst Jensson þjálfari, Haraldur Valdimarsson, Einarsbikarinn, Bía Mothua, Valsari ársins og Sævaldur Bjarnason þjálfari.



# Snyrtipinni



Við hjá Málningarvörum-Gísla Jónssyni ehf erum flutt úr Kletthálsi 13 í **Lágmúla 9**. Fyrirtækið heitir nú eingöngu **Málningarvörur ehf**. Sem fyrr einbeitum við okkur að því að veita sprautu- og réttingarverkstæðum landsins framúrskarandi efni og þjónustu. Sömuleiðis sinnum við betri bónstöðvum með bestu bón og bílahreinsivörum frá **Concept og Meguiar's**

Vertu velkominn að kíkja við ef þér er sérlega annst um bílinn þinn og vilt aðeins það besta eins og til dæmis þennan rykbursta frá Meguiar's. Vertu sannur snyrtipinni í umferðinni!



# Ungir og efnilegir Valsmenn í Kaupmannahöfn í sumar

## Körfuboltamenn í skemmtilegri æfingaferð



Neðsta röð frá vinstri: Kjartan Ragnars, Hjalti Friðriksson, Páll Fannar Helgason, Arnór Þrastarson, Stefán Nikulásson (ligger), Dzamal Licina, Haraldur Valdimarsson, Steingrímur Gauti Ingólfsson. Fyrir miðju frá vinstri: Gústaf Hrafn Gústafsson, Magnús Björgvin Guðmundsson, Hafsteinn Rannversson, Valtýr Sigurðarson, Kolbeinn Soffíuson. Efsti röð frá vinstri: Sævaldur Bjarnason, Sigvaldi Eggertsson (bakvið) og Eggert Mariúson.

Það voru gláðir Valsarar sem héldu til Kaupmannahafnar í ágúst síðastliðnum. Allir voru búnir að æfa vel og mikið allt sumarið, bæði sjálfir og að lyfta hjá Orra einkaþjálfara og átti þessi ferð að vera hápunktur sumarsins fyrir okkur strákana. Nokkrir af yngri leikmönnum liðsins voru eins og þeljur sem var verið að hleypa út að vori, svo mikill var spenninurinn. Í ferðina fóru aðallega yngri leikmenn meistaraflokks með nokkrum undantekningum, en eldri og „æðri“ leikmenn fengu að slappa af heima á meðan.

Grínið byrjaði í raun um leið og við komum í Leifsstöð. Af einhverjum ástæðum voru kílómetra langar raðir við öll innritunarborðin þegar undirritaður mætti í flugstöðina ásamt fríðu föruneyti. Eggert, Sæbi og nokkrir aðrir strákar voru komnir í miðja röðina og sáum við hinir ekkert því til fyrirstöðu að ryðjast fram fyrir tugi manns til að vera hjá þeim. Þetta skapaði okkur ekki miklar vinsældir. Þegar allir voru búnir að skrá sig í flug áttaði ónefndur aðili sig á að hann hafði gleymt sér í spenninum að vera loksins kominn eitthvað án mömmu og pabba og gleymt veskinu sínu og miðanum heim niðri í innskráningu. Sem betur fer hafði einn af reynd-

ari leikmönnum liðsins séð dótið hans og tekið það með.

Stuttu síðar vorum við lentir í Kaupmannahöfn. Sumir voru teknir í gegn strax fyrsta kvöldið á reynsluleysinu og látnir borga þrefalt í leigubíl. Við gistum á flottu farfuglaheimili á Íslandsbryggju, þar sem var stutt á Strikið og ekki langt í íþróttahúsið í strætó. Fyrsta kvöldið var ekki mikið gert, strákarnir fóru hver í sína átt að fá sér að borða, en svo var farið inn að sofa.

Daginn eftir var vakið klukkan korter fyrir átta og átta menn að vera tilbúnir í lobbýinu klukkan 8:00. Það átti þó eftir að reynast erfitt næstu daga og voru nokkrir einstaklingar í liðinu einstaklega duglegir við að láta bíða eftir sér. Förið var heitið í íþróttahöllina á Amager, sem er heimavöllur eins besta liðs Danmerkur, en með þeim spila einmitt bæði Jesper Sørensen og Grétar Örn Guðmundsson, sem áður voru leikmenn KR. Þangað vorum við komnir rétt fyrir níu og tókum vel á því þennan fyrsta dag. Í Amagerhallen tók á móti okkur mjög viðkunnaður maður sem hét Klaus og lét okkur fá lykla og sagði okkur

að láta eins og heima hjá okkur. Seinna um daginn spiluðum við okkar fyrsta leik, við dönsku meistarana í SISU. Ekki er frá miklu að segja, nema að við vorum algerlega í hlutverki fórnarlamba og sáum ekki sólina fyrir en að við gengum út úr íþróttahöllinni aftur. Þeir voru með líkamlega yfirburði og leikreynslu, en við gengum út reynslunni ríkari. Um kvöldið fór hver í sína átt, en allir áttu að vera komnir inn klukkan 23:00 annars yrði hlaupið fyrir hvern leikmann og hverja mínútu sem sá kæmi seint. Enn sýndi reynsluleysið sig hjá yngri leikmönnum þar sem fjórir þeirra komu tveimur mínútum of seint. Það þýddi náttúrulega ekkert annað en átta stykki „suicide“ sem við greiddum morguninn eftir.

Næsti dagur var svipaður deginum á undan – vakið í kringum átta og við vorum mættir í Amagerhallen rétt fyrir níu. Sæbi þjálfari ákvað að vera sniðugur og gleyma lykklunum að boltakörfunni í húsinu, þannig að það eina sem hægt var að gera var að taka þrekæfingu. Við tókum vel á því til hádegis og fengum frjálstan tíma fram á seinni partinn, en







Sævaldur Bjarnason aðstoðarþjálfari meistaraflokks.

Þá tók við annar leikur, nú við Amager. Við vorum greinilega ekki sáttir við tapið daginn áður og það sást vel. Allt annað lið mætti til leiks og áttu heimamenn í Amager í stökustu vandræðum með okkur lengi vel. Þegar líða tók á leikinn fórum við samt að finna meira fyrir hæð-

armuninum og líkamlegum yfirburðum andstæðinganna og náðu þeir að knýja fram sigur að lokum. Engu að síður góð frammistaða hjá okkar mönnum og greinilegt að menn höfðu betra hugarfar. Leikurinn var búinn frekar seint þannig að menn fóru beint heim. Daginn eftir var svo æfing og leikur eins og hina dagana. Við spiludum við 1. deildarliðið Falcon og sigruðum þá eftir mikla baráttu. Það varð síðasti leikurinn okkar og morguninn eftir var síðasta æfingin. Þá voru farin að sjást þreytumerki á mönnum og undir lok þessara þriggja tíma æfingar munaði litlu að færi að sjóða upp úr hjá nokkrum okkar. Eftir hádegisdag var okkur gefið frí og fóru sumir í Tívolí, aðrir að versla og nokkrir okkar böðuðu sig í sólinni í Kongens Have sem margir þekkja einnig sem Rosenborgargarðinn.

Þessi ferð gerði okkur Valsmönnum mjög gott. Bæði eflði hún liðsandann og margir tóku mjög miklum framförum.



Við erum með ungt lið og það er klárt mál að með réttu hugarfari og góðum æfingum er ekki langt í að Valsmenn eigi lið í fremstu röð hér á Íslandi. Þeir sem fóru í ferðina voru Eggert og Sæbi þjálfarar, Sigvaldi sonur Eggerts, Valtýr, Kolbeinn, Hafsteinn, Magnús, Hjalti, Haraldur, Páll Fannar, Arnór, Kjartan, Gústaf, Dzemal, Stefán og Steingrímur.

Steingrímur Gauti Ingólfsson,  
Leikmaður unglingsaflokks  
og meistaraflokks



## Matsölustaður við öll tækifæri

Kringlukráin er lifandi veitingahús og þar er áhersla lögð á notalegt umhverfi, faglega þjónustu og góðan mat. Matseðillinn okkar er í senn einstakur og fjölbreyttur. Á honum eru vandaðir réttir við allra hæfi sem framreiddir eru úr besta fánlega hráefni hverju sinni. Girnileg salöt, bökur, pastaréttir, fiskiréttir og safaríkar steikur, ásamt ekta ítölskum pizzum, hamborgurum, samlokum og fl. Einnig höfum við upp á að bjóða gott úrval léttvína.

**Tilboðsmatseðill fyrir leikhúsgesti**  
**Hóпамatseðill • Sér salur fyrir hópa**  
**Fjölbreyttur sérréttamatseðill**  
**Lifandi tónlist föstudags- og laugardagskvöld**  
**með bestu hljómsveitum landsins.**



[www.kringlukrain.is](http://www.kringlukrain.is)

**Borðapantanir í síma 568-0878**



# Football Festival og óopinbert Evrópumót U17 liða í Danmörku

## Eftirminnileg keppnisferð 3. flokks kvenna til Danmerkur



*Efsta röð frá vinstri: Kjartan Orri Sigurðsson (liðsstjóri), Hildur Ósk Sigurðardóttir, Dagný Brynjarsdóttir, Margrét Magnúsdóttir, Kristrún Emilía Kristjánsdóttir, Lára Ósk Eggertsdóttir, Lilja Gunnarsdóttir, Bergþóra Baldursdóttir, Anna María Guðmundsdóttir, Bergdís Bjarnadóttir, Lovísa Ósk Ragnarsdóttir, Guðlaug Rut Þórsdóttir, Anna Sóley Birgisdóttir, Björn Sigurbjörnsson (þjálfari). Miðröð frá vinstri: Þórdís Stella Erlingsdóttir, Helena Rós Sturludóttir, María Rós Arngrímsdóttir, Andrea Ýr Gústavsdóttir, Bergþóra Gná Hannesdóttir, Hlíf Hauksdóttir, Thelma Björk Einarsdóttir. Neðsta röð frá vinstri: Anna Margrét Þrastardóttir, Þorgerður Elva Magnúsdóttir, Sólrún Dögg Sigurðardóttir, Bryndís Lára Hrafnkelsdóttir, Mjöll Einarsdóttir, Ingibjörg Magnúsdóttir, Aníta Lís Svansdóttir, Kristín Ásgeirsdóttir, Erla Gunnarsdóttir. Á myndina vantar Báru Kristbjörgu Rúnarsdóttur.*

Veturinn 2005 bauðst Val að taka þátt í óopinberri Evrópukeppni U17 liða kvenna í Aarhus í Danmörku. Fyrst var ákveðið að þetta yrði 3. flokks ferð og að tvö lið yrðu send. Annað þeirra myndi taka þátt í Evrópumótinu og hitt í svokölluðu Football-Festival. Það kom fljótlega í ljós að flokkinn vantaði liðstyrk svo að bæði liðin gætu tekið þátt í mótinu. Því var ákveðið að yngsta ár 2. flokks myndi slást með í för.

### Frábært sólarolíuveður

Snemma morguns hinn 22. júlí lagði mjög spenntur hópur Valsstelpna af stað til Danmerkur. Um leið og komið var út af flugvellinum var mikill hiti og sólskin og því var sólarolían strax tekin upp og var mikið spriklað í gosbrunnunum. Svo var haldið af stað með lestinni til Aarhus. Þegar komið var þangað komum við okkur fyrir og ekki var það mjög auðvelt enda voru svokallaðar „dramadrottningar“ þar á ferð. Næsti dagur var tekinn rólega og bærinn skoðaður, sérstaklega



búðirnar. Morguninn eftir komust við loks að versla eftir langþráða bið og ekki var lítið verslað þann dag.

### Erfiðir leikir

25. júlí byrjaði loks mótið. Það byrjaði því miður ekki nógu vel og bæði liðin töpuðu fyrstu leikjunum sínum þrátt fyrir mikla baráttu og erfiðar aðstæður. Við áttum í erfiðleikum með að venjast miklum hita og því kældum við okkur niður með mikilli vatnsdrykkju. En hitinn var ekkert svo slæmur þrátt fyrir allt því við lágum mikið í sólbaði milli leikja og hvenær sem tími gafst til.



### Finn árangur

A-liðs stelpurnar gerðu svo markalaust jafntefli í seinni leik þeirra í riðlinum og spiluðu því um 8.-12. sæti. Liðið endaði í 12. sæti sem er samt góður árangur því öll liðin í mótinu voru mjög sterk. B-liðið keppti um 3. sætið en tapaði honum á gullmarki og endaði því í 4. sæti.

### Liðsandinn eflur

Þessi ferð snerist ekki bara um að spila fótbolta heldur gerðum við margt skemmtilegt saman til þess að efla liðsandann. Eins og venjan er í keppnisferðum fórum við í Tívolí og skemmtum okkur vel. Svo var farið á leik Aarhus og FC Barcelona. Við vöktum mikla athygli fjölmiðla vegna mikils stuðnings við Eið Smára. Mikið var sungið og stemningin í hámarki enda var þetta fyrsti leikur Eiðs Smára fyrir Barcelona.

Tveimur síðustu dögum var eytt í Kaupmannahöfn. Þar var farið í Tívolílið enda er ekki hægt að sleppa því þegar komið er til Kaupmannahafnar. Áður en farið var á flugvöllinn tæmdum við veskin okkar þegar við versluðum mjög mikið eins og við má búast af 20 stelpum.

Ferðin heim gekk vel og í heild sinni var hún frábær. Ótrúlegt var hvernig fararstjórnarnir, Sibba og Lára, og þjálfararnir, Bjöss og Orri, komust heil heim eftir að hafa eytt 10 dögum með 20 stelpum á hámarki gelgjunnar.

*Bergdís Bjarnadóttir og Ingibjörg Magnúsdóttir í 3. flokki*

# Vil leggja meiri áherslu á körfuna hjá Val

## Haraldur Valdimarsson leikur körfubolta með drengjaflokki

**Fæðingardagur og ár:** 3. mars 1989.

**Nám:** Er á viðskipta- og hagfræðibraut í FG.

**Kærasta:** Nei, ekki eins og er.

**Einhver í sigtinu:** Njaa tjaaa.

**Hvað ætlar þú að verða:** Draumurinn er náttúrulega að verða atvinnumaður í körfubolta.

**Frægur Valsari í fjölskyldunni:** Það eru allir úr Breiðabliki eða Stjörnunni í minni fjölskyldu.

**Hvernig hafa foreldrar þínir stutt þig í körfuboltanum:** Pabbi er fótboltagarpur en hann kemur á nokkra leiki og styður mig.

**Hver er besti íþróttamaðurinn í fjölskyldunni:** Tjaa... Pabbi var frekar fljótur að hlaupa held ég.

**Hvað gætir þú aldrei hugsað þér að verða:** Ökukennari.

**Stjörnuþá þín fyrir næsta**

**ár:** Betri einkunn-

ir og vonandi fleiri mínútur í meistara-flokki.

**Af hverju körfubolti:**

Ég ætlaði nú bara að

mæta á eina æfingu í 8. flokki til þess að fá afslátt á Harlem Globetrotters en svo var þetta svo gaman að maður hélt áfram.

**Af hverju Valur:** Því strákarnir voru þar. **Eftirminnilegast úr boltanum:** Bikarmeistarar í 11. flokki í fyrra.

**Hvernig gekk á síðasta tímabili:** Í 11. flokki unnum við Reykjavíkurmótið, bikarinn og 2. sætið á Íslandsmótinu.

**Ein setning um þetta tímabil:** Sigur.

**Besti stuðningsmaðurinn:** Angela held ég bara.

**Koma titlar í hús í vetur:** Auðvitað.

**Skemmtilegustu mistök:** Mistök eru yfirleitt aldrei skemmtileg en maður getur hlegið að þeim seinna. Ætli það sé ekki bara þegar ég klikkaði tvisvar úr troðslum í vetur.

**Mesta prakkarastrik:** Úúúfff þegar ég var í Austurbæjarskóla þá vorum við strákarnir býsna slæmir.

**Fyndnasta atvik:** Kjartan Ragnars. á þó nokkuð mörg.

**Hvað hlægir þig í sturtu:** Hjalti er oft fyndinn í sturtu með sinn fróðleik.

**Athyglisverðasti leikmaður í meistara-flokki:** Hjalti Frikk.

**Hver á ljótasta bílinn:** Baldur Eiríks. í drengjaflokki.

**Hvað lýsir þínum húmor best:** Aula-húmor.

**Fleygstu orð:** „Getur þú gert þetta homminn þinn?“

**Mottó:** „Maður lærir af reynslunni, allt annað eru bara upplýsingar“.

**Við hvaða aðstæður líður þér best:** Þegar gott fólk er í kringum mig.

**Hvaða setningu notarðu oftast:** „Ertu ekki að grínast?“

**Skemmtilegustu gallarnir:** Gallar eru ekkert skemmtilegir, ætli það sé ekki liðleiki minn sem ég mun bæta núna bráðlega.

**Hvað er það fallestasta sem hefur verið sagt við þig:** „Þú munt ná langt í lífinu Haraldur.“

**Fullkomið laugardagskvöld:** Það er mismunandi en bara hangsa með góðum vinum er alltaf best.

**Hvaða flík þykir þér vænst um:** Hjarta-nærbuxunar mínar.

**Besti körfuboltamaður sögunnar á Íslandi:** Ágúst Jens. og Jón Arnór.

**Besti körfuboltamaður heims:** Jordan þegar hann var upp á sitt besta, UT's og LeBron James.

**Fyrirmynd þín í körfubolta:** LeBron James, Dirk, Michael Jordan og Ágúst Jens.

**Besti söngvari:** Erfitt að gera upp á milli. 2Pac, Ívar Schram, Mos Def og Common.

**Besta hljómsveit:** Red Hot ChiliPeppers og Original Melody.

**Besta bíómynd:** Gladiator.

**Besta bók:** Allar Íslendingasögurnar.

**Besta lag:** Love Is með Common.

**Uppáhaldsvefsíðan:** [blog.central.is/uts](http://blog.central.is/uts).

**Uppáhaldsfélag í enska boltanum:** Leeds.

**Ef þú yrðir að vera einhver annar:** Veit ekki, kannski einhver viðbjóðslega ríkur.

**Fjögur orð um núverandi þjálfara:** Þeir eru tveir. Sæbi: Skipulagður, sigurvegari, ákveðinn og hvetjandi. Eggert: Legend, kempa, sigurvegari og ágætis náungi.

**Ef þú værir alvaldur í Val hvað myndir þú gera:** Leggja meiri áherslu á körfuna í Val, fótboltinn og handboltinn eru í algjörum lúxus hvað varðar fatnað og búnað.

**Nokkur orð um nýju aðstöðuna á Hlíðarenda:** Ætli þetta nýja hús verði ekki bara aðalmálið.

**Bloggsíðan:** [www.blog.central.is/uts](http://www.blog.central.is/uts) - nokkrir strákar úr drengjaflokki.



# www.valur.is



# Blómlegt starf hjá Valskórnum

Það voru fagrir tónar sem bárust frá Friðrikskapelli þegar fulltrúi Valsblaðsins tók hús á Valskórnum nú í nóvember. Ekkert minna en Halelújakórinn úr Messíasi eftir Händel. Valskórinn var að æfa fyrir árlegt adventukvöld í Friðrikskapelli, sem ávallt er hátíðleg stund, þar sem andi stofnandans Friðriks Friðrikssonar svífur yfir.

Starfsemi Valskórsins hefur verið í miklum blóma síðastliðið ár. Virkir meðlimir kórsins eru um tuttugu og sjö og kórstjóri er Bára Grímsdóttir tónskáld. Kórnum hefur haldist vel á stjórnendum því Bára er einungis sá þriðji frá stofnun kórsins frá 1992. Það var Gylfi Gunnarsson tónlistarmaður og skólastjóri sem leiddi kórinn fyrstu árin en síðan tók Guðjón Steinar Þorláksson við og stjórnaði kórnum til haustsins 2004. Guðjón vann það þarfa verk að útsetja Valslagið fyrir blandaðan kór enda er lagið sungið á hverjum tónleikum Valskórsins.

Kórinn æfir að jafnað í einu sinni í viku en er nær dregur tónleikum er æfingum fjölgað því metnaður kórfélaga er mikill. Kórinn hélt sína árlegu vortónleika í lok maí en strax eftir sumarfrí var farið að huga að næsta verkefni sem voru sameiginlegir tónleikar Valskórsins og Skálholtskórsins. Í lok október var svo skundað austur í Biskupstungur og haldnir tónleikar í Aratungu sem tókust vel. Fjölmargir áheyrendur fögnuðu söng kóranna. Þótti mörgum sem kórnir hefðu mátt syngja fleiri lög. Valskórinn kom svo fyrir á árinu fram í nýrri kirkju að Sólheimum í Grímsnesi að tilstuðlan Péturs Sveinbjarnarsonar fyrrverandi formanns félagsins og söng svo á hátíðarsamkomu 11. maí á 95 ára afmæli félagsins.

Létt var yfir kórfélögum er Valsblaðið heimsótti kórinn á æfingu því þar er maður manns gaman og sungið af lífi og sál. Kórinn er því kærkominn vettvangur

fyrir alla söngglæða Valsmenn sérstaklega þá sem ekki eru lengur á sínu léttasta skeiði í framvarðasveit keppnisliða félagsins. Margir félagar kórsins tengjast Val með einhverjum hætti. Þeim sem fyllt hafa raðir Valsmanna frá æsku finnst afskaplega skemmtilegt að eiga erindi að Hlíðarenda að minnsta kosti einu sinni í viku. Það minnir svolítið á gömlu dagana þegar Hlíðarendi var miðpunktur heimsins.

Ekki er vitað til þess að önnur íþróttafélög skarti blönduðum kór innan sinna vébanda svo segja má að starfsemi Valskórsins sé á ýmsan hátt merkileg. Það er því óskandi að Valskórinn nái að dafna og eflast enn frekar á næstu árum og Valsmenn flykkist á tónleika kórsins.

**Áfram Valur, fleiri mörk!**

*Jón Guðmundsson*

*Valskórinn eftir tónleika í Aratungu í október 2006. Aftari röð: Stefán Halldórsson, Sigurður Guðjónsson, Halldór Einarsson, Guðni Harðarson, Jón Guðmundsson, Guðmundur Frímansson, Þórarinn Valgeirsson, Sveinn Valgeirsson og Úlfar Mátsson. Fremri röð: Þorbjörg Sóley Ingadóttir, Jóhanna Gunnþórsdóttir, Guðbjörg B. Petersen, Hrafnhildur Ingólfsdóttir, Ingveldur Jónsdóttir, Guðlaug Skúladóttir, Anna Sigríður Jóhannsdóttir, Þuríður Ottesen, Karitas Halldórsdóttir, Lilja Jónasdóttir, Helga Skúladóttir, Helga Birkisdóttir, Elsa B. Ásmundsdóttir, Björk Steingrimsdóttir og Bára Grímsdóttir stjórnanði.*



# 101 er getraunanúmer Vals

## Miklir óvirkjaðir tekjumöguleikar

Á hverjum laugardegi frá kl. 11.00-13.30 er opinn svokallaður húspottur í Valsheimilinu. Um leið er einstakt tækifæri fyrir Valsmenn að fylgjast reglulega með byggingarframkvæmdum að Hlíðarenda sem standa nú yfir og sjá nýja Valsheimilið taka á sig endanlega mynd. Getraunanefnd félagsins hefur umsjón með þessu skemmtilega félagsstarfi. Þangað mæta ýmsir Valsarar vikulega til að tippa, þ.e. freista gæfunnar í getraunum. Getraunanefndin hvetur Valsmenn að mæta a Hlíðarenda á laugardögum og freista gæfunnar, en hægt er að taka þátt í enska boltanum eða þeim ítalska. Enski boltinn er alltaf vinsælastur.

Allir stuðningsmenn Vals sem kaupa sér getraunaseðil, hvort heldur í Valsheimilinu eða annars staðar, eru hvattir til að merkja seðilinn með 101

sem er getraunanúmer Vals, en félagið fær umtalsverðar tekjur árlega af getraunum. Samkvæmt upplýsingum frá getraunum eru Valsmenn yfirleitt með um 3% af öllum seldum seðlum. Fyrir áratug var Valur langtekjuhæsta félagið með um 11% af allri sölu. Það er athyglisvert að Bridgesambandið er með mun hærri tekjur af getraunum en Valur, um 6% af öllum seldum seðlum, en sambandið rekur mikinn áróður fyrir getraunanúmeri félagsins. Valsblaðið hvetur alla Valsmenn að muna eftir getrauna-

númerinu, 101 og taka þátt í húspotti félagsins á laugardögum.



## Meistaraflokkar karla og kvenna í handknattleik 2006-2007





# Við þurfum að hugsa vel um yngri flokkana

**Ágúst Jóhannsson er metnaðarfullur og hæfur þjálfari sem hefur starfað um árabil fyrir handknattleiksdeild Vals**



Í faðmi fjölskyldunnar, Sigríður Unnur Jónsdóttir og Ágúst Jóhannsson ásamt dætrum sínum, Ásdísi Þóru og Lilju.

Ágúst Jóhannsson er okkur Valsmönnum að góðu kunnur en hann hefur starfað fyrir félagið með hléum frá árinu 1999, meðal annars sem aðstoðarþjálfari meistaraflokks karla, yfirþjálfari en lengst af sem þjálfari meistaraflokks kvenna.

Ágúst gerði stelpurnar að bikarmeisturum árið 2000, sællar minningar, auk þess sem liðið varð Deildarbikarmeistari síðastliðið vor undir hans stjórn, en hann tók aftur við liðinu fyrir síðasta tímabil. Ritnefndin ákvað að hafa samband við Ágúst og forvitnast um þennan hæfa

þjálfara og spjalla við hann um handbolta en ekki síður kynnast manningum á bak við þjálfarann. Gæti verið að ljúfur leynist fjölskyldumaður á bak við þann sem lætur mikið í sér heyra á hliðarlínunni?

**Fæðingardagur, fæðingarár og fjölskylduhagir?** „Ég fæddist 19. febrúar 1977 og er kvæntur Sigríði Unni Jónsdóttur og við eigum tvær yndislegar dætur, Ásdísi Þóru fjögurra ára og Lilju tveggja ára.“

**Sem uppallinn KR-ingur, hvað fékk þig til þess að ganga til liðs við Val?** „Það var nú erfitt á sínum tíma. Óskar Bjarni

var búinn að reyna fá mig í Val í nokkur ár. Svo bauðst mér að þjálfast meistaraflokk kvenna og ég sló til. Algjört bíó þegar við félagarnir settumst niður og hann var að semja við mig fyrir hönd Vals. Ég sé alls ekki eftir því enda hefur mér alltaf liðið vel hjá félaginu.“

**Fólk þekkir ágætlega afrek þín sem þjálfari, en hvað með leikmannsferilinn?** „Ég tók snemma ákvörðun um að ég ætlaði mér að verða þjálfari og byrjaði mjög ungur að þjálfast. Mér fannst alltaf mjög spennandi að vera þjálfari. Sem leikmaður lék ég tvö tímabil í efstu deild og féll bæði árin. Eftir að ég féll í seinna skiptið ákvað ég að segja þetta gott.“

**Við hvað starfarðu utan þess að þjálfast?** „Ég starfa sem sölustjóri hjá Kerfi.“

**Hvernig myndirðu lýsa sambandi þínu og aðstoðarþjálfara meistaraflokks kvenna, Karls Guðna Erlingssonar?** „Samband okkar er frábært. Við tölum saman 2-3 sinnum á dag og er hann ekki síður aðalþjálfari en ég. Fyrir okkur skiptir ekki máli hvor er hvað, heldur höfum við skýra verkaskiptingu. Þá skiptingu höfum við aldrei rætt, heldur þekkjum við hvor annan það vel að við vitum nákvæmlega hvar styrkleikar okkar liggja. Samstarfið er mjög gott og er Kalli einn sá allra færasti sem ég hef starfað með. Það er gaman að segja frá því að fyrir 20 árum var Jóhann Ingi þjálfari KR liðsins í handbolta og Kalli var þá aðstoðarmaður hans. Það má segja að þar hafi samstarf okkar Kalla hafist en þá var ég einmitt vatnsberi, 9 ára gamall.“

**Ertu duglegur að hjálpa til við heimilisverkin?** „Úff, já ætli ég standi mig ekki bara þokkalega. Annars sér frúin aðallega um þetta og stendur sig alveg þrýðilega. Því sé ég ekki alveg ástæðu til að breyta þessari verkaskiptingu. Veit samt ekki hvort hún sé endilega sammála mér í því.“

**Margir Valsmenn þekkja Sigríði Unni, konu þína, og vita því að þú ert vel giftur. Hverja telurðu helstu kosti Sigríðar og hvernig kynntust þið?**

„Úff ... hún er skipulagðasta manneskja sem ég hef kynnt, sem er mjög gott en stundum tóm vesen fyrir mig. Hún hefur marga kosti og t.a.m. enn að þola þetta handboltavesen á manni allan sólarhringinn. Það er sennilega ekkert grín. Ég kynntist henni í Valsheimilinu fyrir u.þ.b. 7 árum og það má segja að upphafið hafi verið ákveðið bíó útaf fyrir sig. Segi ekki meir.“

**Myndir þú segja að þú værir fjölskyldumaður?** „Já, engin spurning. Ég er mjög vel giftur og á yndisleg börn. Þó að ég sé oft upptekinn vegna vinnu og handboltans þá finnst mér lífið bjóða upp á svo margt annað og vil verja sem flestum stundum með fjölskyldunni. Lífið snýst um að fjölskyldulífið gangi vel og börnunum líði vel og í lífi mínu er fjölskyldan í fyrsta sæti.“

**Margir muna eftir þér í miklum ham á hliðarlínunni þegar þú stjórnar liði þínu. Af hverju lifirðu þig svona mikið inn í handbolta?** „Mér finnst ég alltaf vera sallarólegur. En það er bara þannig að ég er mikill keppnismaður og lifi mig mikið inn í leikinn. Svona er ég bara og það breytist sennilega aldrei. Svo fylgir þessum bolta mikið stress en það er svo sem eðli starfsins. Ég veit ekki um neinn þjálfara sem er ekki stressaður fyrir og í leik.“

**Hversu mörg símtöl hringir þú á dag?**

„Símtölin hafa aldrei verið talin.“

**Nú hefur þú þjálfað lengi hjá Val og kynnst ýmsu. Hvernig líst þér á framtíð handboltans í Val?** „Nokkuð vel. Við erum með góða meistaraflokka bæði karla- og kvennamegin. Bæði liðin eru á góðum aldri og mikil framtíð í þeim. Hins vegar þurfum við að hugsa vel um yngri flokkana. Aðstaðan er að verða frábær og ég er bjartsýnn á framtíðina.“

**Hvernig finnst þér staðið að málum hjá handknattleiksdeild Vals?** „Mjög vel. Hef ekki út á margt að setja og vona að starfið haldi áfram að vera jafn gott og það er núna og verði enn betra á næsta tímabili í nýju og glæsilegu húsi. Stjórn deildarinnar og félagsins á hrós skilið að mínu mati.“

**Hver myndir þú segja að væri þín stærsta stund sem þjálfari?** „Bikarinn 1999-2000, úrslitakeppnin hjá körlunum 2002-2003 og síðan var tímabilið í fyrri mikil upplifun. Náðum mjög langt í



*Þjálfarar meistaraflokks kvenna Karl Guðni Erlingsson aðstoðarþjálfari og Ágúst Jóhannsson.*

öllum mótum og frábært að spila í undanúrslitum Evrópukeppninnar.“

**Í framhaldi af því, hverja telurðu stærstu stund þína í lífinu?** „Giftinguna og fæðingar dætra minna. Ótrúlegar stundir sem ég gleymi aldrei. Þær voru gleðilegri og erfiðari en nokkur handboltaleikur.“

**Átt þú þér einhverjar fyrirmyndir í boltanum?** „Geir Sveinsson. Frábær þjálfari, það er algjör synd að hann sé ekki að þjálfá núna. Ótrúlega sterkur persónuleiki sem ég vona innilega að eigi eftir að snúa sér aftur að þjálfun.“

**Nú er komin pása hjá stelpunum og þær eru í toppbaráttu. Megum við eiga von á því að liðið nái í titil á yfirstandandi tímabili líkt og síðastliðið vor?** „Markmið mitt er að ná góðum árangri með liðið í vetur líkt og í fyrra. Miðað við stöðu liðsins núna er ekki óeðlilegt að stefna á titil í vetur. Svo svarið er já.“

**Að lokum: Ertu með einhver góð ráð fyrir unga og upprennandi leikmenn hjá Val?** „Nokkrir málshættir hafa lengi

loðað við íþróttir; *æfingin skapar meistararn* og *þeir hæfustu lifa af*. Þetta eru góð ráð sem mér finnst að allir geti og ættu að tileinka sér, hvort sem það er í íþróttum eða öðru. Hins vegar kemur enginn til með að ná árangri án þess að hafa trú á sjálfum sér. Allir ættu að muna það.“

Ágústi er þakkað fyrir gott spjall. Ákváðum var að fá fleiri álit á Ágústi en frá honum sjálfum. Óskar Bjarni Óskarsson þjálfari meistaraflokks karla og Karl Guðni Erlingsson aðstoðarþjálfari meistaraflokks kvenna hafa báðir þekkt Ágúst lengi og starfað mikið með honum. Þeir höfðu þetta að segja:

### **Óskar Bjarni Óskarsson um Ágúst**

„Ágúst Jóhannsson er mjög hæfur þjálfari og veit mikið um handbolta. Ég tel hann vera góðan á flestum sviðum greinarnar, þ.e varðandi sókn, vörn og að hann getur kennt leikmönnum og gert



þá betri. Ágúst er skipulagður, kröfuharður og hefur mikinn metnað í því sem hann tekur sér fyrir hendur. Öll umgjörð í kringum liðin hans eru alltaf fyrsta flokk og hann gerir einnig kröfur á fólkið sem vinnur í kringum hann, ekki bara leikmenn, og er það mjög jákvæður kostur. Það er aldrei logn í kringum drenginn og hann er mikill húmoristi og hreinlega mjög fyndinn.

Ágúst er að mínu mati einn af betri þjálfurum sem við eigum á Íslandi nú um stundir og hefur sannað það í gegnum árin. Það var mikið lán fyrir okkur að fá þennan dreng í félagið og við megum alls ekki missa hann,“ segir Óskar Bjarni Óskarsson.

### Karl Guðni Erlingsson um Ágúst

„Ágúst er stundvís, heiðarlegur og nákvæmur, gríðarlega metnaðarfullur sem skýrir um leið allan þennan dugnað og áhuga sem hann hefur. Ágúst er fyrst og fremst frábær þjálfari og fer sífelld fram, enda er hann sjálfsgagnrýnn, sem er lykilatriði. Hann er ákaflega meðvitadur um kosti sína og galla. Ég get nefnt sem dæmi að Ágúst hefur tekið miklum framförum sem varnarþjálfari sem var kannski hans veika hlið áður. Hann les leikinn ákaflega vel og er mjög næmur á hvenær þarf að breyta einhverju. Hans galli hefur kannski helst verið sá að vera ragur við að reyna eitthvað nýtt, pínulít-



*Þjálfari meistaraflokks karla Óskar Bjarni Óskarsson.*

ið íhaldsamur. En það hefur breyst mikið í samstarfi við mig enda kannski ekki annað hægt.

Samstarf okkar hefur gengið ákaflega vel og held ég að við vegum hvor annan upp á frábæran hátt. Hann hefur verið duglegur að nýta sér mína þekkingu á handbolta og er ekkert nema gott um það að segja. En það getur líka reynt á að vinna með honum þegar hann er gjörsamlega búinn að sjúga úr manni alla orku og farinn að verða þreytandi og leiðinlegur. En það gengur alltaf fljótt yfir. Einn stærsti kosturinn við samstarfið er að við getum alltaf rætt málin. Þó að einhverjar bombur komi og ég þurfi stundum að taka hann í gegn eins og hann segir sjálf-

ur, berum við einfaldlega of mikla virðingu hvor fyrir öðrum og erum of góðir vinir til að vera í fýlu. Það er um leið einn stærsti kostur Ágústs að mínu mati og öfunda ég hann hreinlega fyrir það,



*Aðstoðarþjálfari meistaraflokks kvenna Karl Guðni Erlingsson.*

hversu hreinskiptinn hann er við fólk. Á gott með að ganga á fólk og ræða málin. Einnig hefur hann húmor fyrir sjálfum sér og er það ákaflega skemmtilegur eiginleiki í fari fólks finnst mér.

Sem sagt ákaflega hæfileikaríkur, skemmtilegur og traustur náungi og vinur vina sinna. Til mannkosta Ágústs skal einnig telja hversu stór og góð sál hann er – má ekkert aumt sjá,“ segir Karl Guðni Erlingsson.

## Flugeldasala Vals að Hlíðarenda!

Að þessu sinni standa allar deildir Vals að flugeldasölu og verður hagnaðurinn notaður til endurnýjunnar á tækjum í tækjasal félagsins, sem mun nýtast öllum iðkendum Vals.

### Flugeldasalan er opin frá:

29. desember frá kl. 14.00–22.00

30. desember frá kl. 14.00–22.00

31. desember frá kl. 09.00–16.00

Valsmenn verslum áramótflugeldana á Hlíðarenda og gerum þannig gott starf en betra.



**Valsmenn**

# bestu óskir

um gleðileg jól og farsælt nýtt ár

Landsbanki Íslands  
Smith&Norland  
Frjálsi fjárfestingarbankinn  
VISA  
Sýn  
Bláa Lónið  
Bræðurnir Ormsson ehf.  
Hópbílar  
Pumabúðin  
Markhús

Egils  
Hagkaup  
Gísli Jónsson ehf  
Leonard  
American Style  
Kringlukráin  
Guðni Á. Haraldsson hrl.  
Friðjón Örn Friðjónsson hrl.  
Viðar Elísson, endurskoðandi

PRICEWATERHOUSECOOPERS



**F**  
**FRJÁLSI**  
FJÁRFESTINGARBANKINN



Næringardrykkurinn frá Herbalife,  
hugsanlega hollasta íþróttanæringin.  
Engar transfitusýrur, ekkert kólesteról,  
ekkert hveiti og enginn hvítur sykur.  
Halldóra Ósk og Einar Örn  
[www.heilsufrettir.is/newlife](http://www.heilsufrettir.is/newlife)  
newlife@simnet.is

STAFNA **Á** MILLI ehf  
byggina verktaði

VERKFRÆÐISTOFAN  
VATNASKIL

**Stefán Hilmarsson**

**Jón Höskuldsson hdl.**

**HENSON**



# Stjörnurnar verða skærari með hverju árinu sem líður

## Rakel Logadóttir leikur knattspyrnu með meistaraflokki kvenna

**Fæðingardagur og ár?** 22. mars 1981.  
**Nám?** Íþróttakennaraháskólinn á Laugarvatni.  
**Kærasti?** Enginn.  
**Hvað ætlar þú að verða?** Íþróttfræðingur og spekingur mikill um fótbolta.  
**Frægur Valsari í fjölskyldunni?** ÉG.  
**Hvernig hafa foreldrar þínir stutt þig í fótboltanum?** Andlega og fjárhagslega. Svo hafa þau verið mjög örlát á að lána mér bílinn til að fara á æfingar.  
**Hver er besti íþróttamaðurinn í fjölskyldunni?** ÉG.  
**Hvað gætir þú aldrei hugsað þér að verða?** Svona skrifstofublók.  
**Stjörnuspa þín fyrir næsta ár?** Stjörnurnar verða skærari með hverju árinu sem líður.  
**Af hverju fótbolti?** Skemmtileg íþrótt sem gaman er að pæla í.  
**Af hverju Valur?** Af því að ég vildi ekki fara í KR þegar ég var yngri og átti heima í Vesturbænum.  
**Eftirminnilegast úr boltanum?** Allt árið 2006...klappa fyrir því!!...strappon sprettimír og sérstaklega þarna æfingin á Leiknisvöllinum.  
**Eftirminnilegt úr þjálfaraferlinum hjá þér?** Allar æfingar hjá 8. flokki eru eftirminnilegar.  
**Hvernig gekk á síðasta tímabili?** FRÁ-BÆRLEGA.  
**Ein setning eftir tímabilið?** „Girls, put the rubber on“, (sem sagt teygjurnar).  
**Besti stuðningsmaðurinn?** STUÐ-ARARNIR og hún SUNNA klárlega. Takk fyrir.  
**Koma titlar í hús næsta sumar?** Það kemur í ljós...  
**Möguleikar kvennalandsliðsins að komast í lokakeppni stórmóts?** Meiri en fólk gerir sér grein fyrir.  
**Skemmtilegustu mistök?** Að spila handbolta einn vetur, þá var hann Óskar Bjarni nokkur að þjálfra og ég held að ég hafi gefið Óskari aðra vídd á þessa íþrótt. Tókst til dæmis að þróa nýjan skotstíl í anda körfuboltans og svo tókst mér að láta eina stelpu flækjast í hárinu á mér svo að það þurfti að stöðva leikinn.

**Mesta prakkarastrik?** Þegar ég, Laufey Ólafsdóttir og Erna Erlends. fórum og settum klósettappír og svona spólu filmu yfir allan bíllinn hjá þjálfaranum okkar sem þá var Óli. Hann varð víst mjög seinn í vinnuna daginn eftir og ekki beinlínis glaður.  
**Fyndnasta atvik?** Þegar Rut fékk krampa í Evrópukeppninni og gat ekki gengið. Þá var henni sagt að fara af leikvelli og skreið hún þá með miklum erfiðismunum af vellinum en þá kom hinn dómari og sagði henni að hún mætti ekki fara af vellinum og þá skreið hún aftur inn á völlinn.  
**Stærsta stundin?** Að vinna bikarinn í ár og vera í liði ársins.  
**Hvað hlægir þig í sturtu?** Brúskurinn undir höndunum á Hallberu.  
**Athylgisverðasti leikmaður í meistaraflokki?** Þetta er klárlega á milli Kötú, Hallberu og Guðnýjar. Held, eftir miklar vangaveltur, að Guðný fái þennan titil og er hún vel að honum komin.  
**Hver á ljótasta bílinn?** Guðný...held ég, annars eigum við allar flotta bíla.  
**Hvað lýsir þínum húmor best?** Ég hlæ alltaf mest af sjálfri mér.  
**Flygustu orð?** „If you can't beat it, eat it.“  
**Mottó?** Að vera bara ég sjálf.  
**Fyrirmynd í boltanum?** Ætli það sé ekki bara hún Margrét Lára, þótt hún sé mikið yngri en ég.  
**Leyndasti draumur?** Að spila úti með erlendu liði.  
**Við hvaða aðstæður líður þér best?** Þegar ég skora.  
**Hvaða setningu notarðu oftast?** Hey Díva.  
**Skemmtilegustu gallarnir?** Get verið mjög fljótfær, stundum hugsar ég ekki

áður en ég tala.

**Hvað er það fallegasta sem hefur verið sagt við þig?** Flottar beljur (er þá að vísa til kálfanna minna sem þykja frekar massaðir og stórir).  
**Fullkomið laugardagskvöld?** Tjill í góðra vina hópi.  
**Hvaða flík þykir þér vænst um?** PUMA peysuna mína.  
**Besti fótboltamaður**  
**maður sög-**



**unnar á Íslandi?** Margrét Lára Viðarsdóttir og Margrét Ólafsdóttir í kvennaboltanum og Eiður Smári í karlaboltanum.  
**Besti fótboltamaður heims?** Ronaldinho.  
**Besti söngvari?** Að mínu mati er það Jackson.  
**Besta hljómsveit?** The house band í Rockstar.  
**Besta bíómynd?** V for Vendetta.  
**Besta lag?** Irish.  
**Uppáhaldsvefsíðan?** www.valurwoman.blogspot.com  
**Uppáhaldsfélag í enska boltanum?** Manchester United.  
**Nokkur orð um núverandi þjálfara?** BESTI ÞJÁLFARI Í HEIMI.  
**Ef þú værir alvaldur í Val hvað myndir þú gera?** Láta þrifa Valsheimilið hátt og lágt og setja meiri peninga í yngri flokkana.  
**Nokkur orð um nýju aðstöðuna á Hlíðarenda?** Frábær. Þetta er klárlega með betri aðstöðum landsins og það verður gaman að vera bæði þjálfari og leikmaður hérna þegar þetta er tilbúið.

# Knattspyrnskóli Vals 2006

Knattspyrnskóli Vals var starfræktur í sumar eins og undanfarin ár. Þrátt fyrir erfðar aðstæður að Hlíðarenda var tekin ákvörðun um að halda fjögur tveggja vikna námskeið og var þátttakan mun betri en búist var við. Þjálfarar í skólanum voru Pálmi Rafn Pálmason, Margrét Lára Viðarsdóttir og Guðný Óðinsdóttir, leikmenn meistaraflokka félagsins, og fengu þau mikið lof frá foreldrum þeirra barna sem sóttu námskeiðin.

Knattspyrnskólinn mun halda áfram starfsemi sinni næsta sumar og verður aðstaðan þá töluvert betri í nýrri félagsaðstöðu Vals að Hlíðarenda.



*Elísabet Gunnarsdóttir*

*Ungir og efnilegir knattspyrnumenn í 5. flokki Vals. Efri röð frá vinstri: Jón Hilmar Karlsson, Úlfur Snær Guðmundsson, Ágúst Halldór Eliásson, Guðmundur Tómasson, Alexander Örn Júlíusson, Óskar Magnússon. Neðri röð frá vinstri: Dagur Sindrason, Haukur Ásberg Hilmarsson, Eyþór Logi Þorsteinsson, Fjöltnir Daði Georgsson, Guðmundur Már Þórsson, Jóhann Helgi Gunnarsson.*

## ALARK arkitektar ehf. þakka Valismönnum fyrir samstarfið við byggingarframkvæmdir að Hlíðarenda



**ALARK**

arkitektar ehf.



# Ég er alinn upp við það að **hafa fyrir hlutunum**

## **Freyr Alexandersson gerði 4. flokk kvenna að Íslandsmeisturum á síðasta tímabili og er mjög metnaðarfullur yngri flokka þjálfari**

Freyr Alexandersson segir að galdurinn að baki frábærum árangri 4. flokks kvenna á síðasta tímabili liggja sennilega í því að þessar stelpur hafi flestar mjög góðan grunn í fótbolta enda gengið í gegnum góða yngri flokka þjálfun. Hann segir að margar af þessum stelpum hafi líka verið lengi saman og það hjálpi mikið til. Stelpurnar séu einnig metnaðarfullar og tilbúnar að gera allt sem fyrir þær er lagt og það geri starf þjálfarans mun skemmtilegra en ella. „Það var virkilega skemmtilegt að landa Íslandsmeistaratitlinum í sumar en það var miklu skemmtilegra og meira gefandi að horfa á stelpurnar fagna þessum áfanga og sjá gleðina í augum þeirra að leikslokum, það er eitthvað sem ég gleymi seint,“ segir Freyr af einlægni.

### **Alinn upp í Breiðholti**

Freyr Alexandersson er alinn upp í Breiðholti og hefur búið þar alla sína ævi fyrir utan eitt ár í Kaupmannahöfn. „Það er gott að búa í Breiðholti og þar eignaðist ég mína nánustu vini og kærustu. Ég er alinn upp við það að þurfa að hafa fyrir hlutunum og það var passað upp á það að maður fengi ekkert upp í hendurnar og það hefur skilað sér í íþróttirnar hjá mér og ég hef alltaf krafist þess af sjálfum mér og þeim sem ég hef þjálfað að þeir leggi sig hundrad prósent fram.“

### **Alltaf leikið með Leikni**

„Ég byrjaði seint að æfa knattspyrnu. Ég hætti svo í knattspyrnu þegar ég átti að ganga upp í 5. fl. en þá tók körfuboltinn öll völd og ég æfði hann af miklum krafti og þótti nokkuð frambærilegur. Það var svo þegar ég var að klára 8. bekk að Leiknir lagði niður körfuboltadeildina og ég hafði ekki mikinn áhuga á að spila annars staðar og Magnús Einarsson læri-



*Freyr Alexandersson á Stjörnuvelli ásamt aðstoðarþjálfurum Signýju Heiðu Guðnadóttur og Leu Sif Valsdóttur.*

meistari minn plataði mig á æfingu í 3. fl. á yngra ári. Ég hef svo alla tíð spilað með Leikni fyrir utan eitt ár í Danmörku þar sem ég lék í dönsku 3. deildinni. Ég hef leikið í kringum 110 meistara-flokksleiki með Leikni og var með þeim Íslandsmeistari í 2. deild 2005 og spila með þeim núna í 1. deildinni.“

### **Skemmtilegt atvik með Leikni**

Þegar Freyr er spurður um skemmtilegt atvik úr eigin íþróttaiðkun minnst hans strax atviks úr leik Leiknis og Njarðvíkur í 2. deild 2005. „Við vorum að spila hörkuleik við lið Njarðvíkur og með sigri áttum við sigurinn í deildinni vísan. Haukur Gunnarsson fyrirliði Leiknis og mikill snillingur tók hornspyrnu og skoraði á eitthvern óskiljanlegan hátt beint úr henni og allt ætlaði um koll að keyra á gettó grand heimavelli Leiknis. Haukur gerði sér lítið fyrir og fór upp á áhorfendapalla til þess að finna konuna sína og smellti á hana rembingskossi með hálf

liðið á eftir sér sem áttaði sig ekki á því að dómari hafði flautað aukaspyrnu en ekki dæmt mark og Njarðvík kom með allt sitt lið á siglingu upp völlinn gegn fimm leikmönnum okkar, mér þótti þetta ekki mjög myndi á þessu augnabliki en við hlæjum af þessu í dag enda skemmtileg minning,“ segir Freyr kíminn.

### **Fyrirmyndir í íþróttum**

„Mínar helstu fyrirmyndir eru íþróttamenn sem eiga það allir sameiginlegt að leggja sig ávallt 100% fram og skila því sem þeir eiga til liðsins. Michael Jordan, einn mesti íþróttamaður allra tíma, Jamie



*Freyr í leik með Leiknismönnum.*

Carragher og meistari Steven Gerrard eru mínar helstu fyrirmyndir,“ segir Freyr ákveðinn.

## Þjálfaraferill hófst á heimavelli hjá Leikni

Freyr segir að þjálfaraferillinn hafi byrjað þegar Leiknir byrjaði aftur með kvennabolta í yngri flokkum. „Ég byrjaði með 4. flokk kvenna hjá Leikni, tók síðan 5. flokk en á þessum tíma var ég einnig með knattspyrnuskóla Leiknis á sumrin ásamt tveimur öðrum þjálfurum. Síðasta árið mitt hjá Leikni var ég með virkilega efnilegan 5. flokk sem var búinn að mótast vel og ná miklum framförum, það endaði með því þær urðu Reykjavíkumeistarar þar sem þær unnu einmitt Valsstelpurnar sem ég er með í dag á markatölu og þar rétt á eftir kom lið Fram en Bjössi, núverandi þjálfari 3. flokks kvenna hjá Val var með Fram á þessum tíma. Tíminn hjá Leikni var mjög skemmtilegur og hóparnir sem ég var að vinna með virkilega fjörugir.“

## Frábært ár hjá 4. flokki Vals

Freyr segir að í fyrra hafi sér boðist að gerast þjálfari hjá 4. flokki kvenna hjá Val og hann segir að síðasta tímabil hafi verið virkilega gott hjá flokknum, en nýlega skrifaði hann undir þriggja ára samning um áframhaldandi þjálfun hjá Val. „Þessi hópur sem ég fékk í hendur er hreint út sagt magnaður og það hefur verið frábært að vinna með þeim. Þessar stelpur eru ólmar í að bæta sig og ætla sér að ná langt og ég er hér til þess að hjálpa þeim til þess. Flokkurinn vann öll mót sem hann tók þátt í og tapaði einungis einum leik á öllu árinu og það segir allt sem segja þar um efniviðinn sem er í flokknum, en það þýðir samt ekki að þessar stelpur séu með áskrift að því að þær verði góðir leikmenn í framtíðinni. Það er mitt verk að halda þeim á jörðinni og gera þeim grein fyrir að þetta kostar vinnu og vilja til þess að bæta sig á hverri æfingu og næsta tímabil verður virkilega spennandi,“ segir Freyr ákveðið.

## Hvað einkennir góðan barna- og unglingsþjálfara í íþróttum?

Freyr segir erfitt að svara þessari spurningu og í raun er ekkert eitt rétt svar til. „Það er mikilvægt að þjálfarinn sé metn-



Íslandsmeistarar 4. flokks kvenna 2006. A-lið. Eftir röð frá vinstri: Freyr Alexandersson, Bryndís Bjarnadóttir, Telma Ólafsdóttir, Alexía Imsland, Kolbrún Sara Másdóttir, Helga Birna Jónsdóttir, Guðrún Elín Jóhannsdóttir, Sigurlaug Guðrún Jóhannsdóttir, Sæunn Sif Heiðarsdóttir, Birna Kolbrún Birgisdóttir, Heiða Dröfn Antonsdóttir, Björn Sigurbjörnsson. Nedri röð frá vinstri: Jenný Harðardóttir, Katrín Gylfadóttir, Fiona Gaxholli, Krístrún Heiða Jónsdóttir, Kristín Lovísa Lárusdóttir, Gerður Guðnadóttir, Svana Rún Hermannsdóttir. Liggjandi: Valgerður Bjarnadóttir og Elín Þóra Elíasdóttir.



Íslandsmeistarar 4. flokks kvenna 2006 B-lið. Eftir röð frá vinstri: Freyr Alexandersson, Hugrún Jónsdóttir, Birna Kolbrún Birgisdóttir, Kristín Lovísa Lárusdóttir, Jenný Harðardóttir, Valgerður Bjarnadóttir, Helga Birna Jónsdóttir, Sunna Mjöll Sverrisdóttir, Gerður Guðnadóttir, Ingibjörg Helga Gísladóttir, Kristbjörg Sigurðardóttir, Inga Rán Reynisdóttir, Anna Karen Kolbeins, Thelma Haraldsdóttir, Krístrún Heiða Jónsdóttir, Hekla Dögg Sveinbjörnsdóttir, Elva Björk Haraldsdóttir, Þórhildur Einarsdóttir, Elín Metta Jensen, Hansína Rut Gunnarsdóttir, Auður Elísabet Helgadóttir.

aðarfullur og tilbúinn að leggja það á sig til þess að ná eins miklu út úr iðkendunum og hann getur. Þjálfari barna og unglinga þarf að vera karakter sem nær til þeirra og þau bera virðingu fyrir og trú á,“ segir Freyr eftir nokkra umhugsun.

## Mikilvægi foreldrastarfs

Freyr telur gildi foreldrastarfs ómetanlegt fyrir íþróttafélög og börnin sjálf og með öflugu foreldrastarfi opnast nýjar dyr fyrir þjálfara til þess að gera hlutina betur og einbeita sér að þjálfuninni. „Ég mæli með því að foreldrar styðji ávallt liðið í gegnum súrt og sætt, vera jákvæðir og góðar fyrirmyndir. Eitt sem á aldrei að heyrast

frá foreldrum í yngri flokkum eru blótsyrði og væl í garð dómara og andstæðinga. Í stuðningi við starfið er mikilvægt að vera eins virkur og mögulegt er. Það er mjög mismunandi hversu miklum tíma foreldrar eru tilbúnir til að verja í starfið, en ég get sagt það frá mínum sjónarhóli að ég get met hverja mínútu sem foreldrar gefa af sér í foreldrastörfum mjög mikils,“ segir Freyr ákveðið.

## Með metnað og vilja að vopni

Að mati Freys eiga iðkendur að sýna metnað og vilja á æfingum og í keppni. „Það er ekkert meira pirrandi fyrir þjálfara en að horfa á efnilegan iðkanda sóa



hæfileikum sínum með leti og metnaðarleysi. Gott er að setja sér krefjandi langtíma- og skammtíamarkmið og þess valdandi að iðkandi leggi sig 100% fram í því sem hann tekur sér fyrir hendur. Það er gríðarlega mikill munur á þeim iðkendum sem mæta með það að leiðarljósi að bæta sig og þeim sem mæta fyrir einhvern annan en sjálfan sig. Einnig tel ég þann tíma sem iðkendur nota fyrir utan æfingar mjög dýrmætan og þeir sem nota tímann sinn til þess að æfa og leika sér í íþróttum skara alltaf fram úr og hafa ákveðið forskot“ segir Freyr og talar greinilega af reynslu.

### Mikið fovarnargildi íþróttar

Freyr telur íþróttir vera sterkustu forvörn sem hægt sé að finna. „Það er alveg klárt að með því að vera í íþróttum eru börn og unglingar í heilbrigðu umhverfi með gott aðhald sem krefst þess að einstaklingur sé í góðu líkamlegu og andlegu jafnvægi. Ég er sannfærður um að íþróttir hafa ómetanlegt gildi í forvarnarstarfi,“ segir Freyr og leggur mikla áherslu á orð sín.



*Freyr hefur leikið rúmlega 100 leiki með meistaraflokki Leiknis.*

### Mikilvægar fyrirmyndir í meistaraflokkum


„Það skiptir miklu máli að börnin sjái meistaraflokksleikmenn og líti á þá sem fyrirmyndir. Með því að virkja tengsl milli meistaraflokka og þeirra yngri er verið að efla félagsmanninn í barninu. Það skiptir máli að félagið ali upp alvöru félagsmenn sem hugsa um félagið sitt með hlýju og vilja til þess að leika með því í gegnum súrt og sætt. Það þarf að virkja félagsandann miklu meira, til að mynda með því að fá meistaraflokkana á einstaka leiki eða æfingar yngri flokkana. Það er ýmislegt hægt að gera til að búa til góðan félagsmann og það þarf félagið virkilega að hugsa um núna á meðan það er í raun heimilislaust,“ segir Freyr sannfærandi.



*Freyr hvetur stelpurnar í 4. flokki til dáða.*

### Uppbyggingin á Hlíðarenda

„Mér líst rosalega vel á uppbygginguna á Hlíðarenda. Þetta verður náttúrulega fánalega flott og spennandi tímar framundan, það er ekki leiðinlegt að vera ungur og efnilegur Valsari og sjá allt það sem er að gerast. Völlurinn býður upp á mikla og góða heimaleikjagryfju með tilheyrandi stemningu. Ég vona bara að völlurinn verði eins nálægt stúkunni og mögulegt er því það gefur leiknum aukið gildi þegar áhorfendur eru nálægt vellinum. Svo kemur einnig þessi yfirbyggð gervigrasvöllur sem er ekkert nema snilld. En þangað til er það bara þolinmæði og tillitssemi sem



ræður ríkjum hjá iðkendum, foreldrum og þjálfurum,“ segir Freyr yfirvegaður og hugsi að lokum.

# Það þarf að hafa áhuga og vilja til að ná langt í þróttum

## Lilja Gunnarsdóttir leikur knattspyrnu með 2. flokki og hlaut Friðriksbikarinn 2006

Lilja er 16 ára og hefur æft fótbolta í átta ár. Hún fór fyrst á nokkrar æfingar hjá Breiðabliki og HK en fannst það ekki gaman. Pabbi hennar fór þá með hana á æfingu hjá Val og þar fannst henni strax rosalega gaman.

**– Hvaða hvatningu og stuðning hefur þú fengið frá foreldrum þínum í sambandi við fótboltann?**

Þau eru dugleg að mæta á leikina og hvetja mig áfram. Þau keyra mig líka oft á æfingar úr Kópavoginum. Ég heyrði frá einhverjum að stuðningur foreldra geti ráðið úrslitum og ég er sammála því.

**– Hvernig gekk ykkur í sumar?**

Við fórum til Danmerkur á mjög sterkt mót og gekk okkur ekki mjög vel á mótinu sjálfu en á tímum skemmtum við okkur vel og það var aðalatriðið. Hópurinn er mjög samheldinn og sterkur.

**– Segðu frá skemmtilegum atvikum úr boltanum.**

Pegar við vorum í Danmörku síðasta sumar keyptu sumar stelpurnar svo mikið að þær þurftu að henda fötum sem þær voru nýbúnar að kaupa. Sumar keyptu líka níu pör af skóm.

**– Áttu þér fyrirmyndir í fótboltanum?**

Já, Daniel Agger er í miklu uppáhaldi hjá mér.

**– Hvað þarf til að ná langt í fótbolta eða íþróttum almennt?**

Það þarf að hafa áhuga og vilja til að ná langt í íþróttum. Ég þarf að vera ákveðnari í leikjum.

**– Hvers vegna fótbolti?**

Pabbi minn sendi mig á fótboltaæfingu af því að hann æfði þegar hann var yngri. Ég æfði frjálsum íþróttir í u.þ.b. 6 ár.

**– Hverjir eru þínir framtíðardraumar í fótbolta og lífinu almennt?**

Ég ætla að reyna að komast til útlanda í nám á knattspyrnuustyrk. Í framtíðinni stefni ég á nám í læknisfræði.

**– Hvaða þýðing hefur það fyrir þig að hafa fengið**

**Friðriksbikarinn í haust?**

Það er frábært af því að þessi verðlaun eru jafnmikilvæg og önnur. Verðlaunin komu mér mjög á óvart, ég bjóst ekki við þessu.

**– Hver stofnaði Val og hvenær?**

Séra Friðrik Friðriksson árið 1911.

**– Áttu þér lífsmottó eða lífsspeki?**

„The problem with the gene pool is that there is no life-guard.“



## Úr íþróttanámskrá Knattspyrnufélagsins Vals

**Unglingar: Eftirfarandi markmið skulu höfð að leiðarljósi:**

- að auka færni iðkenda í íþróttagrein
- að dýpka skilning iðkenda á nauðsynlegu skipulagi og sjálfsga
- að efla þrek með alhliða líkamspjálfun
- að efla félagslegan þroska iðkenda á æfingum og í keppni
- að stuðla að forvörnum gegn vímuefnanotkun
- að stuðla að því að fjöldi iðkenda í aldursflokkum haldist sem mestur
- að undirbúa iðkendur fyrir keppnis- og afreksþjálfun
- að hver deild sjái um frekari stefnu og markmiðasetningu með viðkomandi aldurshóp





## Jóhann Eyjólfsson

fæddur 19. maí 1919 – dáinn 3. janúar 2006

### Kveðja frá Knattspyrnufélaginu Val

Við Valsmenn sjáum á bak góðum og traustum félagsmanni og vini til fjölda ára, þegar við kveðjum Jóhann Eyjólfsson í dag í hinsta sinn. Jóhann hafði alla tíð mikinn áhuga á íþróttum og byrjaði ungur að iðka knattspyrnu og fimleika. Hann varð fljótlega að gera upp við sig, hvora greinina hann ætti að velja og varð knattspyrnan fyrir valinu.

Hann gekk ungur í Val og lék með yngri flokkum félagsins og í meistaraflokki í mörg ár. Hann varð meðal annars fimm sinnum Íslandsmeistari með Val. Jóhann var kantmaður, eins og það var kallað í þá daga. Hann var fljótur og teknískur knattspyrnumaður, sem lék mótherja sína oft grátt.

Jóhann varð formaður Knattspyrnufélagsins Vals á þeim tímamótum, þegar félagið varð 40 ára árið 1951, og hafði hann forgöngu um mikil hátíðarhöld í því sambandi, meðal annars með kappleikjum og veglegu afmælishófi sem haldið var í gamla Sjálfstæðishúsinu við Austurvöll.

Enda þótt Jóhann gerðist unnandi golfíþróttarinnar eftir störf sín sem formaður Vals og yrði einn af fremstu kyflingum landsins um árabil, var hann ávallt sannur Valsmaður og fylgdist vel með gengi félagsins. Hann átti sæti í fulltrúaráði Vals til æviloka.

Um nokkurra ára skeið hafa eldri Valsmenn komið saman einu sinni í mánuði í kaffi, þar sem rætt hefur verið

um gamla og nýja tíma í Val. Jóhann var einn af þessum köppum, þótt hann ætti erfitt um gang vegna veikinda hin síðari ár. Jóhann var léttur í lund, hnyttinn í svörum, glaðvær í vinahópi og ávallt var stutt í brosið.

Við Valsmenn þökkum Jóhanni samfylgdina og farsælt starf fyrir Knattspyrnufélagið Val í gegnum árin og vottum eftirlifandi eiginkonu hans og fjölskyldu innilega samúð allra Valsmanna.

*Grímur Sæmundsen, formaður  
Knattspyrnufélagsins Vals*



## Marólína Arnheiður Magnúsdóttir

fædd 24. júlí 1942 – dáin 6. nóvember 2006

Elsku Malla, þú ert farin frá okkur alltof snemma. Eftir sitjum við vinir þínir úr Val og söknum þín.

Það eru nú orðin um 50 ár síðan við hófum handboltaæfingar hjá Val. Þær voru margar góðu stundirnar sem við áttum, annaðhvort við handboltaæfingar eða skíðaferðir í skíðaskála Vals. Við sem eftir sitjum minnumst keppnisferðanna

sem við fórum í t.d. til Vestmannaeyja 1958, Færeyja 1959 og Noregs, þetta voru skemmtilegir tímar sem við minnumst alltaf þegar við hittumst. Upp úr þessu myndaðist ákveðinn kjarni sem hefur hist árlega frá því að við hættum íþróttaiðkun. 30. apríl ár hvert höfum við komið saman og rifjað upp gömlu tímuna og skrafað um allt og ekkert. Það hefur

verið erfitt að fylgjast með veikindum þínum en baráttukraftur þinn og þrautseigja þín verður okkur sem eftir sitjum ógleymanleg.

Far þú í friði elsku Malla, einn daginn munum við hittast á ný og taka upp þráðinn frá því sem frá var horfið.

*Vinkonurnar úr meistaraflokki Vals*

**Knattspyrnufélagið Valur** óskar Sigurði Marelssyni til hamingju með 75 ára afmælið þann 5. nóvember sl.

# Ég mun æfa í flottasta íþróttahúsinu á Íslandi í framtíðinni

## Alexander Örn Júlíusson leikur handbolta með 5. flokki

Alexander er 12 ára og hefur æft með Val í fimm ár. Hann valdi Val þar sem foreldrar hans eru miklir Valsarar og hann á heima í Valshverfinu.

### – Hvaða hvatningu og stuðning hefur þú fengið frá foreldrum þínum í sambandi við handboltann?

Mamma mín og pabbi hvetja mig til að stunda íþróttir eða aðrar tólmstundir, annars ræð ég því hvað ég vel mér að gera. Stuðningur frá foreldrum finnst mér mjög góður, mér líður betur að vita af mömmu eða pabba að horfa á leiki og mér finnst mjög gott að foreldrar hafi áhuga á því sem barnið þeirra er að gera.

### – Hvernig gengur ykkur?

Í fyrra gekk okkur frekar illa í 6. flokki, mjög fámennur hópur kannski 5-6 á hverri æfingu en við náðum samt að vinna Reykjavíkurmótið. Við fórum líka á önnur mót meðal annars til Akureyrar og gekk okkur þar frekar illa. Núna í 5. flokki erum við búnir að fara á þrjú mót, við unnum eitt deildarmót og lentum í 2. sæti á Reykjavíkurmótinu en okkur gekk frekar illa á Akureyri.

### – Segðu frá skemmtilegum atvikum úr boltanum.

Það var á Partille Cup í Svíþjóð í sumar, í leik þegar Agnar Smári var að peppa okkur upp og öskraði á íslensku (eðlilega) leit síðan á dómarrann, fékk 2 mínútur. Enginn vissi af hverju...

þá varð Nonni þjálfari arfavitlaus yfir því að Agnar skyldi láta reka sig út af, tók í axlirnar á honum og öskraði: FYRIR HVAÐ FÉKKSTU TVÆR MÍNÚTUR? Agnar sagði: „Ég veit það ekki, ég bara horfði á hann.“ Þá sagði Nonni: „Þér fannst hann þá greinilega bara ljótur.“ Þetta var ógeðslega fyndið. Líka á Partille: Við vorum inn í stofu að taka til, þá fann einn klámblað og Nonni varð ekki ánægður með það, lét okkur sitja í beinni línu með lappirnar beinar og hendur upp í loft, í örugglega 10 mínútur. Ef hendurnar fóru að síga þá lamdi hann okkur með priki. Ekki mjög fast, en þangað til sá sem átti blaðið gaf sig fram. Þetta var mjög fyndið.

### – Fyrirmyndir í handboltanum?

Í Val er það Markús Máni. Þeir íslensku leikmenn sem mér finnst bestir eru Óli Stef. og Guðjón Valur.

### – Hvað þarf til að ná langt í handbolta eða íþróttum almennt?

Það þarf alltaf að leggja sig 100% fram í allar æfingar, borða hollan mat, hvíla sig vel, mæta á aukaæfingar, æfa sig heima og hafa smá metnað og skap. Ég þarf helst að bæta mig í því að senda á línuna.

### – Hvers vegna handbolti?

Ég hef líka æft fótbolta. Handboltinn er mjög mikilvægur, mér finnst gott að æfa og hitta vini mína.

### – Hverjir eru framtíðardraumar þínir í handbolta og lífinu almennt?

Ég stefni á atvinnumennsku, en ef ekkert verður úr því þá ætla ég að verða lögfræðingur.

### – Þekktur Valsari í fjölskyldunni?

Júlíus Jónasson, pabbi minn, er fyrrverandi atvinnumaður í handbolta og Þórður Þorkelsson, fyrrverandi formaður Vals, er skyldur mér.

### – Hvernig líst þér á nýju aðstöðuna sem verður hjá Val í handbolta?

Alveg rosalega vel, ég sé mig æfa í flottasta íþróttahúsinu á Íslandi í framtíðinni.

### – Hver stofnaði Val og hvenær?

Séra Friðrik Friðriks-son, þann 11. maí 1911.

### – Áttu þér lífsmottó eða lífsspeki?

„Guð hjálpar þeim sem hjálpa sér sjálfir.“



Sjaldan fellur eplið langt frá eikinni. Feðgarnir Júlíus Jónasson handboltakempa úr Val og Alexander.



# Alltaf gott að hafa drauma – þeir gætu orðið að veruleika

## Tómas Karl Kjartansson leikur knattspyrnu með 2. flokki

Tómas er sextán ára og hóf feril sinn hjá Valsliðinu á yngra ári í þriðja flokki og er nú á þriðja ári með Val. Eftir að hann fluttist til Reykjavíkur frá Álftanesi valdi hann að ganga til liðs við Val vegna þess að félagið er stórt með merka sögu. „Mér finnst heiður að fá að klæðast Valstreyju og leika fyrir þetta lið. Ég bjó á Álftanesi, sem hét Bessastaðahreppur áður, og byrjaði mjög ungur að spila með UMFÍ sem heitir núna UMFÁ og spilaði með því liði þangað til að ég gekk í Val. Báðir foreldrar mínir sýna íþróttaiðkun minni gífurlegan áhuga. Pabbi mætir á alla leiki og mamma sér um að undirbúa mig, eldar hollan og góðan mat fyrir leiki þegar það á við. Mamma mætir einnig á alla þá leiki sem hún getur. Þetta skiptir mig mjög miklu máli. Hjálpar mér óneitanlega sem knattspyrnumanni.“

### – Hvernig gekk ykkur í sumar?

Okkur gekk ekki nógu vel, hvorki í þriðja flokki né öðrum. Við féllum niður í B-deild í báðum flokkum. En það þýðir bara að við munum bæta okkur í sumar. Við tókum einnig þátt í ýmsum undirbúningsmótum og bikarkeppni KSÍ. Áætlað var að fara í utanlandsferð, en því miður þurfti að hætta við hana. Hún hefði án efa þjappað hópnum vel saman.

Hópurinn í öðrum flokki er mjög sterkur og þjálfarinn góður. Ég býst við miklu af okkur í sumar. Ég held að þessi 2. flokkur sé framtíð Vals.

### – Fyrirmyndir í boltanum?

Ég á mér auðvitað fyrirmyndir í boltanum. Mest af öllum fylgist ég með Rio Ferdinand hjá Manchester United. Mér finnst hann vera leikmaður sem allir miðverðir ættu að reyna að verða. Hann er fljótur, sterkur, teknískur, útsjónarsamur og fyrst og fremst frábær varnarmaður. Ég hrífst af yfirvegun hans inni á vellinum. Finnst hún aðdáunarverð. Ég reyni að horfa á eins mikinn fótbolta og ég get og reyni að læra af sem flestum.

### – Hvað þarf til að ná árangri í íþróttum?

Að ná langt í íþróttum kostar fórnir. Maður þarf að hafa rétt hugarfar og vera tilbúinn að takast á við allan þann mótbyr sem verður á vegi manns. Tímabilið er langt og maður verður að vera tilbúinn að horfast í augu við það.

Maður má ekki tapa sér í gleði eftir hvern einasta sigurveik eða gráta eftir hvert tap. Horfa verður á heildarmyndina. Til þess að ná langt í íþróttum þarf einnig að hugsa vel um líkamann, borða rétt, teygja vel og hvílast nóg.

Það sem ég gæti gert til að bæta mig er til dæmis að huga betur að mataræðinu og borða meira

af grænmeti. Einnig myndi ég vilja bæta hraðann hjá mér og úthald, þó svo að ég sé ekki hægur leikmaður eða í slæmu formi. Það er bara alltaf gott að hafa nægan hraða og úthald.

### – Hvers vegna fótbolti?

Ég stunda einnig körfuknattleik, með fótboltanum. Fótboltinn er þó alltaf númer eitt. Karfan er meira hugsuð sem aukagrein. Í körfuboltanum reynir á aðra vöðva og er þetta annars konar leikur. Mér finnst fínt að nota körfuknattleik til að halda mér við. Fótboltinn er mér afar mikilvægur. Segja má að fótboltinn sé mjög stór partur af lífi mínu.

### – Framtíðardraumar í fótbolta?

Ég stefni fyrst og fremst á að komast að í meistaraflokki Vals í sem nánustu framtíð. Svo vonast maður alltaf eftir því að komast að í atvinnumennsku, hvar svo sem það verður. Draumurinn væri þó alltaf að komast að í ensku úrvalsdeildinni. Alltaf gott að hafa drauma, þeir gætu orðið að veruleika. Samhliða knattspyrnunni stefni ég að því að ljúka við framhaldsskólanámið og svo vonandi læra eitthvað tengt íþróttum í framtíðinni.

### – Einhver þekktur Valsari í fjölskyldunni?

Nei, enginn þekktur Valsari í minni fjölskyldu. Pabbi minn, Kjartan Sigtryggsson, var markvörður Keflavíkur og landsliðs Íslands. Hann spilaði með og á móti mörgum frábærum Valsmönnum.

### – Hvaða þýðingu hefur Friðriksbikarinn fyrir þig?

Ég er auðvitað mjög stoltur af því að hafa fengið Friðriksbikarinn. Ég met nafnbótina mikils.

### – Hver stofnaði Val?

Séra Friðrik Friðriksson stofnaði Val, árið 1911.

### – Lífsspeki?

Ég er sagður vera frekar latur við heimilisstörfin og rólegur í tíðinni. Ætli lífsspeki mín sé því ekki: Ekki gera neitt í dag sem þú getur gert á morgun.



É bland við  
jólaskapid.



Egils



**Gleðileg jól og farsælt komandi ár.**  
Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.



Valsvörumar fást hjá okkkur.

**PUMA**  
**BÚÐIN**

Laugavegur 42 - [www.pumabudin.is](http://www.pumabudin.is)

Sími 551 5599